Afganir leggja samfélaginu lið



Fréttir ➤ 4

Bæta verkferla vegna myglu



Skoðun ➤ 8

SKANNAÐU KÓÐANN
OG SKOÐAÐU ÓTAL FRÁBÆR TILBOÐ ÚR BÆKLINGNUM OKKAR!
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

166. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is MIÐVIKUDAGUR 25. ÁGÚST 2021



Frönsku hjónin Valerie Viel og Francois Dupuis seldu húsið sitt fyrir níu árum og lögðu af stað í ævintýraferð, á bátnum sínum Cybelle 17, sem ætlar engan endi að taka. Þau hafa ferðast um Norðurlöndin og segja frábært að búa í bátnum. Þau lögðu af stað í nýjustu ferðina í júlí og komu hingað frá Írlandi. Ætla þau að hafa vetursetu í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Meirihluti vill meira fé til spítalans

Ný könnun fyrir Fréttablaðið sýnir að meirihluti vill að mun meira fé sé varið til reksturs Landspítalans en nú. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins eru líklegastir til að vilja að fjárveitingar til spítalans haldist óbreyttar.

arib@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Meirihluti landsmanna vill að miklu meira fé verði veitt til reksturs Landspítalans en nú. Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið vilja 57 prósent þeirra sem taka afstöðu að veitt verði miklu meira fé til reksturs Landspítala, 28 prósent vilja að aðeins meira fé verði veitt til rekstursins og 13 prósent vilja að það haldist óbreytt. Tvö prósent vilja veita aðeins minna fé að miklu minna fé til rekstursins.

Konur eru almennt hlynntari auknum fjárveitingum en karlar, 64 prósent kvenna vilja veita miklu meira fé í reksturinn á móti 50 prósentum karla. Lítill sem enginn munur er á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

Fólk með 800 þúsund krónur eða meira í mánaðarlaun er líklegra til að vilja halda fjárveitingum til Landspítalans óbreyttum en fólk með lægri tekjur, um 25 prósent þeirra vilja að fjárveitingar haldist óbreyttar eða lækki. Lítill munur er á afstöðu þegar litið er til menntunar.

Töluverður munur er á afstöðu fólks eftir stjórnmálaskoðunum, meirihluti stuðningsmanna allra flokka vill þó að meira fé verði veitt til rekstursins. Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins skera sig úr að því leyti að 42 prósent þeirra vilja að Landspítalinn fái óbreytt fé, 6 prósent þeirra vilja að fjárveitingar lækki, 20 prósent vilja að miklu meira fé verði varið í reksturinn og 32 prósent að aðeins meira fé verði veitt í reksturinn.

Könnunin var gerð dagana 17. til 23. ágúst í könnunarvagni Prósents, svarhlutfall var 52 prósent og 1.251 tók afstöðu til spurningarinnar. SJÁ SÍÐU 6

**Hversu mikið fé á ríkið að veita Landspítala?**




## Enn óvissa um þéttbýlissvæðin

thorsteinn@frettabladid.is

**FJARSKIPTI** Enn er óljóst hvernig ljúka eigi ljósleiðaravæðingu þéttbýlissvæða. Síminn segir að eftirlitsstofnanir hafi ekki komið fram með neinar tillögur, forstjóri Fjarskiptastofu segir stjórnvöld ekki hafa stigið til jarðar með það hvort um sé að ræða markaðssvæði eða ekki. Ráðherra fjarskiptamála segir nokkrar leiðir standa til boða.

„Hvað varðar þéttbýli úti á landi hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvort það séu markaðslegar forsendur fyrir uppbyggingu,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Fjarskiptastofu. SJÁ MARKAÐINN





Flugumferðarstjórar hafa boðað til verkfalls á þriðjudag.

## Treysta á að aðilar nái saman

lovisa@frettabladid.is

KJARAMÁL Boðað verkfall flugumferðarstjóra frá klukkan fimm til tíu á þriðjudagsmorgun gæti haft mikil áhrif á starfsemi Icelandair.

Ásdís Ýr Pétursdóttir, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að treyst sé á að aðilar nái saman í tæka tíð svo það komi ekki til verkfalls. „Raskanir á flugi á þessum tíma geta haft mikil áhrif á starfsemi Icelandair, þar sem leiðakerfi okkar byggir á því að flugvélar okkar koma snemma morguns frá Bandaríkjunum og fljúga stuttu síðar áfram til Evrópu,“ segir Ásdís.

„Þennan tiltekna morgun eru sjö komur frá Bandaríkjunum á áætlun og 14 brottfarir til Evrópu. Við erum að skoða hvernig við gætum brugðist við ef til þess kæmi og myndum í því tilfelli að sjálfsögðu leggja mikla áherslu á að upplýsa farþega okkar með eins góðum fyrirvara og mögulegt verði einhverjar breytingar á flugáætlun.“ ■

## Tók viðtal við afmælisbarnið



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra brá á leik eftir ríkisstjórnarfund í gær og tók drottningarviðtal við Svandísi Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra sem átti afmæli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Sjóðir og stofnanir sleppa því að skila

benediktboas@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Í ársskýrslu Ríkisendurskoðunar sem birtist í vikunni kemur fram að 52 virkir sjóðir eða stofnanir hafa aldrei staðið skil á ársreikningi til Ríkisendurskoðunar þrátt fyrir árlegar ítrekanir. Kemur fram í skýrslunni að árlega vantar skil frá um 30-40 prósentum sjóða og stofnana á skrá.

Hefur Ríkisendurskoðun margoft bent stjórnvöldum á að virkari lagaúrræði þurfi til að knýja fram skil á ársreikningum þessara aðila án þess að brugðist hafi verið við þeim ábendingum, segir í skýrslunni.

Í skýrslu fyrir skil ársreikninga 2019 kemur fram að í árslok 2020 voru 696 virkar sjálfseignarstofnanir og sjóðir sem falla undir sérstök lög um sjóði og stofnanir. Alls bar þó 705 stofnunum og sjóðum að standa skil á ársreikningi og skýrslu til Ríkisendurskoðunar en á árinu 2020 voru staðfestar sjö nýjar skipulagsskrár og 16 stofnanir eða sjóðir voru lagðir niður.

Af þessum 705 aðilum skiluðu þó aðeins 473 ársreikningi og skýrslu til Ríkisendurskoðunar vegna rekstrarársins 2019. ■



Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi er orðinn þreyttur á aðgerðaleysi stjórnvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK






# Frönsk hjón með vetursetu í skútu í Hafnarfjarðarhöfn

**Hjónin Valerie Viel og Francois Dupuis ætla að búa í skútunni sinni Cybelle 17 í Hafnarfjarðarhöfn í vetur. Þau hafa ferðast um Norðurlöndin síðustu níu ár og eru aftur lögð af stað í ferðalag eftir faraldurinn.**

benediktboas@frettabladid.is



Valerie Viel og Francois Dupuis lögðu af stað í ævintýraferð sína um miðjan júlí. Þau seldu allt sitt fyrir níu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

FERÐALÖG „Okkur finnst skemmtilegt að upplifa nýja hluti. Ég er hættur að vinna og við erum frjáls,“ segir Francois Dupuis sem ætlar að hafa vetursetu í höfninni í Hafnarfirði ásamt konu sinni Valerie Viel.

Francois og Valerie hafa ferðast um Norðurlöndin síðustu níu ár á skútu sinni Cybelle 17. Þau seldu allt sitt hafurtask heima í Frakklandi, keyptu sér bát og héldu á ævintýraferð sem engan endi ætlar að taka. Reyndar stöðvaði Covid-faraldurinn ævintýraför þeirra en þau lögðu aftur af stað í nýtt ævintýri um miðjan júlí og komu hingað frá Írlandi.

Þau voru þrjú ár að ferðast um Svíþjóð, Noreg, Finnland, Svalbarða og Eistland meðal annars og höfðu vetursetu eitt árið í Bodö í Noregi. „Fólkið á norðurslóðum er frábært. Ef við erum inn í bæ með kort þá stoppar fólk okkur og spyr hvort við séum villt. Þannig er það ekki í Frakklandi. Það tala líka allir ensku þannig það er ekkert vandamál. Við tölum reyndar ekki íslensku en ætlum að læra einhver orð,“ segir Valerie.

Hún segir að báturinn sé frábær til að ferðast í og jafnvel enn betri til að búa í. Þau eiga stóra fjölskyldu og segja að með internetinu sé heimurinn lítill og það sé ekkert mál að hitta börn og barnabörn þegar þau vilja.

„Það merkilega við Ísland er að þau vilja öll koma til landsins.

> ”
> **Það er hrós til ykkar Íslendinga að þegar við tilkynntum að við ætluðum að hafa vetursetu hér voru allir mjög spenntir og vildu öll börnin koma.**
>
> Valerie Viel.

Tvö barna okkar komu til Stokkhólms en annars hafa þau ekkert verið mjög spennt að koma og hitta okkur.

Það er hrós til ykkar Íslendinga að þegar við tilkynntum að við ætluðum að hafa vetursetu hér voru allir mjög spenntir og vildu öll börnin koma.“

Valerie segir að hún framkalli myndir fyrir börn og barnabörn og sendi þeim reglulega. Hún hefur tekið gríðarlega mikið af myndum nú þegar og býst við að senda hverju barni um þúsund myndir. Þá fá þau einnig senda minjagripi.

„Þau fara með það í skólann og sýna og eru stolt af því hvað afi og amma eru að gera,“ segir Francois. „Það eru ekki mörg frönsk börn sem vita meira en þau um Noreg og Finnland. Og nú fá þau að vita allt um Ísland,“ bætir Valerie við og hlær.

Þau sigldu hingað til lands frá Írlandi og stoppuðu í Vestmannaeyjum og Hvalfirði áður en þau komu til Hafnarfjarðar þar sem þau ætla að dvelja í vetur. Nema þeim detti í hug að sigla eitthvert. Þá gera þau það.

„Við höfum verið einn vetur í Bodö og það var ekkert mál. Þetta snýst um að klæða veðrið einfaldlega af sér og svo fer vel um okkur í bátnum,“ segir Valerie og stendur upp til að kveðja. Hún er nefnilega að fara í heita pottinn í sundlaug Hafnarfjarðar. ■


2016 2020
Framúrskarandi fyrirtæki
HAUST
ÚTSALA
VERÐDÆMI
KRONOTEX HARÐPARKET
8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²
10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²
12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.790 KR. m²
VIÐARPARKET
KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 4.990 KR. m²
KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²
VÍNYLPARKET VERÐ FRÁ 3.790 KR. m²
VEGG- & GÓLFFLÍSAR
20% AFSLÁTTUR
BÍLSKÚRSFLÍSAR 30X30 VERÐ 2.590 KR. m²
RINGO INNIHURÐIR
HVÍTLAKKAÐAR HURÐIR
(hurð og karmur)
VERÐ FRÁ 36.990 kr.
40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FYLGIEFNUM
Birgisson®
Ármúli 8 I 108 Reykjavík I Sími 516 0600 I www.birgisson.is

# Covid heldur listafólki og fræðimönnum frá Þingvallabústað

gar@frettabladid.is

**ÞINGVELLIR** Sumarbústaður sem Þingvallanefnd keypti fyrir fimm árum við hliðina á Valhallarreitnum hefur enn ekki verið leigður út til fræðimanna og listafólks líkt og nefndin ákvað í fyrravetur.

„Það hefur legið í dái út af Covid en það er ákvörðun sem stendur,“ segir Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar.

Bústaðurinn, sem er 49 fermetrar, stendur í miklum trjálundi við hlið Valhallarreitsins og var keyptur af ríkinu að undirlagi Þingvallanefndar í því augnamiði að fjarlægja húsið og fella trén.

„Fyrirsjáanlegt er að núverandi sumarbústaður og greniskógur standur í vegi fyrir tengingu sem nú er rætt um að verði milli aðalaðstöðu ferðamanna á Hakinu og svæðisins við Valhallarreitinn og umhverfisins við Öxará,“ útskýrði þáverandi þjóðgarðsvörður Ólafur Örn Haraldsson fyrir forsætisráðuneytinu í aðdraganda kaupanna.

> „Það var svona prinsippákvörðun sem við tókum að þetta væru ekki bara listamenn heldur fræðimenn líka.
>
> Ari Trausti Guðmundsson, formaður Þingvallanefndar.

Núverandi stjórn þjóðgarðsins hefur hins vegar fallið frá þessu. Húsið og lóðin hefur meðal annars verið nýtt af verktökum við stígagerða á svæðinu.

Aðspurður segir Ari ekki hafa verið útfært nákvæmlega hvernig útleigu bústaðarins verður hagað. Ari Trausti undirstrikar að það sé ekki einungis listamenn sem fái aðgang að bústaðnum til dvalar á Þingvöllum. „Það var svona prinsippákvörðun sem við tókum að þetta væru ekki bara listamenn heldur fræðimenn líka,“ segir hann.

Að sögn Ara Trausta hefur verulega rofað til í fjármálum þjóðgarðsins eftir mikil harðindi í Covid. „Aðsóknin hefur tekið verulegan kipp. Miðað við hvernig þetta var fyrir ári síðan er þetta umsnúningur en það er auðvitað langt í það að hér fari að koma vel á aðra milljón gesta.“ ■



Hart var tekist á í skipulags- og byggingarráði Hafnarfjarðar í gær.

## Telja niðurrif minnihlutans byggt á sandi

benediktboas@frettabladid.is

**HAFNARFJÖRÐUR** Endurskoðuð Húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar var lögð fyrir skipulags- og byggingarráð í gær.

Minnihlutinn sagði á að hvergi væri minnst á þá fólksfækkun sem varð á síðasta ári í bænum í fyrsta skiptið síðan 1939. Hálfu ári fyrir lok kjörtímabils væri uppskeran rýr, fáar íbúðir í byggingu og fremur einhæf uppbygging fram undan.

Stór hluti framtíðaruppbyggingar sé á jaðri byggðar sem sé illa tengdur við almenningssamgöngur.

Meirihlutinn benti á að búið væri að lyfta grettistaki í uppbyggingu íbúða í bænum og megi þar helst nefna hundruð íbúða í Hamranesi, við Hraun, Vestur-Gjótur, Hjallabraut, Hrauntungu og Flensborgarhöfn. Auk þess gengur skipulagsvinna við Ásland 4 vel, en þar er gert ráð fyrir 480 íbúðum. Það komi spánskt fyrir sjónir að telja það áhyggjuefni að stór hluti framtíðaruppbyggingar sé á jaðri byggðar.

Allt niðurrifstal Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Bæjarlistans í skipulags- og byggingarráði sé á sandi byggt, segir meirihlutinn og bendir á að það sé bjart yfir Hafnarfirði og íbúum mun fjölga á næstunni. ■

# Við erum í kapphlaupi við tímann

**Ríkisstjórnin ákvað í gær að taka á móti 120 flóttamönnum frá Afganistan. Afganskur maður sem flúði hingað segir að betur megi ef duga skal.**

thorvardur@frettabladid.is



Bandarískur landgönguliði fylgir tveimur stúlkum um borð í herflugvél á alþjóðaflugvellinum í Kabúl. Þar dvelur fjöldi fólks og bíður milli vonar og ótta að komast frá landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**UTANRÍKISMÁL** Ásmundur Einar Daðason félagsmálaráðherra segir stjórnvöld í kappi við tímann hvað varðar björgun fólks frá Afganistan. Á ríkisstjórnarfundi í gær var ákveðið að fallast á tillögur Flóttamannanefndar um að taka á móti 120 flóttamönnum frá Afganistan. Ásmundur sagði í viðtali á Fréttavaktinni á Hringbraut í gærkvöldi hugsanlegt að sú tala myndi hækka. Ákveðið var einnig að Flóttamannanefnd starfaði áfram. Tillögurnar sem samþykktar voru í dag segir Ásmundur vera fyrstu tillögur um bráðaaðgerðir og unnið verði í samstarfi við nágrannaþjóðir um framhaldið.

„Þetta er ekki hefðbundin móttaka eins og við höfum verið að vinna að, þar sem við höfum getað samið við fyrirtæki að þjónusta móttökuríki við að aðstoða fólk við að koma til landsins. Það er einfaldlega kraftaverk hjá fólki sem kemst inn á flugvöllinn og inn í vélar,“ segir hann en einungis herflugvélar fljúga frá flugvellinum í Kabúl. Því þurfi að treysta á bandalagsþjóðir til að flytja fólk á brott.

Í gær greindi utanríkisráðuneytið frá því að þrjár fjölskyldu væru komnar til landsins frá Afganistan. Þær komu hingað með flugi sem dönsk og finnsk stjórnvöld stóðu fyrir. Um er að ræða fólk sem er ýmist með íslenskan ríkisborgararétt eða dvalarleyfi hér.

### Standa þarf vel að verki

Ásmundur segir það skylduverk Íslands sem Atlantshafsbandalagsþjóðar að bjarga þeim sem hafa verið erlendu herliði til aðstoðar frá landinu en það hefur biðlað til ríkja bandalagsins að leggja sitt af mörkum.

> „Er ekki hægt að gera meira? Hvað eiga Afganir sem óttast um líf sitt og vilja flýja að gera?



Navid Nouri.

„Þetta er ofboðslega sorglegt og þetta nístir hjarta manns, sérstaklega í ljósi þess að við höfum verið að leggja okkar af mörkum í jafnréttismálum til að mynda til þess að aðstoða við breytingar þarna. Við erum að sjá það að það fólk er í mestri hættu nú vegna þessara hörmunga sem þarna eru í gangi. Um leið er það þannig að við þurfum að gera okkur grein fyrir því að Ísland er lítið land, við erum fámenn þjóð,“ segir Ásmundur og standa þurfi vel að verki við móttöku afganskra flóttamanna.

„Það er það sem skiptir líka miklu máli til þess að það sé áfram pólitísk samstaða um það í íslensku samfélagi, og samfélagsleg samstaða, að gera vel í þessum málum.“

### Aðgerðirnar vonbrigði

Navid Nouri kom til Íslands sem flóttamaður frá Afganistan fyrir um áratug og er ríkisborgari hér. Hann hafi komið hingað til að bjarga lífi sínu, nú sé verið að loka augunum fyrir þjáningum þeirra sem eru í sömu stöðu.

Navid segir áætlanir stjórnvalda vonbrigði og aðrir úr samfélagi Afgana hér á landi séu sama sinnis. Auðvitað eigi að bjarga þeim sem störfuðu fyrir NATO en fleiri séu í hættu af völdum talibana og nefnir þar konur og minnihlutahópa. Það skjóti skökku við að Ísland, sem gefi sig út fyrir að vera leiðandi í jafnréttismálum, bjargi ekki fleiri konum frá Afganistan.

„Er ekki hægt að gera meira? Hvað eiga Afganir sem óttast um líf sitt og vilja flýja að gera?“ spyr Navid. Hann gefur lítið fyrir áhyggjur af því að flóttafólk verði baggi á velferðarkerfinu. Þeir sem hingað koma leggi mikið til íslenskt samfélags, margir séu í tveimur eða fleiri störfum og skili sínu til samfélagsins. Hjálpa þurfi fólki að komast til landsins og síðan sé það fullfært um að sjá um sig sjálft, með aðstoð samlanda þeirra sem nú þegar eru hér. ■


# Vertu klár fyrir skólann

**Það sem þátttakendur uppskera:**

- Aukið sjálfstraust, sterkari sjálfsmynd og trú á eigin getu
- Hugrekki til að segja sína skoðun óháð áliti annarra
- Kjark til að tala um eigin líðan og annarra
- Leiðir til að eignast vini, bæta samskipti og styrkja sambönd
- Þor til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif
- Betra skipulag og skýrari markmið
- Jákvætt viðhorf og kvíða/streitustjórnun



**Námskeið hefjast:**

9 til 12 ára Leiðtogabúðir 9. ágúst 8.45-17.00 4 dagar í röð
10 til 12 ára 4. ágúst 9.00-13.00 átta virka dagar í röð
10 til 12 ára 25. september 10.00-13.00 átta laugardaga í röð
13 til 15 ára 4. ágúst 13.30-17.00 átta virka dagar í röð
13 til 15 ára 21. sept. 17.00 -20.30 einu sinni í viku, 9 skipti
13 til 15 ára 23. sept. 17.00 -20.30 (í Hafnarfirði), 9 skipti
13 til 15 ára 5. okt. 17.00 -20.30 (í Garðabæ), 9 skipti
16 til 19 ára 4. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
16 til 19 ára 22. sept. 18.00-22.00 einu sinni í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 3. ágúst 18.00-22.00 tvisvar í viku, 9 skipti
20 til 25 ára 23. sept. 18.00-22.00 einu sinni í viku, 9 skipti

Dale Carnegie

*Hægt er að nota frístundastyrki bæjarfélaga sem greiðslu - Youth_Ad_071921

**Skráning á dale.is eða 555 7080**
**Ókeypis kynningartími dale.is/ungtfolk**


MAXUS
NÝTT BÍLAMERKI Á ÍSLANDI!
LOKSINS ALVÖRU DRÆGNI
353 KM (WLTP)
MAXUS E-DELIVER 9 VEITIR ÞÉR FORSKOT Í UMHVERFISVÆNUM FLUTNINGUM
Lægri rekstrarkostnaður
Drægni allt að 353 km (WLTP)
Fáanlegur í tveimur lengdum
Flutningsrými frá 9,7-11 m³
MAXUS
100%
RAFKNÚINN
MAXUS E-DELIVER 9
VERÐ FRÁ KR. 8.500.000
Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.
Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100
vatt ehf

## Næst fundað um flóttamenn frá Haítí

thorgrimur@frettabladid.is

**UTANRÍKISMÁL** Áætlað er að Flóttamannanefnd komi saman á næstunni til að ræða málefni Haítí, þar sem fjöldi fólks hefur misst heimili sín vegna 7,2 stiga jarðskjálfta sem skók landið þann 14. ágúst síðastliðinn. Rúmlega 2.000 andlát hafa verið staðfest vegna jarðskjálftans og hundruð þúsunda bygginga hafa verið lögð í rúst.

Flóttamannanefndin skilaði nýlega tillögum til ríkisstjórnar um viðtöku flóttamanna frá Afganistan eftir að hafa fundað um stöðuna þar í landi. Að sögn Stefáns Vagns Stefánssonar, formanns nefndarinnar, var ekki fjallað um Haítí á þeim fundi. „Þetta eru aðgreind verkefni. Verkefnið sem við fengum síðast var að koma með tillögur vegna Afganistan og allur þunginn hjá okkur fór í það verkefni. Nú er komin beiðni um að ræða stöðuna sem er uppi á Haítí og við verðum að koma saman út af því fljótlega.“

Nákvæm dagsetning næsta fundar Flóttamannanefndar liggur ekki fyrir en Stefán Vagn segir að þá verði væntanlega einnig rætt um viðtöku kvótaflóttafólks.

„Við eigum eftir að taka við kvótaflóttafólkinu frá 2020 og svo er hópurinn frá 2021 enn eftir. Það eru svo sem næg verkefni, og vandamálið í Covid hefur bara verið að koma fólki milli landa. Það hefur verið að liðkast til í því, svo við höfum væntingar til þess að við getum farið að ná þessum hópum hingað eins og til stóð.“ ■

## Fannst eftir fjóra daga ein úti í skógi

thorgrimur@frettabladid.is

**RÚSSLAND** Tæplega tveggja ára stúlka fannst á lífi í gær eftir að hafa verið týnd í rússneskum skógi í fjóra daga. Stúlkan, Ljúda Kúzína að nafni, hafði ráfað burt frá móður sinni í Smolenskfylki skammt frá Moskvu. Höfðu mæðgurnar verið í sumarbústað fjölskyldunnar í héraðinu Tjomkinskí og hafði Ljúda þá álpast út í skóg á meðan móðir hennar skrapp yfir til nágrannans.

Hundruð leituðu að stúlkunni, kafarar leituðu í vatnsbólum þar nærri en fundu ekkert. Það var ekki fyrr en á fjórða degi sem einn sjálfboðaliðanna heyrði „tíst“ og fann þá Ljúdu undir greinum. Hún hafði verið án vatns og matar í fjóra daga og var þakin skordýrabitum en var annars heil á húfi.

„Hún er núna staðráðin í að ætla aldrei að hlaupa burt frá mömmu sinni framar,“ sagði móðirin, Antónía Kúzína, við dagblaðið Komsomolskaja Pravda. „Ekki veit ég nú hvað hún á eftir að muna eftir því loforði lengi. En hún segir það alla vega.“ ■






Mikið álag hefur verið á starfsfólki Landspítalans undanfarna mánuði. MYND/ÞORKELL ÞORKELSSON

# Eindreginn stuðningur við að styrkja Landspítalann

Forstjóri Landspítalans fagnar niðurstöðum könnunar. Fjármála- og efnahagsráðherra segir málaflokkinn í forgangi.

arib@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það kemur mér ekki á óvart að fólk vilji vel fjármagnað heilbrigðiskerfi og telji þörf á frekari framlögum. Þessi ríkisstjórn hefur haft málaflokkinn í forgangi og aukið við á nær öllum sviðum,“ segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, um niðurstöður könnunar sem sýnir að meirihluti landsmanna vill að aukið fjármagn renni til reksturs Landspítalans.

„Árleg framlög til reksturs Landspítala hafa verið að hækka umtalsvert, eða úr 60 milljörðum í 78 á kjörtímabilinu. Inni í þeirri tölu eru ekki framlög í viðhald, fjárfestingar, byggingu Nýja Landspítalans og fleira, heldur bætast þau útgjöld svo við. Það hefur einnig orðið mikil aukning til heilsugæslu, til geðheilbrigðismála, lyfjakaupa og fleiri þátta. Heilbrigðisútgjöld munu halda áfram að vaxa í framtíðinni, jafnvel þótt við höfum aldrei áður varið jafn háu hlutfalli útgjalda til málaflokksins, meðal annars vegna

> „Það kemur mér ekki á óvart að fólk vilji vel fjármagnað heilbrigðiskerfi og telji þörf á frekari framlögum.



Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

þess að þjóðin er að eldast. Vegna þess hve málaflokkurinn er fjárfrekur skiptir miklu að hver króna nýtist vel. Þar getur skipt sköpum að hafa góða yfirsýn, sterka stjórn á lykilkerfum og að ekki séu veikleikar á borð við þá sem við höfum séð þegar fólk sem hefur lokið meðferð liggur fast á sjúkrahúsi.“

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir niðurstöðurnar endurspegla stuðning landsmanna við opinber heilbrigðiskerfi.

„Þetta endurspeglar það sem að áður hefur komið fram. Það er eindreginn stuðningur landsmanna við opinbert heilbrigðiskerfi og sterkan Landspítala. Þetta er eindregið ákall um að haldið verði áfram á þeirri braut að byggja upp þessa mikilvægu þjónustu,“ segir Svandís.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, er ánægður með niðurstöðurnar en mikið hefur mætt á starfsfólki spítalans í Covid-faraldrinum. „Þetta eru mjög ánægjulegar niðurstöður og þetta er í samræmi við það sem við höfum fundið að almenningur styður við verkefni spítalans,“ segir Páll. „Þarna kemur fram skýr vilji þjóðarinnar. Við finnum það nú og til framtíðar að fjármagna þurfi verkefnið með fullnægjandi hætti.“ ■

## Áfrýjun hafnað í Sandgerðismorðinu

thorgrimur@frettabladid.is

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur hafnað beiðni um áfrýjun fjórtán ára fangelsisdóms fyrir manndráp sem felldur var af Landsrétti í júní. Um er að ræða mál karlmanns á sextugsaldri sem var dæmdur fyrir að verða eiginkonu sinni að bana í húsi þeirra í Sandgerði í mars 2020. Manninum hafði verið gert að sök að þrengja svo að hálsi konu sinnar að hún kafnaði.

Maðurinn var handtekinn fjórum dögum eftir dauða eiginkonu sinnar en bar fyrir sig minnisleysi og sagðist hafa fallið í óminni vegna drykkju þetta kvöld. Maðurinn var upphaflega dæmdur til fjórtán ára fangelsisvistar af Héraðsdómi Reykjaness í janúar 2021 og sá dómur var síðan staðfestur af



Maðurinn var upphaflega dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness árið 2020. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Landsrétti eftir áfrýjun. Var litið til þess að um stórhættulega atlögu hefði verið að ræða og að manninum hlyti að hafa verið ljóst að hún yrði banvæn.

Verjandi mannsins hafði farið fram á áfrýjun málsins, meðal annars á þeim grundvelli að Landsréttur hefði ekki virt þá meginreglu að maður sé saklaus uns sekt sé sönnuð og að vafa beri að túlka sakborningi í hag. Jafnframt taldi hann dóminn bersýnilega rangan þar sem lítið hefði verið fram hjá niðurstöðu tveggja dómkvaddra matsmanna um mögulega dánarorsök. Í mati þeirra var ekki útilokað að konan hefði látist úr áfengiseitrun þótt niðurstöðurnar bentu sterklega til þess að konan hefði verið kyrkt.

Í niðurstöðu sinni taldi Hæstiréttur ekki að áfrýjunarbeiðnin lyti að atriðum sem hefðu almenna þýðingu eða að mjög mikilvægt væri að fá úrlausn Hæstaréttar til þess að fullnægja lagaskilyrðum. Var beiðninni því hafnað og fjórtán ára fangelsisdómurinn staðfestur. ■

# ÚTSÖLUNNI LÝKUR Á LAUGARDAG, 28. ÁGÚST

## HÚSGÖGN 20-70% AFSLÁTTUR



**Borðstofuborð**
**20-30% afsláttur**
-Dæmi
**Rivoli**
**30% afsláttur**
**Verð 152.450 kr.**
Verð áður 217.800 kr.
Stærð 180 x 90cm



**Borðstofustólar**
**20-60% afsláttur**
-Dæmi
**Highrock**
**30% afsláttur**
**Verð frá 23.800 kr.**
Verð áður 34.000 kr.



**Sófar**
**20-30% afsláttur**
-Dæmi
**Apron** 2ja sæta
**30% afsláttur**
**Verð frá 150.710 kr.**
Verð áður 215.300 kr.
Fæst í 3 litum og fleiri stærðum



**Stólar**
**20-70% afsláttur**
-Dæmi
**Cliff**
**20% afsláttur**
**Verð frá 143.040 kr.**
Verð áður 178.800 kr.
Fæst í 9 mismunandi litum/útgáfum



**Hægindastólar**
**20% afsláttur**
-Dæmi
**Wizar**
**20% afsláttur**
**Verð frá 167.920 kr.**
Verð áður 209.900 kr.
Fæst í tau og leðri í 14 mismunandi litum



**Sófaborð**
**20-60% afsláttur**
-Dæmi
**Latina**
**20% afsláttur**
**Verð frá 111.840 kr.**
Verð áður 139.800 kr.
Stærð 71 x 117cm



**Skápar og skenkir**
**20-30% afsláttur**
-Dæmi
**Skenkur**
**30% afsláttur**
**Verð frá 81.550 kr.**
Verð áður 116.500 kr.
Fæst í 3 mismunandi stærðum
Stærð 160 x 45cm



**Rúm**
**20-40% afsláttur**
-Dæmi
**Glódís**
**Lúxus sýningarrúm**
**40% afsláttur**
**Verð frá 277.560 kr.**
Verð áður 462.600 kr.
Stærð 160 x 200cm .
Dýna, botn, fætur og höfðagafl

**Allar útsöluvörur okkar er að finna í vefversluninni www.vogue.is**

Sendum frítt heim ef keypt er fyrir 15.000 kr. eða meira í vefverslun.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Tilboð gilda meðan birgðir endast

# Þriðja leiðin



Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@frettabladid.is

Réttur mánuður er í dag þar til landsmenn ganga að kjörborðinu og velja sér fulltrúa á Alþingi. Og enda þótt mánuður kunni að vera langur tími í pólitík er ekki við öðru að búast en að næstu fjórar vikur líði hratt í loforðaglamri og lúðrablæstri.

En látum það vera. Niðurstaða kosninganna skiptir meira máli. Og hún hefur sjaldan eða aldrei verið jafn ófyrirséð. Veldur þar miklu sá fjöldi flokka sem á möguleika á að koma fulltrúum sínum á þing, en það dregur heldur ekki úr óvissunni að fleiri en einn þeirra mun hugsanlega ekki ná inn manni.

Staðan eftir kosningarnar verður flókin. Það er nokkurn veginn augljóst, meira að segja þótt núverandi ríkisstjórnarflokkar haldi þingstyrk sínum og geti fyrir vikið haldið áfram samstarfi sínu. Það er nefnilega ekkert gefið í þeim efnum.

Bakland Vinstri grænna er óánægt með samstarfið með Sjálfstæðisflokknum. Það er í sjálfu sér eðlilegt, enda tilheyra flokkarnir hvorum endanum á pólitíska litrófinu. Og þessar tvær fylkingar eru vanari því að uppnefna hvor aðra og úthrópa en að vinna saman í sátt.

Því hefur verið haldið fram að Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, sem leitt hefur þessa óvenjulegu stjórn í gegnum þokumóðu farsóttar, sé í pólitískri kjörstöðu. Hún ráði því hvaða flokkar verði í næstu stjórn, geti hæglega myndað einhvers konar vinstristjórn með Samfylkingu, Pírötum og jafnvel Sósíalistaflokknum, þótt Framsóknarflokkurinn sé raunar líklegri í því samstarfi. En hún geti einnig hundsað þessa flokka og hallað sér aftur að íhaldinu.

Í öllu falli ráði Katrín miklu, jafnvel mestu, um það hvort næsta stjórn verði áfram sú sama og verið hefur eða að einhvers konar vinstristjórn verði mynduð.

Í þessum vangaveltum gleymist þriðji kosturinn, en það er ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar. Hann er sá formanna ríkisstjórnarflokkanna sem hefur líklega hæstu spilin á hendi, án þess þó að því hafi verið nokkur gaumur gefinn.

Sigurður Ingi er í lykilstöðu til að mynda miðjustjórn. Hann er í bílstjórasætinu og þarf ekki annað en að blikka formenn Samfylkingar, Viðreisnar og Pírata svo þeir stökkvi um borð í Framsóknarrútuna. Fyrir hann persónulega væri það pólitískur stórsigur að setjast í forsætisráðuneytið á þessum tíma þegar flokkur hans hefur náð vopnum sínum aftur eftir klofninginn fyrir tæpum fjórum árum.

Nú er hans möguleiki að leiða stjórn. Sá möguleiki kemur mjög líklega ekki aftur. Og það vegur þungt eftir mánuð. ■

> „Í þessum vangaveltum gleymist þriðji kosturinn, en það er ríkisstjórn Sigurðar Inga Jóhannssonar.

## Halldór







## Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

**B2-skutlið**
Það er löngu vitað að allt tal um fjármál Landspítala fer rakleiðis út í skurð. Þjóðin, nema Sjálfstæðismenn, vill ausa fé í Landspítala á meðan efasemdamenn, iðulega Sjálfstæðismenn, setja spurningarmerki við ýmis atriði í rekstrinum. Með alla þá popúlísku flokka sem bjóða nú fram til Alþingis og alla hina með popúlista innanborðs, þá er nú tími til að kanna hvers vegna tugir manna sækja um alls konar ruglstöður hjá hinu opinbera á meðan skortur er á starfsfólki á gjörgæslunni. Það sem allir eru samt sammála um, líka Sjálfstæðismenn, er að tími er kominn til að hætta að láta 90 milljarða króna B2-sprengjuflugvélar fara með sjúklinga í aðgerðir í útlöndum.

**Kremkex**
Það er allt í lagi að vera ósammála yfirvöldum, það getur jafnvel verið hollustumerki. Það má jafnvel setja spurningarmerki við hvort það kunni að vera einhverjar aukaverkanir við því að bólusetja ungmenni við Covid-19. Myndi það gera meira gagn að fylgjast með líðan þeirra í stað þess að öskra á þau. Og þegar þú ert farinn að lenda á spítala eftir að hafa smurt beygluna þína með einhverju húðkremi því þú sást það á netinu þá er líklegast best að endurskoða afstöðuna frá grunni. ■

# Aukið fjármagn í viðhald



Skúli Helgason
borgarfulltrúi Samfylkingarinnar.

Veruleiki okkar um allt land er að reglulega kemur upp mygla og rakaskemmdir í húsnæði hins opinbera og víðar. Dæmin hrannast upp af skólahúsnæði þar sem mygla hefur greinst til dæmis í Kársnesskóla og leikskólanum Austurkór í Kópavogi, Varmárskóla í Mosfellsbæ, Lundarskóla, Brekkuskóla og Oddeyrarskóla á Akureyri, Grundaskóla á Akranesi og Nesskóla í Neskaupstað.

Í Reykjavík hafa komið upp mál þar sem mygla hefur fundist og hefur húsnæði Fossvogsskóla verið þar efst á baugi og leikskólinn Kvistaborg sem staðsettur er steinsnar frá. Í Fossvogsskóla hefur verið ráðist í ýmsar viðhaldsframkvæmdir og endurbætur til að ráða niðurlögum rakavandamála samkvæmt ráðleggingum fagaðila en ekki tókst þó að komast fyrir vandann og var þá kallað eftir nýrri úttekt verkfræðistofunnar EFLU sem leiddi í ljós að þörf var á umtalsverðum framkvæmdum til viðbótar. Nú er verið að leggja lokahönd á aðgerðaáætlun um þær framkvæmdir sem munu hefjast í haust. Vilji foreldra hefur haft góð áhrif á ákvarðanatöku varðandi ýmis skref í málinu sérstaklega undanfarin misseri en nú er unnið að því að bæta verkferla til framtíðar og verður kynnt fljótlega.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að auka fjármagn í viðhald og endurbætur skólahúsnæðis borgarinnar undanfarin ár eftir þrengingatíma í kjölfar bankahruns. Skóla- og frístundastarfið fer fram í um 170 stofnunum og nálægt 300 byggingum í borginni en sem betur fer eru fá dæmi þar sem fundist hefur mygla eða alvarlegar rakaskemmdir. Undanfarin ár hafa fjárveitingar til almenns viðhalds grunnskóla og leikskóla í borginni þrefaldast úr tæpum 700 milljónum í 2.100 milljónir á hverju ári. Gerð hefur verið úttekt á ástandi skólahúsnæðis í borginni og á grundvelli hennar verður enn bætt um betur í að gera húsnæði til skóla- og frístundastarfs sem best úr garði. ■

> „Undanfarin ár hafa fjárveitingar til almenns viðhalds grunnskóla og leikskóla þrefaldast.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
**FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is*
**HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Um hina alvondu menn í austrinu og gesti þeirra



**Bjarni Harðarson**
bóksali og rithöfundur á Selfossi.

Hvarvetna á Vesturlöndum er nú rætt um Talibana og mjög á einn veg. Að þar séu á ferðinni miskunnarlaus og siðlaus illmenni. Álitsgjafar frá hægri og vinstri harma að hinu vestræna hernámsliði skuli ekki hafa tekist nógu hratt og vel sitt menningar- og menntunarstarf í landi Afgana og hver lepur upp eftir öðrum að Bandaríkjamenn hafi of snemma misst móðinn. Mjög er þessi nýlenduumræða lík þeirri sem verið hefur um hin einstæðu Stanlönd Miðasíu síðustu 200 árin.

Staðreyndin er að Bandaríkjamenn og þeirra stuðningsþjóðir eiga (Íslendingar þar með taldir) skuldlaust heiðurinn af hinni sorglegu valdatöku Talibana í Afganistan enda fyrstir til að hlaða undir öfgasveitir þessar í viðleitni til að hefta völd Sovétmanna á svæðinu. Nú sem fyrr hefur það sýnt sig að með þessari stoltu ættbálkaþjóð virkar innræting í vestur til þess eins að menn horfa í austur. Sé þeim aftur á móti skipað að horfa í austur þá munu þeir fyrir víst þrástara í vestur.

Sjálfur er ég ekki svo víðförull að hafa komið til Afganistan en engu að síður kunnugur í nágrenninu og gat ekki annað en hrifist af Phastúnum þeim sem ég kynntist uppi við Afgönsku landamærin í Pakistan og enda líka í borginni Rawalapindi þar skammt frá. Af mánaðardvöl á þeim slóðum og síðar gistivináttu meðal sona og dætra spámannsins víðsvegar um Asíu og Afríku hefur ég komist örfá hænufet í átt að skilningi á þankagangi þessa fólks og fundið hve gagnstæður hann er okkar hugsun, um margt.

Og það er að sönnu rétt að menn þessir eru ekki talsmenn frjálsræðis meðal kvenna og raunar ekki frjálsræði nokkurs manns ef út í það er farið. Allt í fari þessa fólks lýtur ströngum aga feðraveldisins og verkar í heild heldur óhugnanlega. En að fólk þetta séu siðlausir villimenn eða illmenni er ekki bara rangt heldur og einnig vitnisburður um djúpstæðan rasisma, mannhatur og hroka.

Það er auðvitað erfitt fyrir okkur sem tamið höfum okkur þá hugsun að hver maður, karlar sem konur, eigi rétt á sjálfræði að skilja hið fornlega og afturhaldssama lífsviðhorf þessa fólks. Enn fjarstæðukenndara að við getum fellt okkur við það og sagt með sjálfum okkur, já, þetta er bara harla gott. En nú er það hvergi skrifað í skýin að allir menn á jörðinni eigi að lifa eftir þeim reglum sem ég eða þá Jón stórbítur í Ameríku telja réttar.

Eitt er það út af fyrir sig að senda nokkur þúsund manna morðsveitir inn í land sem Afganistan undir því yfirskini að leita þurfi uppi ofbeldismenn sem sprengja skýjakljúfa. Slíkt hefði getað jafnað sig. Hitt er til lengri tíma miklu verra að herför þessari var smám saman snúið upp í innrætingarherferð þar sem Afgönum skyldi kennt að vera eins og fólk tíðast er í okkar heimshluta. Aldrei virtist hvarfla að innrásarþjóðum þessum að þær gætu lært nokkuð af hinum fornu fjallaþjóðum sem þó kunna betur öðrum að lifa spart og um margt með litlu kolefnisspori.

> ”En að fólk þetta séu siðlausir villimenn eða illmenni er ekki bara rangt heldur og einnig vitnisburður um djúpstæðan rasisma, mannhatur og hroka.

Slíkir gestir sem sitja slímusetu í sjálfsánægju sinni og koma sér upp gerspilltri leppstjórn eiga sér engar málsbætur. Að heyra sömu menn fimbulfamba nú um það hversu alvondir þeir menn eru sem komnir eru til valda í Afganistan er ekki en nema brjóstumkennanlegt blaður. Ennþá vitum við lítið um stjórnarhætti nýrra herkonunga austur í Kabúl og það er sem betur fer sjaldnast nokkuð að marka þá menn sem þykjast sjá í gegnum hlið tímans. ■

# Notagildi papparöra



**Karl Guðlaugsson**
tannlæknir og MPM.

Það er eðli verkefnis að skila afurð. Ef notagildi afurðarinnar er lítið sem ekkert er afurðin gagnslaus. Í gerbreyttum heimi þar sem orkueiningar til framleiðslu eru mældar í kolefnisspori getur vitleysan orðið svo gegndarlaus að það er eins og heilinn hafi ekki verið notaður.

Það sér hver heilvita maður að notagildi papparöra í drykkjarföng er ekkert. Hver er þá orkusparnaðurinn? Ég vona innilega að vöruþróun næstu missera finni afurð sem leysir af hólmi plaströrin. En í Guðs bænum leyfið mér að nota mitt plaströr þar til lausnin er fundin! ■



# GOLI VÍTAMÍN

## Á BÓNUS VERÐI




**1.998 kr./pk.**

**Goli Ashwagandha og Eplaedik**
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.




**1.598 kr./pk.**

**Goli Superfruits**
fæðubótarefni - 60 stk. í pk.

## FRÁBÆRT Í SMÚÐINGINN




**398 kr./pk.**

**Euro Shopper Bláber**
500 g




**498 kr./pk.**

**Euro Shopper Jarðarber**
1 kg




**598 kr./pk.**

**Euro Shopper Mangó**
1 kg




**498 kr./pk.**

**Euro Shopper Hindber**
500 g

## BÓNUS SÚPUR

**FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT**




**1.698 kr./pk.**

**Bónus Kjúklingasúpa**
1 kg




**1.698 kr./pk.**

**Bónus Kjötsúpa**
1 kg




**598 kr./pk.**

**Bónus Grjónagrautur**
1 kg




**SÚRDEIGS**

**398 kr./pk.**

**Bónus Pizzadeig**
300 g - 100 kr. verðlækkun



Verð gildir til og með 29. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## LAMBABÓGUR



**899** kr./kg

**Frosinn Heill Lambabógur**
verð áður 999 kr./kg

## RISARÆKJUR




**1.198** kr./pk.

**Risarækjur**
frosnar - 454 g í pk.

## COCA-COLA




**679** kr./pk.

**Coca-Cola og Coca-Cola Zero**
6 x 500 ml í pk.

## GRÍSABÓGUR



**679** kr./kg

**Stjörnugrís Grísabógur**
ferskur

## GRÍSAHAKK




**898** kr./kg

**Stjörnugrís Grísahakk**
ferskt

## LASAGNA




GOTT SAMAN

**459** kr./pk.

**Knorr Lasagna**
262 g

# BÓNUS

**það munar um minna**

**Almennur afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
**Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti (Akureyri):** Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00


Arnar mun stýra íslenska liðinu í fyrsta sinn á íslenskri grundu.

## Kynna hópinn fyrir næstu leiki

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Arnar Þór Viðarsson og Eiður Smári Guðjohnsen, þjálfarar karlalandsliðsins í knattspyrnu, tilkynna í dag hvaða leikmenn verða í hópi íslenska karlalandsliðsins fyrir næstu leiki liðsins í undankeppni HM 2023. Fram undan eru þrír heimaleikir gegn Rúmeníu, Norður-Makedóníu og Þýskalandi sem fara langt með að ráða örlögum Íslands í riðlinum.

Ísland er með þrjú stig af níu mögulegum en Armenar eru með fullt hús stiga eftir fyrstu leikina í J-riðli, meðal annars eftir sigur á Íslandi í Jerevan. Efsta lið riðilsins fer beint á HM 2022 í Katar en liðið í öðru sæti fer í umspil.

Óvíst er hvort að landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson geti tekið þátt í verkefninu en fyrr í vikunni var greint frá því í hlaðvarpi Dr. Football að Aron væri með Covid-19 líkt og Rúnar Alex Rúnarsson.

Þá er þetta fyrsti hópurinn sem er valinn eftir að fréttarflutning hófst af því að Gylfi Þór Sigurðsson hafi verið handtekinn. Gylfi hefur ekkert komið við sögu í leikjum Everton það sem af er tímabili á meðan mál hans er á borði lögreglu. ■


Valskonur eru einum sigri frá tólfta Íslandsmeistaratitlinum.

## Landa titlinum með sigri í kvöld

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Valskonur geta endurheimt Íslandsmeistaratitilinn eftir eins árs fjarveru með sigri á Tindastóli á heimavelli sínum í kvöld en Valskonur vantar þrjú stig úr síðustu þremur leikjunum til þess að tryggja sér titilinn. Takist Valsliðinu að landa titlinum í kvöld verður það tólfti Íslandsmeistaratitill kvennaliðs félagsins.

Með því nær Valur að breikka bilið á erkifjendur sína, KR (6) sem næstsigursælasta félag kvennaboltans og um leið saxa á forskot Blika sem hafa átján sinnum landað Íslandsmeistaratitlinum.

Frá því að Valur fékk skell undir lok maímánaðar í 3-7 tapi gegn Breiðabliki hafa Valskonur fengið 28 stig af 30 mögulegum og aðeins lent undir í átta mínútur af þeim níu hundrað sem þær hafa leikið frá þeim tíma. Þær fá í dag tækifæri til að landa titlinum upp á eigin spýtur gegn botnliði Tindastóls en síðast þegar liðin mættust vann Valur 5-0 sigur á Sauðárkróki. ■

# Hitnar í kolunum á leikmannamarkaðnum

Þegar nokkrir dagar eru í að félagsskiptaglugginn í Evrópu lokist er heldur farið að hitna í kolunum. Þó nokkur stór félagsskipti gætu gengið í gegn á lokametrunum en í tilefni þess tók Fréttablaðið saman fimm stórnöfn sem gætu verið á faraldsfæti á næstu dögum.

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Í gær fóru að berast fréttir af því að það gætu orðið verulega hreyfingar í leikmannamálum á næstu dögum. Breskir fjölmiðlar fullyrtu að háttsettur umboðsmaður væri að vinna í því að koma Kylian Mbappé til Real Madrid og um leið að sameina Cristiano Ronaldo og Lionel Messi hjá PSG. Á sama tíma eru öll stærstu lið Englands með eyrun opin fyrir liðsstyrk fyrir komandi átök. ■



**Cristiano Ronaldo**, 36 ára, Juventus – Þrátt fyrir að vera farinn að nálgast fimmtugsaldurinn er ekkert að hægjast á Ronaldo og fylgjast stærstu lið Evrópu með málefnum hans. Blaðamaður Athletic sagði að Manchester City hefði afþakkað viðræður við Ronaldo sem á eitt ár eftir af samningi sínum við Juventus en hugurinn virðist vera farinn að leita annað.



**Kylian Mbappe**, 22 ára, PSG – Öll stærstu lið Evrópu fylgjast með framvindu mála hjá Mbappé sem hefur til þessa ekki verið tilbúinn að skrifa undir nýjan samning í Parísarborg. Hann á eitt ár eftir af samningi sínum og dreymir um að leika fyrir Real Madrid einn daginn en ensku félögin gætu reynt að fá franska undrabarnið til að millilenda í Bretlandi.


**Saul Niguez**, 26 ára, Atletico Madrid – Það stefnir í baráttu á milli Chelsea og Manchester United um spænska landsliðsmanninn sem hefur einnig verið orðaður við Liverpool í sumar. Saul sem kom upp úr unglingaakedemíu Atletico og hefur leikið 339 leiki fyrir spænska stórveldið þykir einn af betri miðjumönnum Evrópu en hann virðist ekki vera jafn mikilvægur í augum Diego Simeone lengur. Fyrir vikið gætu ensku félögin reynt að fá Saul til Englands en hann hefur um árabil verið orðaður við félög þar í landi.



**Jules Kounde**, 22 ára, Sevilla – Franski unglingalandsliðsmaðurinn hefur verið orðaður við nokkur félög á Englandi en hann virðist líklegur til að ganga til liðs við Evrópumeistara Chelsea fyrir lok félagsskiptagluggans. Hann hefur látið lítið fyrir sér fara og ekkert gert mál úr því að komast frá félaginu en honum er ætlað að leiða vörn Chelsea næsta áratuginn. Þrátt fyrir ungan aldur á hann að baki fjögur tímabil í efstu deild, tvö í frönsku úrvalsdeildinni og tvö í þeirri spænsku.



**Harry Kane**, 28 ára, Tottenham – Framherji enska landsliðsins hefur beitt ýmsum brögðum til að þrýsta á stjórnarformenn Tottenham í von um að komast til Manchester City án árangurs. Tottenham virðist vera harðákveðið í að halda fyrirliða sínum sama hvert boðið verður en sparkspekingurinn Gary Neville hvatti fyrrverandi lið sitt, Manchester United, til að blanda sér í baráttuna um Kane. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Biles markaðsvænsti íþróttamaður heims

kristinnpall@frettabladid.is

**ÍÞRÓTTIR** Samkvæmt nýrri markaðskönnun SportsPro er fimleikastjarnan Simone Biles markaðsvænsti íþróttamaður heims (e. most marketable athletes). Við rannsóknina voru fimm mismunandi breytur notaðar til að mæla tækifæri íþróttafólks til að afla sér tekna á samskiptamiðlum sínum. Þrátt fyrir að vera með flesta fylgjendur á stærstu samskiptamiðlum heims með rúmlega hálfan milljarð fylgjenda nær Cristiano Ronaldo aðeins sjötta sæti listans. Þrjár efstu manneskjur listans eru konur.


Biles vann til bronsverðlauna á slá á ÓL í Tókýó. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Við útreikning eru notaðar fimm mismunandi breytur, sýnileika, þátttöku, markhópur, þátttaka og fjölbreytileiki fylgjenda. Þar þótti Biles, sem er talin ein fremsta íþróttakona allra tíma, skara fram úr. Biles vakti heimsathygli fyrr í sumar þegar hún dró sig úr keppni á Ólympíuleikunum í miðri liðakeppni kvenna í áhaldafimleikum til að hlúa að andlegri heilsu sinni. Næst á listanum er tennisstjarnan Naomi Osaka frá Japan sem líkt og Biles ákvað að draga sig úr keppni á miðju stórmóti til að hlúa að andlegri heilsu sinni. Ashlyn Harris, liðsfélagi Gunnhildar Yrsu Jónsdóttur hjá Orlando Pride kemur næst á eftir Osaka.

Athygli vekur að Cristiano Ronaldo nær aðeins sjötta sæti listans þar sem hann er meðal annars á eftir mexíkóska hnefaleikakappanum Canelo Alvarez og liðsfélaga sínum hjá Juventus, Paulo Dybala. Lionel Messi er svo í tólfta sæti listans eftir að hafa verið í fyrsta sæti listans í fyrra.

Aflraunakonan Katrín Tanja Davíðsdóttir sem hefur tvisvar hlotið nafnbótina Hraustasta kona heims á Heimsleikunum í CrossFit kemst ekki á listann í ár eftir að hafa verið í 45. sæti í fyrra. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGUR 25. ÁGÚST 2021

31. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX
TUDOR
TAG Heuer
LONGINES
NOMOS GLASHÜTTE
TISSOT




Verið velkomin í glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

### Kaldalón tekið stakkaskiptum í sumar

4 Fasteignafélagið hefur selt þróunareignir, keypt tekjuberandi eignir, aukið hlutafé, skipt um forstjóra, sett helmings hlut í steypustöð á sölu og stefnir á Aðallistann í Kauphöllinni.

### Coripharma skoðar skráningu á markað

4 Íslenska samheitalyfjafyrirtækið skoðar nú að efna til opins hlutafjárútboðs og skráningar á hlutabréfamarkað á komandi mánuðum ef markaðsaðstæður reynast hagfelldar.

### Aukin framlög til Landspítalans ekki aðalmálið

6 Það er augljóst að þeir sem krefjast þess að kosningar snúist um aukin ríkisútgjöld þurfi að leggja fram skýrar tillögur um það, segir framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

### Icelandair þurfi ekki að draga lánalínuna í ár

7 Nýtt verðmat Jakobsson Capital á Icelandair Group er 39 prósentum yfir markaðsvirði flugfélagsins. Horfur í flugrekstri eru hins vegar dekkri en fyrir fáeinum mánuðum síðan.

### Schroders bætist í hluthafahóp Arion

7 Eignastýringarrisinn, sem var á meðal fjárfesta í útboði Íslandsbanka, hefur nýlega einnig keypt í Arion. Fjöldi vísitölusjóða fjárfest eftir að Ísland fór inn í vaxtamarkaðsvísitölu MSCI.



# Óleystur vandi

Fjarskiptafélag og stjórnvöld eru ekki á sama máli um ástæðurnar fyrir því að enn eigi eftir að ljósleiðaravæða þéttbýlissvæði. **Sjá síðu 2**

MYND/LYDUR GEIR GUDMUNDSSON



MARKAÐURINN

**ÚTGÁFUFÉLAG Torg.**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051** | Ritstjóri **Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is



FJÁRFESTING Í SJÓÐUM ER GÓÐUR VALKOSTUR
TIL AÐ ÁVAXTA PENINGA TIL SKEMMRI OG LENGRI TÍMA

Kynntu þér árangur og úrval ÍV sjóða á **WWW.IV.IS**

ÍSLENSK VERÐBRÉF
síðan 1987



Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð

KONTAKT
FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF

kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut



Í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga kemur fram að staða háhraðtenginga í þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum sé ekki viðunandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Óljóst hvernig landið verði tengt að fullu

**Forstjóri Fjarskiptastofu vísar því á bug að stofnunin hafi ekki lagt neitt af mörkum til að ljúka ljósleiðaravæðingu þéttbýlissvæða. Samgönguráðherra segir mikilvægt að dvelja ekki um of í baksýnisspeglinum.**

thorsteinn@frettabladid.is

Enn er óljóst hvernig ljúka eigi ljósleiðaravæðingu þéttbýlissvæða. Síminn segir að eftirlitsstofnanir hafi ekki komið fram með neinar tillögur, forstjóri Fjarskiptastofu segir stjórnvöld ekki hafa stigið til jarðar með það hvort um sé að ræða markaðssvæði eða ekki, og ráðherra fjarskiptamála telur að skortur á samkeppni milli fjarskiptafyrirtækja geti verið hluti af skýringunni.

Staða ljósleiðaravæðingar landsins er sú að 13 þúsund staðföng á þéttbýlissvæðum eiga enn ekki kost á ljósleiðaratengingu.

Í umsögn sinni um Grænbók um fjarskipti, sem er hluti af stefnumótunarferli fjarskiptaáætlunar, gagnrýndi Síminn eftirlitsstofnanir fyrir að hafa ekki komið fram með neinar tillögur um eða lausnir á hvernig mætti hraða eða standa að því að ljúka ljósleiðaravæðingu á þessum svæðum.

„Stjórnvöld og ráðgefandi stofnun geta ekki haldið áfram að skila auðu um hvernig á að fulltengja Ísland,“ sagði í umsögn Símans sem Markaðurinn greindi frá.

Síminn bendir jafnframt á að í stefnu Alþingis um fjarskiptamál sem var samþykkt árið 2019 hafi komið fram að enn væri óleyst hvernig ljúka ætti ljósleiðaravæðingu þéttbýlisstaða úti á landi og svipað orðalag hafi verið í fjarskiptaáætlun sem var samþykkt árið 2012.

Að mati Símans hefði mátt leggja fram stefnu og sýn á það hvernig á að mæta þörfum þessara heimila fyrir talsvert löngu síðan. „Er það hlutverk eftirlitsaðila að vera ráðgefandi í þessum efnum. Staðan er hins vegar sú að eftirlitsaðilar hafa ekki komið með neinar tillögur eða lausnir í þessum efnum.“

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Fjarskiptastofu, segir mikinn árangur hafa náðst í ljósleiðaravæðingu dreifbýlis. „Fyrir nokkrum árum ákváðu stjórnvöld að ljósleiðaravæða strjálbýlið með styrkjum úr ríkissjóði vegna þess að það var markaðsbrestur til staðar. Ljóst var að fjarskiptafélögin myndu aldrei ljósleiðaravæða sveitabæina upp á eigin spýtur,“ segir Hrafnkell.

„Það er tímafrekasti og dýrasti þátturinn á hvert heimili í ljósleiðaravæðingunni. Markaðsaðilar hafa ljósleiðaravætt þéttbýlið á Suðvesturhorninu og Eyjafjarðarsvæðinu. Eftir stendur þéttbýlið úti á landi.“

Hrafnkell bendir á að ríkið geti ekki niðurgreitt uppbyggingu á samkeppnismarkaði í ljósi regluverks EES-réttar um ríkisstyrki. „Hvað varðar þéttbýli úti á landi hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvort það séu markaðslegar forsendur fyrir uppbyggingu. Það er því óljóst hvort þetta séu markaðssvæði eða ekki. Stjórnvöld hafa ekki stigið til jarðar með það,“ segir Hrafnkell.

Spurður hvort Fjarskiptastofa hafi ekki, eins og gefið er í skyn í umsögn Símans, beitt sér fyrir ljósleiðaravæðingu á þéttbýlissvæðum svarar Hrafnkell neitandi.

„Það er ekki rétt að við höfum ekki beitt okkur. Við höfum reynt að auka áhuga fyrirtækja á uppbyggingu,“ segir Hrafnkell. Annars vegar setti stofnunin það sem skilyrði í síðustu ráðstöfun tíðniheimilda að það yrði byggt upp 5G-net úti á landi á níu af þessum þéttbýlissvæðum til að bæta þjónustuna þar.

„Það er því sannarlega búið að gera ráðstafanir til að efla samkeppni á þéttbýlissvæðum á landsbyggðinni Hins vegar hefur stofnunin með virkum hætti hvatt til samstarfs og samnýtingar við uppbyggingu fjarskiptainnviða þar sem það á við og meðal annars gefið út leiðbeiningar til markaðsaðila þar að lútandi. En ég er engu að síður þeirrar skoðunar að það þurfi að stíga til jarðar af fullum þunga til að ljósleiðaravæða þessi svæði. Spurning er hvernig það verður gert,“ bætir Hrafnkell við.

***Hver þarf að eiga frumkvæðið til að koma þessu í lag? Fjarskiptafélög, stjórnvöld eða Fjarskiptastofa?***

„Allir þessir aðilar geta átt aðild að samtalinu. Megininntak fjarskiptaregluverksins liggur í því að markaðsaðilar byggi upp fjarskiptainnviði í samkeppni og eigi að því frumkvæði, með samstarfi þar sem við á. Hafi verið sýnt fram á markaðsbrest, það er að markaðsaðilar vilji og muni ekki byggja upp, þá kann að koma til þess að nýta þurfi opinbert fé til uppbyggingarinnar. Fjarskiptastofa byggir ekki upp innviði heldur notar ákvæði regluverksins til þess að fá markaðsaðila til að hreyfa sig. Það höfum við sannarlega gert til dæmis hvað varðar farnetsþjónustu úti á landi og því að hvetja til samstarfs,“ segir Hrafnkell.

> **„Það er því óljóst hvort þetta séu markaðssvæði eða ekki. Stjórnvöld hafa ekki stigið til jarðar með það.**
>
> Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Fjarskiptastofu.

Ljósleiðaravæðing þéttbýlissvæða verður sífellt meira aðkallandi ef marka má umsagnir sveitarstjórna um ofangreinda grænbók.

„Flýta þarf því að tengja þéttbýli á landsbyggðinni, sérstaklega ef litið er til markmiða stjórnvalda um jafna búsetu og áherslu á störf án staðsetningar,“ segir í umsögn Vesturbyggðar.

Aðspurður segist Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, hafa orðið var við vaxandi óþolinmæði sveitarstjórna.

„Það er mjög skiljanlegt enda endurspegla sveitarstjórnir óskir íbúanna. Koparþráðurinn hefur gengið upp að ákveðnu marki en fólk vill ljósleiðara,“ segir Sigurður Ingi.

Í umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga kemur fram að staða háhraðatenginga í þéttbýliskjörnum á Vestfjörðum sé ekki viðunandi.

„Krafan er að stjórnvöld séu á hverjum tíma að þrýsta á fjarskiptafyrirtæki og eða koma inn með beinum hætti til að tryggja að markmið fjarskiptaáætlunar gangi eftir s.s. að tryggja að ekki séu tafir á uppbyggingu kerfisins,“ segir í umsögn sambandsins.

Þá sagði Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsnesbæjar, í samtali við Markaðinn í lok síðasta árs að mikill þrýstingur væri á bæjaryfirvöld að fá ljósleiðara, „enda er hraði nettenginga eitt af þeim málum sem brenna hvað mest á landsbyggðinni.“

***Hefur ljósleiðaravæðing þéttbýlissvæða strandað á stjórnsýslunni?***

„Fjarskiptafyrirtækin hafa litið svo á að ekki sé hægt að tengja þessi svæði á markaðslegum forsendum. En ég verð að spyrja sjálfan mig að því hvort það geti verið rétt þegar Vestmannaeyjabær með þrjú þúsund íbúa er einn þeirra. Það hefur verið einhver skortur á vilja hjá stóru fjarskiptafyrirtækjunum og hugsanlega er það vegna skorts á samkeppni milli þeirra,“ segir Sigurður Ingi. ■

# SITTU BETUR Í VETUR



## -30% af öllum stólum



30% AFSLÁTTUR

**ERGO MEDIC 100-2**
TILBOÐSVERÐ
**159.900 kr.**
LISTAVERÐ 229.900 kr.



30% AFSLÁTTUR

**P90**
TILBOÐSVERÐ
**78.900 kr.**
LISTAVERÐ 112.900 kr.



30% AFSLÁTTUR

**HEADPOINT**
TILBOÐSVERÐ
**64.900 kr.**
LISTAVERÐ 93.900 kr.



35% AFSLÁTTUR

**SUPPORT**
TILBOÐSVERÐ
**20.400 kr.**
LISTAVERÐ 31.400 kr.
Hægt að kaupa arma sér



30% AFSLÁTTUR

**SITNESS 15**
TILBOÐSVERÐ
**69.900 kr.**
LISTAVERÐ 103.900 kr.

RAMMASAMNINGUR VIÐ
**RÍKISKAUP**

# Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

www.hirzlan.is

**Verslun opin** mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.

# Kaldalón tekið stakkaskiptum í sumar



**Helgi Vífill Júlíusson**
helgivifill
@frettabladid.is

**Fasteignafélagið Kaldalón hefur selt þróunareignir, keypt tekjuberandi eignir, aukið hlutafé, skipt um forstjóra, sett helmings hlut í steypustöð á sölu og stefnir á Aðallistann í Kauphöllinni.**

Kaldalón, sem skráð er á First North markaðinn, hefur tekið miklum breytingum frá því í maí og er félagið enn í breytingafasa. Í byrjun sumars var tilkynnt að Kaldalón færi frá því að sinna alfarið fasteignaþróun í að leggja höfuðáherslu á tekjuberandi eignir en væri samhliða með sterkan þróunararm.

„Umbreytingin er vel á veg komin,“ segir Jón Þór Gunnarsson, forstjóri fyrirtækisins. „Það eru kauptækifæri víða í atvinnueignum. Stefnt er að því að á næsta ári verði fasteignasafnið vel skráningarhæft á Aðalmarkað í Kauphöllinni, vel fjármagnað og með hátt útleiguhlutfall,“ bætir hann við.

Á fáeinum mánuðum hafa fimm þróunarverkefni verið seld fyrir 3,6 milljarða króna að frádregnum skuldum, fasteignir þriggja hótela í miðbænum keyptar fyrir rúmlega níu milljarða að skuldum meðtöldum, hlutafé aukið um 1,8 milljarða með tilkomu fjárfestisins Jonathan B. Rubini, sem á fasteignafélagið JL Properties í Alaska auk VÍS og sjóða á vegum Stefnis í hlutahafahópinn, helmings hlutur í steypustöðinni Steinsteypunni settur í söluferli og skipt var um forstjóra en Jón Þór tók nýverið við af Jónasi Þór Þorvaldssyni.

Arion banki, sem annast söluna á hlutnum í Steinsteypunni, hefur sömuleiðis sölutryggt hlutafjárútboð sem áætlað er að verði efnt til á næsta ári í aðdraganda fyrirhugaðrar skráningar félagsins á Aðalmarkað. „Sölutryggingin er mikil traustsyfirlýsing. Það er erfitt að finna sambærilegan samning fyrir félag af þessari stærð í seinni tíð,“ segir hann.

Jón Þór segir að Kaldalón muni ekki einblína á fasteignir í ferðaþjónustu, þrátt fyrir umtalsverð kaup á því sviði að undanförnu, heldur sé horft til þess að hlutfallið verði um 25-30 prósent af eignasafninu. „Við erum alltaf að skoða kauptækifæri í fasteignum. Það er okkar daglega verkefni. Við eigum í viðræðum við ýmsa,“ segir hann.

Kaldalón á fasteignir hótelanna Sand Hótel við Laugaveg sem rekið er af KEA hótelum, Storm Hótel í Þórunnartúni sem einnig er rekið af KEA og Room With a View sem rekið er í fasteignum á Vegamótastíg.

„Kaupverðið tók mið að því að ekki er gert ráð fyrir fullum tekjum af útleigu til hótelanna fyrr en árið 2023. Rekstur hótelanna hefur gengið vel í sumar,“ segir Jón Þór.

***Var fasteignaþróunin dýrari en upphaflega var gert ráð fyrir eða markaðsaðstæður óhagfelldar? Eru einhverjar slíkar ástæður fyrir því að félagið er að leggja aukna áherslu á tekjuberandi eignir í stað fasteignaþróunar?***

„Fasteignaþróunin hefur almennt gengið vel og má í því samhengi nefna uppbygginguna í Vogabyggð. Stjórn félagsins tók þessa ákvörðun og í því samhengi var rýnt í hvaða þróunareignir eða aðrar eignir skyldi halda í og hverjar skyldi selja til að straumlínulaga reksturinn. Um leið og Kaldalón lagði áherslu á tekjuberandi eignir í stað fasteignaþróunar varð steypustöðin Steinsteypan ekki hluti af kjarnastarfsemi.“

***Eru aðallega kauptækifæri í fasteignum þar sem gefið hefur á bátinn hjá eigenda fasteignanna?***

„Það hafa gefist slík tækifæri en almennt metum við ekki markaðsaðstæður með þeim hætti. Undanfarin tvö til þrjú ár hefur verið lítið um viðskipti með atvinnuhúsnæði og nú eru ýmsir reiðubúnir til að selja. Í því eru fólgin tækifæri.“

***Hvers vegna viljið þið færa ykkur af First North yfir á Aðallistann?***

„Við teljum að Kaldalón verði á næsta ári komið í þá stærð að það henti vel á Aðallistann. Gerðar eru auknar kröfur um gagnsæi, til dæmis með því að birta uppgjör fjórum sinnum á ári í stað tvisvar á ári á eins og á First North. Þá styður það við hagstæðari fjármögnun. Á Aðallistanum gefst einnig tækifæri á meiri viðskiptum með bréf félagsins og hluthafahópurinn verður breiðari.“

Starfsmenn Kaldalóns, sem metið er á um 8,5 milljarða króna á markaði, eru einungis tveir. GAMMA annaðist þar til nýlega daglegan rekstur fyrirtækisins. „Við eigum eftir að bæta í hópinn eins og að ráða bókara á næstunni en við munum halda teyminu fámennu og vinna þétt saman. Við munum til að mynda ekki reka lítið viðhaldsfyrirtæki til að sinna eignunum heldur útvista þeirra vinnu,“ segir Jón Þór og getur þess að samið hafi verið við Arion banka um að vera þeim innanhandar við að meta fjárfestingakosti. ■



Jón Þór Gunnarsson, forstjóri Kaldalóns, segir að umbreytingin í Kaldalóns sé vel á veg komin. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR

### Vilja gott verð fyrir Steinsteypuna

Bókfært virði Kaldalóns á 50 prósenta hlut í Steinsteypustöðinni var aukið úr 335 milljónum króna 602 milljónir króna í nýju hálfs ársuppgjöri félagsins. Eins og fram hefur komið er hluturinn til sölu. Þriðji aðili gerði verðmat fyrir fasteignafélagið á félaginu og byggir það á áætlunum stjórnenda Steinsteypustöðvarinnar fyrir árin 2021 til 2025. Í bókum Kaldalóns var miðað við lægri mörk verðmatsins og tekin þriðjungs varúðarfærsla af því, að því er fram kemur í ársreikningi.

*Kemur Kaldalón ágætlega fjárhagslega út úr því að hafa komið að stofnun Steinsteypustöðvarinnar?*

„Já, reksturinn hefur gengið vel. Fyrirtækið er rúmlega þriggja ára gamalt og er í miklum vexti. Um er að ræða gott félag og okkar væntingar standa til að fá gott verð fyrir hlutinn. Það er ekkert sem krefur okkur um sölu og því erum við í þeirri aðstöðu að geta beðið með sölu ef tilboðin standa ekki undir væntingum.“

Tekjur Steinsteypunnar jukust um 50 prósent á milli ára og námu um 1,1 milljarði króna árið 2020. Eigið fé steypustöðvarinnar var 431 milljón við árslok 2020 og eiginfjárhlutfallið 40 prósent.

## Fara í fasta vexti

hordur@frettabladid.is

Ný útlán bankakerfisins, umfram upp- og umframgreiðslur, námu 48 milljörðum í júlí. Útlán til heimilanna jukust um 34 milljarða en til atvinnufyrirtækja var aukningin um 15,6 milljarðar. Er það mesta útlánaaukning á einum mánuði til fyrirtækja frá því mars 2020.

Þetta má lesa út úr nýjum hagtölum Seðlabankans um bankakerfið en hrein ný útlán til atvinnulífsins nema 55 milljörðum frá áramótum en til samanburðar voru þau aðeins 8 milljarðar á öllu síðasta ári.

Ný íbúðalán eru í auknum mæli á föstum vöxtum samhliða væntingum um að Seðlabankinn muni hækka vexti á komandi misserum. Þannig voru 79 prósent nýrra lána til heimilanna, með veði í fasteign, á föstum vöxtum í síðasta mánuði. ■

# Coripharma skoðar skráningu á markað

hordur@frettabladid.is

Íslenska samheitalyfjafyrirtækið Coripharma, sem hóf sölu á sínu fyrsta lyfi fyrr í sumar, skoðar nú alvarlega þann möguleika að efna til opins hlutafjárútboðs og skráningar á hlutabréfamarkað á komandi mánuðum ef markaðsaðstæður reynast hagfelldar. Þar er einkum horft til First North-markaðarins í Kauphöllinni hér heima, en einnig kemur til greina skráning erlendis.

Bjarni Þorvarðarson, stjórnarformaður og einn af stærri hluthöfum Coripharma, staðfestir þetta í samtali við Markaðinn. Verði það skráð á markað er áætlað að félagið muni stefna á að sækja sér um 3 til allt að 5 milljarða króna í nýtt hlutafé þannig að viðskipta- og fjárfestingaáætlanir Coripharma yrðu þá fullfjármagnaðar.

Bjarni bendir á þróun síðustu mánaða hérlendis, þar sem við höfum meðal annars séð skráningar fyrirtækja eins og flugfélagsins Play og tölvuleikjafyrirtækisins Solid Clouds, sem sýni að fagfjárfestar og almenningur séu áhugasamir um að koma að fjárfestingu í fyrirtækjum á fyrra stigi í vexti þeirra en oft áður.

„Ástæðan fyrir því að skráning er nú til skoðunar hjá félaginu, ásamt öðrum kostum eins og hlutafjáraukningu í gegnum lokað útboð, er að við höfum fundið fyrir miklum áhuga fjárfesta, sem almennt fjárfesta einungis í skráðum fyrirtækjum, á að koma að Coripharma. Þetta á einkum við núna eftir að fyrsta lyfið sem Coripharma þróaði er komið á markað í Evrópu,“ útskýrir Bjarni.

> **3-5**
> **Fari Coripharma á markað áætlar það að sækja sér um 3 til 5 milljarða í nýtt hlutafé.**

Síðasta fjármögnun Coripharma var í byrjun þessa árs þegar félagið kláraði 2,5 milljarða króna hlutafjáraukningu sem var leidd af Iðunni, nýjum framtakssjóði í rekstri Kviku eignastýringar, en helstu hluthafar Iðunnar eru flestir stærstu lífeyrissjóðir landsins. Við það tilefni sagði Jónína Guðmundsdóttir, forstjóri félagsins, að Coripharma myndi verja um 9 milljónum evra, jafnvirði um 1,4 milljarða íslenskra króna á núverandi gengi, í rannsóknir og þróun á samheitalyfjum á þessu ári. Fyrirtækið áætlar að þróa og markaðssetja 5-6 samheitalyf árlega.

Starfsfólk Coripharma, sem tók yfir verksmiðju og þróunareiningu Teva (áður Actavis) fyrir fáeinum árum, telur um 130 manns. Auk Iðunnar, sem fer með um 19 prósenta eignarhlut, eru stærstu hluthafar félagsins framtakssjóðurinn TFII, sem er í stýringu Íslenskra verðbréfa, BKP Invest, sem er í meirihlutaeigu Bjarna K. Þorvarðarsonar stjórnarformanns Coripharma, Vátryggingafélag Íslands, Snæból og Eignarhaldsfélagið Hof. ■

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ
MIÐVIKUDAGUR 25. ágúst 2021






Verkstæði Borgarbókasafnsins bjóða reglulega upp á opið hús sem nefnast Fiktdagar. MYND/AÐSEND

## Fiktað í frábærum forritum

starri@frettabladid.is

Verkstæði Borgarbókasafnsins bjóða reglulega upp á opið hús sem nefnast Fiktdagar en þar er öllum velkomið að kíkja í heimsókn og rækta ýmsa kunnáttu með fikti í einrúmi eða í góðum félagsskap.

Fiktdagurinn í dag ber nafnið Viltu fikta í frábærum forritum? og er haldinn á Verkstæðinu sem staðsett er í Grófinni, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík, klukkan 15-18. Þar verður meðal annars boðið upp á að fikta í forritum á borð við tónlistarforritin Logic Pro, Ableton Live, Reaper og Garageband auk myndvinnsluforritanna Final Cut Pro, Adobe (Photoshop, InDesign, Illustrator, Premiere Pro og fleiri) og iMovie. Á staðnum verður einnig grænskjár (e. green sceen).

Allir eru velkomnir óháð kunnáttu, ungir sem aldnir. Yngri en 13 ára þurfa þó að vera í fylgd með fullorðnum.

Þátttakendur mega gjarnan mæta með eigin fartölvu og verkefni, en á staðnum eru fjórar veglegar iMac-tölvur. Best er að mæta snemma en hægt er að bóka sæti á vef Borgarbókasafnsins.

Hvert Verkstæði Borgarbókasafnsins er með sína eigin dagskrá, en almennt eru Fiktdagar haldnir vikulega í Grófinni, aðra hvora viku í Gerðubergi og mánaðarlega í Árbæ. ■

Sjá nánari upplýsingar á borgarbokasafn.is.






Magnea Huld Aradóttir glímdi lengi við gömul íþróttameiðsl en verkurinn hvarf þegar hún fór að taka inn kollagen frá Feel Iceland. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Fagnar rútínunni á haustin

Þökk sé Feel Iceland-kollageni kennir Magnea Huld Aradóttir, íslenskufræðingur og kennari, sér nú einskis meins eftir að hafa í áratugi glímt við verki í hné. Hárið hefur líka þykknað og húðin er orðin svo silkimjúk að maðurinn hennar Magneu klappar henni eins og kisu. 2



Magnea Huld setur kollagen út í kaffi en líka þeyting sem samanstendur af rauðrófu, hindberjum, epli, eplasafa, engifer, túrmeriki og sítrónusafa.



Magnea Huld æfði handbolta og fótbolta með Fram á árum áður en í dag eru hlaup hennar líkamsrækt. Hún er einmitt farin að hlaupa verkjalaus í hnénu eftir að hún fór að taka inn Feel Iceland kollagen. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Húðin er orðin svo mjúk að maðurinn minn getur ekki hætt að koma við mig. Hann strýkur á mér bakið og klappar eins og kisu,“ segir Magnea Huld Aradóttir og skellihlær. Ástæða fyrir silkimjúku hörundi Magneu er Feel Iceland kollagen.

Magnea er 44 ára Reykvíkingur, gift, tveggja barna móðir sem er nýbúin að fá sér hvolp. Hún er kennari í Réttarholtsskóla þar sem hún kennir unglingum í 8., 9. og 10. bekk íslensku og fjármálalæsi.

„Áður en ég varð kennari starfaði ég um árabil í Arion banka. Svo kom að því að mig langaði að söðla um. Ég fann að það átti meira við mig að vera í kringum fólk en peninga og líka að eiga í meiri samskiptum. Því tók ég kennsluréttindin á meðan ég vann í bankanum, en ég var í grunninn með BA-gráðu í íslensku,“ útskýrir Magnea sem lagði einnig stund á viðskiptafræði í háskólanum.

„Það er stórkostlega gaman að kenna unglingum. Ég byrjaði kennsluferilinn á að kenna yngri bekkjunum en fannst erfiðara að hafa stjórn á fyrstu bekkingum en unglingum. Ég næ betur til þeirra en yngri krakkanna,“ greinir Magnea frá.

Hún verður ekki vör við neina unglingaveiki né unglingavandamál í sínu starfi.

„Unglingar eru frábært fólk og öðruvísi í dag en þegar ég ólst upp. Þeir eru heilbrigðari og ég held að það sé vegna þess að foreldrar nú til dags eru meiri þátttakendur í lífi unglinganna sinna. Þegar ég var á unglingsárunum hugsuðu unglingar meira og minna um sjálfan sig, og sjálf keppti ég í handbolta og fótbolta án þess að mamma eða pabbi kæmu til að horfa á leiki. Í dag eru breyttir tímar; foreldrar fylgja börnum sínum eftir í áhugamálum og námi, samvera fjölskyldunnar er meiri og nánari, og foreldrar vita hvar unglingarnir þeirra eru á kvöldin og um helgar. Allt hefur þetta forvarnargildi sem skilar sér í heilbrigðari unglingum og sterkari sjálfsmynd þeirra. Ég er því virkilega ánægð með unglingana okkar og hef hlakkað mikið til að hitta þá aftur nú þegar sumri hallar,“ segir Magnea sem hitti nemendur sína á fyrsta skóladeginum á mánudag.

> **Ég finn hvað kollagenið frá Feel Iceland gerir mér gott. Góður árangurinn leynir sér ekki en það er lykilatriði að taka kollagenið inn samviskusamlega á hverjum degi.**
>
> Magnea Huld Aradóttir.

„Það leggst alltaf vel í mig að komast í rútínuna aftur. Mér þykir alltaf jafn gaman að fara í sumarfrí á vorin, en í byrjun ágúst fyllist ég spenningi yfir að byrja í vinnunni aftur, hitta krakkana og samstarfsfólkið, og það eru sannarlega forréttindi.“

**Hreinsar hugann á hlaupum**

Magnea æfði bæði handbolta og fótbolta með Fram hér áður fyrr, en í seinni tíð eiga hlaup hug hennar allan.

„Hlaup eru í dag mín líkamsrækt. Ég er svo heppin að í vinnunni er afbragðs líkamsræktarsalur þar sem ég get farið með vinkonum og vinnufélögum á bretti og þar lyfti ég lóðum og ketilbjöllum. Ég er vel í stað sett að búa við Fossvogsdalinn þar sem eru margar frábærar hlaupaleiðir í nágrenninu og frá því í mars fram í nóvember hleyp ég utanhúss. Mér finnst gott að hlaupa ein og hreinsa hugann með því að skokka. Það er mín hugleiðsla og á hlaupunum fæ ég bæði hugmyndir og leysi vandamál. Ég hef ekki enn gerst meðlimur í hlaupahóp því mér finnst erfitt að vera niðurnjörvuð með tíma og reima frekar á mig hlaupaskóna þegar mér hentar.“

Magnea tók sig til og hljóp Laugaveginn í fyrrasumar, frá Landmannalaugum yfir í Þórsmörk, alls 58 kílómetra.

„Þá fórum við fimmtán saman með trúss og leiðsögumann og hlupum þetta á tveimur dögum. Það var stórkostleg upplifun, náttúran á leiðinni er stórbrotin og alveg ný upplifun að hlaupa upp um fjöll og firnindi, en mér hentar betur að skokka langar vegalengdir en að labba,“ upplýsir Magnea.




Magnea Huld tekur inn Amino Marine Collagen frá Feel Iceland og líka bætiefnið Joint Rewind frá Feel Iceland.

**Verkir hurfu með Feel Iceland**

Gömul íþróttameiðsl hafa lengi hrjáð Magneu sem fær slæman verk í vinstra hné þegar hún hleypur langar vegalengdir.

„Þá er ég að farast í hnénu í tvo daga á eftir og á í mestu erfiðleikum með að fara upp og niður stiga. Því varð úr að ég prófaði að taka inn Feel Iceland kollagen og það var eins og við manninn mælt, ég hætti fljótlega að finna til í hnénu. Verkurinn hvarf eins og dögg fyrir sólu, sem er stórmerkilegt í ljósi þess að ég hef glímt við þetta áratugum saman. Ég hafði líka prófað ýmislegt við verknum en fann aldrei mun fyrr en með kollageninu frá Feel Iceland,“ greinir Magnea frá.

Hún fær sér væna skeið af kollageni út í kaffi á morgnana og aðra skeið út í þeyting að vinnudegi loknum.

„Ég borða ekki kjöt og spái mikið í næringarefni og hollustu matvæla. Því set ég hálfa rauðrófu út í þeytinginn, en hún er einstaklega hollur kostur fyrir íþróttafólk, stútfull af vítamínum og útvíkkar æðarnar. Ég set líka hálft epli, gult eða grænt, smá bút af engifer og ferskt túrmerik ef ég á það til. Þá bæti ég við frosnum hindberjum, eplasafa, nokkrum dropum af sítrónusafa og skeið af Feel Iceland kollageni, og ef ég á myntu setur það punktinn yfir i-ið. Þetta er hollt og gott millimál, og fjölskyldan elskar þetta. Við lifum heilsusamlegu lífi, erum dugleg að borða hollt og stunda hreyfingu, börnin eru á kafi í fótbolta hjá Víkingi og maðurinn minn í golfi,“ upplýsir Magnea.

Hún er staðráðin í að halda áfram inntöku kollagens og tekur líka inn Joint Rewind frá Feel Iceland, sem eykur enn á vellíðan í hnjám og liðum.

„Ég finn hvað þetta gerir mér gott fyrir hlaupin og mæli heilshugar með Feel Iceland-vörunum. Árangurinn leynir sér ekki en það er lykilatriði að taka kollagenið inn samviskusamlega á hverjum degi. Ég veit að margir taka vítamín upp á kraft fyrstu vikuna en svo verður það gjarnan stopulla. Þetta verður að vera lífsstíll svo það geri gagn.“

Magnea finnur líka stóran mun á húð sinni, nöglum og hári.

„Þeir sem þekkja mig spyrja hvaða bætiefni ég sé að taka því húðin er svo góð. Það sama á við um hárið. Fyrir fáeinum árum fór ég að finna fyrir hárlosi en eftir að ég fór að taka inn Feel Iceland kollagen varð hárlosið minna og hárgreiðslukonan, sem klippt hefur mig árum saman, spurði mig hvaða vítamín ég væri eiginlega að taka því rótin væri orðin svo þykk af nýjum hárum sem sprottið hafa fram. Neglurnar eru líka harðar og fallegar. Kollagenið gerir því sannarlega fjölþætt gagn.“ ■

Feel Iceland vörurnar fást meðal annars á eftirtöldum stöðum: Lyfju, Heilsuhúsinu, Lyfjum og heilsu, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Apótekaranum, Fríhöfninni, Jurtaapótekinu, Krónunni og Nettó.

Nánari upplýsingar á feeliceland.com.

# Horft til framtíðar
## Krabbameinsfélagið 70 ára

**MIÐVIKUDAGUR** 25. ágúst 2021




Krabbameinsfélagið er sameiningarafl og málsvari þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda.

Markmið Krabbameinsfélagsins eru skýr. Að vinna gegn krabbameinum, svo færri veikist, að draga úr dauðsföllum af völdum krabbameina og að bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda.

# Krabbameinsfélagið horfir til framtíðar

Framtíðarspár benda til að krabbameinum fjölgi um 28 prósent á næstu fimmtán árum. Framfarir eru töluverðar og lífshorfur fólks með krabbamein hafa tvöfaldast á síðustu 70 árum. Áætlanir gera ráð fyrir að lifendur verði 20.000 árið 2027.

Krabbamein varða okkur öll. Þriðji hver landsmaður getur vænst þess að fá krabbamein á lífsleiðinni og langflest okkar eru í hlutverki náins aðstandanda einhvern tíma á ævinni, jafnvel oft. Krabbamein eru fyrst og fremst sjúkdómar eldra fólks en á hverju ári deyja samt foreldrar úr krabbameinum frá 60 börnum. Krabbamein eru líka orsök flestra ótímabærra dauðsfalla fólks yngri en 74 ára, um 300 á ári.

Markmið Krabbameinsfélagsins eru metnaðarfull. Að fækka þeim sem veikjast af krabbameinum, að fjölga þeim sem lifa sjúkdómana af og að bæta lífsgæði þeirra sem veikjast og aðstandenda þeirra.

Markmiðin endurspeglast í fjölbreyttri starfsemi félagsins. Í blaðinu er stiklað á stóru í starfseminni og horft til baka í 70 ára sögu félagsins þar sem sjást berlega þau stóru framfaraskref sem félagið hefur markað. Þau skref hefur almenningur og fyrirtæki gert möguleg, með öflugum stuðningi við félagið.

Rannsóknir sýna að hægt er að koma í veg fyrir fjögur af hverjum tíu krabbameinum, fyrst og fremst með heilsusamlegum lífsstíl. Hagnýting rannsóknanna er flóknara mál. Að beina réttum aðgerðum til ólíkra hópa á réttum tíma er áskorun og krefst náins samstarfs Krabbameinsfélagsins, stjórnvalda og hagsmunaaðila. Frábær árangur hér á landi í reykingaforvörnum, sem sést í lækkuðu nýgengi og dánartíðni af völdum lungnakrabbameins, er mikil hvatning. Árangurinn verður ekki til af sjálfu sér. Hann krefst samstillts átaks og úthalds.




Valgerður Sigurðardóttir er formaður Krabbameinsfélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Á hverju ári deyja foreldrar úr krabbameinum frá sextíu börnum.

Alþjóðastofnanir mæla með skimun fyrir þremur krabbameinum. Hér á landi hefur lengi verið skimað með mjög góðum árangri fyrir krabbameini í leghálsi og brjóstum. Áætlað er að leghálsskimun hafi bjargað lífi að minnsta kosti 430 kvenna. Ísland er hins vegar, ásamt Færeyjum, enn eftirbátur hinna Norðurlandanna varðandi skimun fyrir krabbameini í ristli og endaþarmi því enn býðst ekki skimun með skipulögðum hætti. Slík skimun getur bjargað 5 til 10 mannslífum á hverju ári og að auki létt meðferð margra. Eftir hverju er beðið?

Greiningu krabbameins og krabbameinsmeðferð fylgir oft mjög mikið álag, bæði á þá sem veikjast og aðstandendur, sem spila stærra og stærra hlutverk. Lífinu er oft snúið algerlega á hvolf. Fólk leggur mikið á sig og sama gildir um heilbrigðisstarfsfólkið sem sinnir mjög krefjandi vinnu. Tryggja verður að öll þessi vinna skili sem mestum árangri en til þess verður aðstaða á heilbrigðisstofnunum að vera fyrsta flokks. Því fer því miður fjarri í dag.

Samfélagið verður sífellt fjölbreyttara. Því fylgja margvíslegar áskoranir, meðal annars þær að tryggja jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu, svo allir sitji við sama borð. Jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu er stórt hugtak sem snýst um kostnað sjúklinga, búsetu, heilsulæsi, trygga verkferla og fleira. Hér á landi er umræðan komin skammt á veg. Hana þarf að auka og bregðast við.

**Krabbameinsáætlun er leiðin fram á við**

Krabbamein eru vaxandi áskorun hér á landi í mjög mörgu tilliti. Ef viðhalda á góðum árangri og bæta enn frekar er nauðsynlegt að vera stórhuga og vinna mjög skipulega. Krabbameinsfélagið, ásamt fjölda annarra, lagði mikið til íslenskrar krabbameinsáætlunar, sem heilbrigðisráðherra samþykkti árið 2019. Áætlunin, með tímasettum og fjármögnuðum markmiðum er lykilatriði í áframhaldandi árangri, líkt og sést í nágrannalöndunum. Krabbameinsfélagið hlakkar til að sjá áætlunina sem eitt af leiðarljósunum í skipulagi og þróun heilbrigðismála hjá næstu ríkisstjórn.

Á 70 ára aldursári er Krabbameinsfélagið óþreytt og mun áfram vinna af metnaði að sínum markmiðum í góðu samstarfi við þjóðina. ■

# 450 milljónir til nýrrar dagdeildar á Landspítala

Á vordögum vakti mikla athygli þegar tilkynnt var að á aðalfundi Krabbameinsfélagsins hefði verið samþykkt að félagið legði allt að 450 milljónum króna til byggingar nýrrar dagdeildar blóð- og krabbameinslækninga á Landspítala. Núverandi aðstaða er fyrir löngu sprungin og þörfin er nú þegar orðin mjög aðkallandi. Landspítalinn hefur lagt fram hugmynd að framtíðarlausn sem er tiltölulega einföld í framkvæmd. Talið er að heildarkostnaður við hana nemi um 1.260 milljónum króna og myndi framlag Krabbameinsfélagsins því vera rúmlega þriðjungur heildarkostnaðar. Framlag félagsins er háð því að stjórnvöld taki undir með félaginu og setji byggingu dagdeildarinnar á dagskrá þannig að hægt sé að taka hana í notkun eftir þrjú ár.

„Krabbameinsfélaginu hefur mjög lengi verið aðstöðuleysi dagdeildar blóð- og krabbameinslækninga mjög hugleikið. Við vitum að krabbameinsmeðferð getur verið einstaklega krefjandi, bæði fyrir sjúklinga og fyrir aðstandendur, og það skiptir því höfuðmáli að aðstaða dagdeildar sé eins góð og hún getur mögulega verið,“ segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagins. „Með því að bæta aðstöðuna auðveldum við fólki að takast á við þennan erfiða tíma sem lyfjameðferð við krabbameinum er. En ekki aðeins það, við erum líka í stöðugri samkeppni um sérhæft starfsfólk í heilbrigðiskerfinu og til að halda í okkar besta fólk verðum við að geta boðið upp á toppaðstöðu. Þannig náum við topparangri sem hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra.“



Græni liturinn sýnir hvar viðbygging við K-bygginguna, á bak við aðalbygginguna LSH, myndi rísa.



Nýja dagdeildin verður í nálægð við geislameðferð krabbameinslækninga á Landspítalanum við Hringbraut.



Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Nokkrir punktar:**

- K-bygging er bakvið aðalbyggingu Landspítala og hefur staðið hálfkláruð um áratugaskeið.
- Niðurstaða frumathugunar, byggð á fyrirliggjandi gögnum, er að brýnt sé að ráðast í byggingu viðbyggingar við K-byggingu um 1.112 m², til að rúma dagdeild blóð- og krabbameinslækninga á einni hæð, um 970 m².
- Deildin yrði þar í nálægð við geislameðferð krabbameinslækninga á 10K og legudeildir blóð- og krabbameinslækninga á E og G.
- Ekki er gert ráð fyrir að dagdeildin fari í nýjan meðferðarkjarna og staðsetningin því hugsuð til lengri tíma.
- Kostnaðaráætlun framkvæmda byggð á frumáætlun er um 1.260 m.kr. með kostnaði við nauðsynlegar breytingar og tilfærslur innanhúss.
- Deiliskipulag liggur fyrir. Framkvæmdin er tiltölulega einföld þannig að þegar ákvörðun hefur verið tekin er hægt að taka nýja deild í notkun eftir þrjú ár. ■

Útgefandi: Torg ehf. | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 56543 | Veffang: frettabladid.is

# Krabbameinsfélagið á ríkt erindi næstu 70 árin

Enn tengja eflaust margir andlit Guðrúnar Agnarsdóttur við Krabbameinsfélagið og það er engin furða. Alls var hún forstjóri félagsins í 18 ár, eða frá 1992 til 2010.



Guðrún segist einna stoltust af landssöfnuninni árið 2001 þar sem safnað var fjármunum til að hefja skipulagða ráðgjafarþjónustu hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Á þeim tíma breyttist starfsemin umtalsvert. Þar má nefna að heimahlynning byrjaði sem sprotaverkefni og sannaði gildi sitt. Guðrún hafði frumkvæði að stofnun Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins sem er einn af hornsteinum félagsins í dag og þá tókst henni að endurnýja allan brjóstaskoðunartækjabúnað félagsins. Bleiku boðin hófu göngu sína sem fjáröflunar-og árveknisátak og það sama má segja um Mottumars. Listinn er langur og ferillinn farsæll. Guðrún fagnaði 80 ára afmæli fyrr í sumar. Hún fylgist vel með heilbrigðismálum sem læknir og fyrrverandi þingkona. Hún heimsótti Krabbameinsfélagið og leit yfir farinn veg og velti fyrir sér framtíð félagsins á 70 ára afmælisárinu.

Guðrún heilsar starfsfólki með virktum á leið um gamla vinnustaðinn sem henni er svo kær.

„Ég hafði verið hér í stjórn áður en ég hóf fullt starf en svo eru tengslin alltaf mikil. Maður lætur sjá sig á aðalfundum og svo er sæti í heiðursráði, svona ef maður hefur ekki klúðrað neinu stórkostlegu,“ segir Guðrún og brosir við.

„Þannig að þau eru úti um allt, tengslin við fólkið sem hér starfar og hefur hingað leitað. Milli allra þessara ólíku sviða og skilgreindu deilda var mikill samgangur, í matsalnum hittist starfsfólkið á jöfnum grundvelli, brosti og spjallaði og mér leið alltaf eins og hér væri saman komin ein stór fjölskylda. Ég hugsa til hennar með miklum hlýhug.“

**Skilgreinum þörfina og svörum kallinu**

Breytingar hafa orðið á starfi félagsins undanfarin ár. Sú veigamesta er líklega sú að Leitarstöð Krabbameinsfélagsins hætti störfum um síðustu áramót eftir að hafa starfað óslitið frá árinu 1964.

„Það hafa orðið miklar breytingar en mikilvægast fyrir félag á borð við Krabbameinsfélagið er að aðlaga sig nýjum tíma og nýjum aðstæðum. Við vorum eina félagið á Norðurlöndum sem stundaði leitarstarf með þessum líka góða árangri sem hér náðist. Ástæðan var sú að læknar höfðu mikinn vísindalegan metnað til að hefja skipulagt leitarstarf í forvarnarskyni og má segja að Krabbameinsfélagið hafi verið langt á undan stjórnsýslunni í heilbrigðismálum. Þarna var þörf sem þurfti að sinna og félagið gat sinnt henni. Félagið er stofnað af áhugafólki í heilbrigðisstétt sem eygði möguleika á að gera eitthvað sem skipti máli því þarna er til fagleg þekking og mikill hugur meðal fólks að nýta hana til góðs.“

*Má segja að byltingar í heilbrigðissögu Íslendinga komi frá grasrótinni, þar sé bent á þörfina og henni svarað uns heilbrigðiskerfið hefur burði til að taka við?*

„Já, en þarna er einmitt faglegt frumkvæði sem er tekið af menntuðu fólki jafnvel þótt það sé innan áhugasamtaka. Þar má benda á fjölmargt sem hefur litið dagsins ljós, fyrst hjá Krabbameinsfélaginu, hvort sem það er leitarstarf, frumurannsóknir eða krabbameinsskráin sem er auðvitað ótrúlegt afrek. Svo má minnast á forvarnarstarf gegn reykingum sem var einstaklega árangursríkt og hlutfall Íslendinga sem reykti hríðféll. Skólabörn höfðu séð alls konar myndir og upplýsingar um skaðsemi reykinga og fóru að beita foreldra sína, afa og ömmur þrýstingi um að hætta. Með þátttöku stjórnvalda síðar meir tókst okkur næstum að útrýma reykingum sem okkar helstu heilsuvá.“

**Traustið mun endurvinnast**

„Ég minnist þess að þegar ég var erlendis á fundum, bæði vegna norræna samstarfsins sem og evrópska samstarfsins sem við vorum aðilar að, þá vakti árangur okkar í skipulögðu leitarstarfi mikla aðdáun. Þátttaka var ávallt með besta móti og kollegum okkar erlendis þótti sérstaklega merkilegt hvernig okkur tókst að ná til heillar þjóðar. Því eru það auðvitað vonbrigði að hafa horft upp á þetta klúður sem hefur fylgt skimunarstarfi á þessu ári eftir að starfsemin var flutt til Heilsugæslunnar og Landspítala,“ segir Guðrún.

Eins og flestir vita var skimunarstarf fyrir bæði brjósta- og leghálskrabbameinum flutt frá Krabbameinsfélaginu um síðustu áramót og við tóku aðilar heilbrigðiskerfisins. Fyrirkomulagið hefur hlotið talsverða gagnrýni og þá sérstaklega að leghálssýni voru flutt úr landi á danska rannsóknarstofu. Þeirri ákvörðun hefur nú verið snúið við.

*Hvernig er hægt að fá konur til að öðlast traust á kerfið eftir allt sem á undan er gengið?*

„Þátttakan var auðvitað alltaf með besta móti en á síðasta áratug veit ég að eitthvað var farið að fækka. Ástæður fyrir því geta verið margar. Kostnaður er sjálfsagt ástæða, sérstaklega fyrir ungar konur sem hafa ef til vill ekki mikið milli handanna. Að sama skapi hugsum við oft að við séum ósigrandi og ódauðleg þegar við erum á þrítugs- og fertugsaldri og því ekki fyrsta hugsun að fara í skimun. Þátttakan skiptir höfuðmáli til að skimun sem forvörn virki sem skyldi. Skiljanlega hefur traustið á þjónustuna minnkað en ég er þess fullviss að traustið mun endurvinnast fljótt þegar konur sjá að metnaður er fyrir starfinu og greitt verður úr þeim flækjum sem mynduðust í upphafi árs.“



Guðrún að kynna átakið Karlar og krabbamein 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Það eru fyrst og fremst konur sem nota heilbrigðiskerfið**

Í kjölfar alls sem á undan er gengið heyrast raddir sem telja að það halli á konur í heilbrigðiskerfinu. Svo kæruleysislega yrði til dæmis ekki farið með heilbrigðismál sem sneri einungis að körlum. Einnig mætti benda á að það hallar augljóslega á konur þegar kemur að starfsfólki heilbrigðisstétta, í öllu falli þegar kemur að launamálum.

„Ég get sagt frá því að þegar ég var í sérnámi í Lundúnum stofnuðum við Félag íslenskra lækna í Bretlandi árið 1972. Við fengum heimsókn frá Magnúsi Kjartanssyni, þáverandi heilbrigðisráðherra, og héldum fyrir hann nokkrar kynningar. Ég hafði ekki hugsað sérstaklega um það þá, en í mínu ávarpi prófaði ég að kyngreina starfsfólk heilbrigðiskerfisins á Íslandi. Í ljós kom að um 80% þeirra sem þar störfuðu voru konur. Mig grunar að hlutfallið sé svipað í dag, þótt konur séu nú mun fleiri í læknastétt en var þá. Þessir ungu menn á þeim tíma höfðu aldrei hugsað út í þetta, „já, þú segir það já,“ var viðkvæðið. En þetta þurfum við að hafa á hreinu. Konur eru í miklum meirihluta starfsfólks innan heilbrigðiskerfisins og beinlínis bera uppi allt kerfið. Ég er alveg handviss um að launahluti kvenna sé ekki alveg í samræmi við það. Konur eiga skilið að fá mun meiri virðingu fyrir sín störf í heilbrigðiskerfinu.“

Guðrún hugsar sig um og bætir við að konur haldi ekki aðeins uppi kerfinu með sínum störfum, þær séu líka öflugri sem notendur. „Flestar kannanir sýna að konur eru almennt miklu duglegri við að vitja heilbrigðiskerfisins heldur en karlar. Og þetta á til að gleymast. Ekki endilega fyrir sína hönd. Konur vitja einnig heilbrigðiskerfisins fyrir hönd barna sinna, fyrir hönd eiginmanna eða foreldra og láta sig heilsu flestra varða í sínu nærumhverfi. Konur eru því stærri „kúnnahópur“ ef svo má að orði komast. Því er enn mikilvægara að greiða úr skimunarmálum og endurbyggja traust, því það er undirstaða heilbrigðiskerfis sem virkar.“

**Ráðgjafarþjónustan var bylting**

***Nú er kannski ástæða til að spyrja Guðrúnu um hvað henni þótti mikilvægasta framlag sitt á starfstíma sínum hjá Krabbameinsfélaginu, sem var langur og farsæll. Getur hún gert upp á milli barna sinna?***

„Við héldum stóra landssöfnun árið 2001 sem gekk líka svo vel að loks fengum við nægilega fjármuni til að hefja skipulagða ráðgjafarþjónustu hjá félaginu. Það hafði verið boðið upp á takmarkaða þjónustu, til dæmis hjá aðildarfélögunum, en ekki í líkingu það sem okkur tókst að setja á laggirnar. Þetta er einn af hornsteinum félagsins í dag og ég er afskaplega stolt yfir því að hafa tekið þátt í því að koma því á laggirnar. Þjónustan er ókeypis og ég er þess fullviss um að hún skipti fólk raunverulegu máli, bæði krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra.“

*Og framtíðin? Hvert verður hlutverk Krabbameinsfélagsins á næstu 70 árum?*

„Næg eru verkefnin! Félagið hefur barist fyrir skimun fyrir ristilkrabbameini, sem er augljóst mál að gera. Það er einmitt verkefni sem Krabbameinsfélagið knýr áfram og lætur verða að veruleika. Forvarnir verða mikilvægar og fræðsla um heilbrigðari lífshætti sem eru fyrirbyggjandi gegn krabbameinum. Eitt allra mikilvægasta er svo að búa til betri aðstæður fyrir krabbameinssjúklinga á Landspítalanum með byggingu nýrrar dagdeildar. Krabbameinsskráin er og verður ótrúlega mikilvægt tæki í krabbameinsrannsóknum um ókomna tíð og hlutverk félagsins í að efla rannsóknir á Íslandi verður áfram stórt og hefur rými til að stækka enn meira. Krabbameinsfélagið hefur ríkt erindi í framtíðinni og ég hef fulla trú á félaginu, nú sem aldrei fyrr.“ ■

> **Næg eru verkefnin! Eitt allra mikilvægasta verkefnið nú er að búa til betri aðstæður fyrir krabbameinssjúklinga á Landspítalanum.**
>
> Guðrún Agnarsdóttir.

## Velunnarar mynda styrkustu stoðina

Þótt það kunni að hljóma ótrúlega þá er Krabbameinsfélagið að fullu starfrækt fyrir styrktarfé frá almenningi og fyrirtækjum á Íslandi. Þar skipta stóru söfnunarátökin miklu máli og þar hefur íslenska þjóðin margoft sýnt að hún er tilbúin til að taka þátt í starfi Krabbameinsfélagsins.

Styrkasta stoð starfseminnar um allt land eru þó Velunnarar, mánaðarlegir styrktaraðilar félagsins, en þeir eru rúmlega 17 þúsund talsins um þessar mundir og hefur þeim fjölgað um rúmlega 1.300 á þessu ári. Reglulegir styrktaraðilar gera félaginu kleift að fjármagna rannsóknir á krabbameinum, rekstur á ráðgjafarþjónustu um allt land, efla forvarnir og fræðslu og styðja við fólk á landsbyggðinni sem sækir meðferð með aðgengi að íbúðum í Reykjavík.



Sigríður Thorlacius er einn af velunnurum Krabbameinsfélagsins.

Sigríður Thorlacius tónlistarkona er einmitt Velunnari. Aðspurð hvers vegna sagði hún í viðtali á þessu ári að það væri einfalt: „Því ég treysti Krabbameinsfélaginu til að nýta mína fjármuni þar sem þörfin er mest í þessum mikilvæga málaflokki. Það er svo einfalt.“ ■

## Hornsteinn í starfi félagsins

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins hóf störf árið 2001 og er í dag hornsteinn í starfi félagsins. Þar má nálgast fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur. Ráðgjafarþjónustan stendur fyrir reglulegum viðburðum og námskeiðum þar sem krabbameinsgreindir og aðstandendur geta nálgast aðra í sambærilegum aðstæðum og fengið þannig dýrmætan jafningjastuðning. Boðið er upp á fjarviðtöl í gegnum netið og símaviðtöl en einnig ferðast sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar og félagsráðgjafar á vegum Ráðgjafarþjónustunnar reglulega um landið til að mæta þörfum fólks sem er búsett á landsbyggðinni.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er að Skógarhlíð 8 í Reykjavík og er opin virka daga frá kl. 9-16. Ráðgjafarþjónustan er öllum opin og hægt er að koma án þess að gera boð á undan sér eða hafa samband við starfsmenn Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins í síma 800 4040 alla virka daga frá kl. 9-16 eða senda fyrirspurn í tölvupósti á netfangið radgjof@krabb.is og er þeim svarað eins fljótt og hægt er. ■




Laufey Tryggvadóttir, Helgi Birgisson og Elínborg Jóna Ólafsdóttir eru meðal öflugra starfsmanna Rannsóknarseturs.

# Gæðaskráning í forgang

Hjá Rannsóknar-og skráningarsetri Krabbameinsfélagsins hefur Krabbameinsskrá verið starfrækt frá árinu 1954.

Krabbameinsskrá Íslands er ein af heilbrigðisskrám landlæknis og er skráningin í samræmi við leiðbeiningar Evrópusamtaka krabbameinsskráa.

Ásamt krabbameinsskrám annarra Norðurlanda eru þær taldar sinna krabbameinsskráningu eins og best gerist í heiminum og er Krabbameinsskrá Íslands ein frumforsenda þess að unnt sé að stunda hágæða krabbameinsrannsóknir á Íslandi.

> Áttavitinn er umfangsmesta könnun sem gerð hefur verið á Íslandi um upplifun krabbameinssjúklinga af greiningu sinni og meðferð.

Lengi vel var skráningu á gæðum íslenskrar heilbrigðisþjónustu ábótavant og átti það einnig við um greiningu og meðferð krabbameina. Árið 2017 var hins vegar hafin gæðaskráning og í íslenskri krabbameinsáætlun 2015-2020 sem hefur gildistíma til 2030 er gæðaskráning sett í forgang. Sterkar vísbendingar eru nú þegar komnar fram um að gæðaskráningin sé farin að koma læknum og krabbameinssjúkum að gagni með markvissari greiningu og réttari meðferð.

Í samvinnu við Landspítalann og Sjúkrahúsið á Akureyri sinnir Rannsóknar- og skráningarsetur Krabbameinsfélagsins gæðaskráningu og eru valdar niðurstöður aðgengilegar á vef Krabbameinsfélagsins. Rétt er að minnast einnig á Áttavitann, umfangsmestu könnun sem framkvæmd hefur verið á Íslandi um upplifun krabbameinssjúklinga af greiningu sinni og meðferð. Niðurstöður Áttavitans geta þannig gefið dýrmætar vísbendingar um hvernig enn meiri framfarir í greiningu og meðferð megi verða á næstu árum. ■

Við óskum Krabbameinsfélagi Íslands til hamingju með 70 ára afmælið

# Forvarnir skila raunverulegum árangri

**Krabbameinsforvarnir hafa skilað miklum árangri á Íslandi. Meðal annars hafa þær dregið verulega úr tóbaksnotkun og skimanir hafa bjargað mörgum mannslífum.**

Með stuðningi yfirvalda er samt hægt að gera enn betur auk þess sem þörf er á að auka þekkingu almennings á áhættuþáttum sem og hvernig hægt er að draga úr líkum á krabbameinum.

„Með því að huga að heilsunni og temja sér hollar venjur er hægt að minnka hættuna á krabbameinum verulega. Lífsstíll sem felst meðal annars í að neyta ekki tóbaks, stunda reglulega hreyfingu, borða hollan mat í hæfilegu magni, sporna gegn ofþyngd, sleppa eða takmarka áfengisneyslu, nýta skimanir fyrir krabbameinum og varast útfjólubláa geisla sólar og ljósabekkja dregur úr líkunum,“ segir Sigrún Elva Einarsdóttir, teymisstjóri og sérfræðingur í fræðslu og forvörnum hjá Krabbameinsfélaginu. En almenning skortir ennþá betri þekkingu á hvað hægt er að gera til að draga úr líkunum.

**Hafa haft mikil og afgerandi áhrif**

„Vitað er að með forvörnum mætti koma í veg fyrir allt að helming krabbameinstilfella. Tóbaks-, áfengis- og sólarvarnir skipta miklu máli, sem og regluleg hreyfing, hollt og fjölbreytt mataræði í hæfilegu magni og ýmislegt fleira sem sjá má á heimasíðunni okkar krabb.is/forvarnir,“ segir Sigrún. „Þá er mikilvægt að minna á einkenni sem geta bent til krabbameina til að fólk láti kíkja á sig ef eitthvað er grunsamlegt. Við komum fræðslu og hvatningu um heilbrigða lífshætti til skila á sem fjölbreyttastan hátt.

Tóbaksvarnir sem hófust af krafti á seinni hluta 20. aldar hafa skilað því að nú sjáum við fækkun í greiningum lungnakrabbameins,“ segir Sigrún. „Átak gegn notkun ljósabekkja og aukin meðvitund um mikilvægi sólarvarna hafa líka haft mikið að segja. Þá er áætlað að með skimun hafi yfir 450 íslenskum konum verið forðað frá dauða vegna leghálskrabbameins á árunum 1972-2020.

Ef horft er á íslenskt samfélag í heild þá myndi krabbameinstilfellum fækka og um leið myndi draga úr öðrum sjúkdómum og almennt heilsufar batna ef fleiri huguðu betur að mataræði sínu og skammtastærðum og borðuðu meira af grænmeti, ávöxtum og heilkorna vörum og forðuðust mikið unnar vörur og óholla skyndibita, ásamt því að stunda reglulega hreyfingu,“ útskýrir Sigrún. „Á heimsvísu er það hins vegar tóbaksnotkun sem er helsti orsakavaldur krabbameina sem væri hægt að fyrirbyggja.“

> **Til að hafa afgerandi áhrif á samfélagið skila samhæfðar, fjölbreyttar aðgerðir mestum árangri, það sýndu þær feikilega árangursríku aðgerðir sem ráðist var í til að stemma stigu við reykingum hérlendis.**
>
> Sigrún Elva Einarsdóttir.

**Ná lengra með stjórnvöldum**

„Það væri sannarlega hægt að bæta forvarnir með auknu samstarfi við stjórnvöld. Til að hafa afgerandi áhrif á samfélagið skila samhæfðar, fjölbreyttar aðgerðir mestum árangri, það sýndu þær feikilega árangursríku aðgerðir sem ráðist var í til að stemma stigu við reykingum hérlendis,“ segir Sigrún. „Ráðist var í fjölbreyttar aðgerðir eins og að setja viðvaranir á tóbaksvörur, banna að þær væru sýnilegar á sölustöðum og sett voru víðtæk reykingabönn á ýmsum vettvangi á sama tíma og Krabbameinsfélagið skilaði öflugri fræðslu til almennings. Áhrifin af þessu voru afgerandi fyrir heilsufar þjóðarinnar til langs tíma litið, kannski meiri en margir gera sér grein fyrir.

Það er líka ekki nóg að fræða fólk um hvað það eigi helst að gera ef umhverfi þeirra styður ekki þá þætti og vinnur jafnvel gegn þeim,“ segir Sigrún. „Hugsanlegar aðgerðir yfirvalda geta snúið að verðlagi á mismunandi matvöru, hversu auðvelt aðgengi er að áfengi, hvernig umhverfi auðveldar hreyfingu og útivist og fjölmargt fleira.“



Sigrún Elva Einarsdóttir, teymisstjóri og sérfræðingur í fræðslu og forvörnum hjá Krabbameinsfélaginu, segir að krabbameinsforvarnir hafi skilað miklum árangri á Íslandi, en að það sé hægt að gera enn betur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Stóra myndin skiptir mestu**

„Það getur enginn gert „allt rétt“ þegar kemur að krabbameinsforvörnum en öll skref í rétta átt eru góð. Það er til dæmis alltaf betra að drekka minna af áfengi og sjaldnar, jafnvel þó að maður sjái ekki fram á að hætta því alveg. Eins er alltaf betra að hreyfa sig eitthvað en ekki neitt og það sama gildir um mataræðið og fleira,“ segir Sigrún. „Fólk þarf að vera meðvitað um að það er stóra mynstrið í lífsstílnum sem hefur mest áhrif, litlu hlutirnir sem við gerum nær alla daga og hættum að taka eftir. Fólk ætti því meðvitað að reyna að venja sig á að taka heilsusamlegar ákvarðanir í mataræði og hreyfingu og auðvitað er best ef fólk nær að venja sig svo á heilsusamlegan lífsstíl að góðar ákvarðanir verða hluti af daglega taktinum.

Það vita alls ekki allir að mataræði og ástundun hreyfingar hefur áhrif á krabbameinslíkur og það sama má segja um tengsl áfengisneyslu við auknar líkur á krabbameini,“ segir Sigrún. „Þetta sáum við í nýlegri könnun sem við gerðum, en nær helmingur fólks heldur að þessir þættir hafi ekki áhrif eða segist ekki vita hvort þeir hafi áhrif.“

> **Það getur enginn gert „allt rétt“ þegar kemur að krabbameinsforvörnum en öll skref í rétta átt eru góð. Það er til dæmis alltaf betra að drekka minna af áfengi og sjaldnar, jafnvel þó að maður sjái ekki fram á að hætta því alveg.**
>
> Sigrún Elva Einarsdóttir.

**Mikilvægt að fylgjast með einkennum**

„Fyrir utan forvarnirnar leggjum við einnig mikla áherslu á að hvetja fólk til að leita til læknis ef vart verður einkenna sem gætu bent til krabbameins. Þó að vissulega geti verið um meinlausari kvilla að ræða skiptir máli að bregðast við, því almennt eru betri líkur á sem bestum árangri af krabbameinsmeðferð því fyrr sem gripið er inn í,“ segir Sigrún. „Einkennin geta verið af ýmsu tagi en almennt séð, ef eitthvað við líkamsstarfsemi okkar er öðruvísi en venjulega, án skýrra orsaka og stendur yfir í langan tíma, þá ætti að leita til læknis.“ ■

Hægt er að fá nánari upplýsingar um krabbameinsvalda og finna fjölbreytt fræðsluefni um þá og heilbrigðan lífsstíl á vef Krabbameinsfélagsins, krabb.is/forvarnir.

70 ára afmælisráðstefna Krabbameinsfélags Íslands:

## Krabbamein á Íslandi árið 2021 - horft til framtíðar

1951
2021
Brautryðjendastarf í 70 ár

**70 ára afmælisráðstefna Krabbameinsfélags Íslands fer fram fimmtudaginn 26. ágúst kl. 16:30 - 18:45 í Háskólanum í Reykjavík.**

Á ráðstefnunni verður fjallað um krabbamein á Íslandi í víðu samhengi, með hliðsjón af markmiðum Krabbameinsfélagsins um að fækka þeim sem fá krabbamein, fjölga þeim sem lifa og bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda. Húsið opnar kl. 16:30, dagskrá hefst kl. 16:45 og áætluð ráðstefnulok eru kl. 18:45.

**Þátttaka er ókeypis. Léttar veitingar í boði að lokinni dagskrá. Skráning með tölvupósti á netfangið krabb@krabb.is.**

**Dagskrá:**

Kl. 16:30 – **Húsið opnar**

**Setning** – Valgerður Sigurðardóttir, formaður Krabbameinsfélagsins Íslands

**Ávarp forseta Íslands** - Hr. Guðni Th. Jóhannesson

**Faraldsfræði krabbameina á Íslandi** – Laufey Tryggvadóttir, forstöðumaður Rannsókna- og skráningarseturs Krabbameinsfélagsins

**Helmingi færri – vilji er ekki allt sem þarf**
- Birna Þórisdóttir, sérfræðingur í fræðslu og forvörnum hjá Krabbameinsfélaginu

**Að greinast með krabbamein, staðan í dag og horft til framtíðar**
- Agnes Smáradóttir, yfirlæknir lyflækninga krabbameina á Landspítala

**Framfarir í krabbameinsmeðferð og forvörnum - sníðum stakk eftir vexti**
- Sigurdís Haraldsdóttir, dósent í krabbameinslækningum við HÍ og yfirlæknir í krabbameinslækningum á Landspítala

**Líkamleg einkenni og tilfinning fyrir að eitthvað sé að hefur mikið vægi í aðdraganda greiningar - niðurstöður úr stórri íslenskri rannsókn** - Jóhanna Eyrún Torfadóttir, sérfræðingur hjá Rannsókna- og skráningarsetri Krabbameinsfélagsins

**Áskoranir 70 ára afmælisbarns?**
– Valgerður Sigurðardóttir, formaður Krabbameinsfélags Íslands

**Ávarp landlæknis**
– Alma Dagbjört Möller, landlæknir

Kl. 18:45 – **Ráðstefnuslit**

**Slóð á streymi:** livestream.com/krabb/radstefna26082021

Krabbameinsfélagið

# Baráttan gegn krabbameinum

**Stiklað á stóru í sögu Krabbameinsfélagsins.** Stuðningur almennings og fyrirtækja hefur frá upphafi gert starf félagsins mögulegt.

### 1949 | Fyrstu svæðafélögin

Krabbameinsfélag Reykjavíkur stofnað 8. mars. Svæðafélög stofnuð víða í kjölfarið.



### 1949 | Fréttabréf um heilbrigðismál

Krabbameinsfélag Reykjavíkur gaf út Fréttabréf um heilbrigðismál. Krabbameinsfélagið tók við útgáfunni 1952 og gaf út til 2008.


Fréttabréf um
HEILBRIGÐISMÁL

### 1951 | Krabbameinsfélag Íslands

Móðurfélagið stofnað 27. júní með skrifstofu í Blóðbankanum við Barónsstíg.

### 1954 | Skráning krabbameina hefst

Skráning allra krabbameina á Íslandi hefst og skapar grundvöll fyrir krabbameinsrannsóknir. Yfir 600 vísindarannsóknir hafa verið birtar úr gagnagrunninum.

Niels Dungal, fyrsti formaður Krabbameinsfélags Íslands



### 1964 | Leghálsskimun

Skipulögð leit að krabbameini í leghálsi hefst í Suðurgötu 22 í Reykjavík og árið 1969 náði hún til alls landsins.



### 1975 | Frumurannsóknarstofa

Leitarstöðin hóf rekstur eigin frumurannsóknarstofu.



### 1976 | Tóbaksvarnir

Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur herferð gegn reykingum ungs fólks í samstarfi við skóla um allt land.





### 1984 | Húsið sem þjóðin gaf

Starfsemi Krabbameinsfélagsins flytur í Skógarhlíð 8. Húsið var keypt fyrir söfnunarfé landssöfnunar.



### 1985 | Röntgendeild

Krabbameinsfélaginu gefin tvö röntgentæki til brjóstamyndatöku og röntgendeild stofnuð.

### 1987 | Skipulögð skimun fyrir brjóstakrabbameini hefst

Heilbrigðisráðuneytið semur við Krabbameinsfélagið um skipulag og framkvæmd skimana.

### 1987 | Rannsóknastofa í sameinda- og frumulíffræði

Lífsýnum safnað og þau varðveitt og grunnrannsóknir á krabbameinum, sér í lagi brjóstakrabbameini, stundaðar. Rannsóknastofan fluttist til Háskóla Íslands árið 2006.

### 1987 | Heimahlynning

Heimahlynning Krabbameinsfélag hefur störf byggð á hugmyndafræ líknarmeðferðar. Markmið; að kra meinsveikir geti verið heima eins og þeir óska og aðstæður leyfa. Fl til Landspítala árið 2006.




### 1988 | Heilsuhlaupið

Fyrsti viðburður sem snýr ekki beint að krabbameinum heldur heilbrigðu líferni og bættri heilsu.

### 1991 | Íbúðir

Krabbameinsfélagið kaupir íbúð á Lokastíg fyrir krabbameinsveika af landsbyggðinni sem sækja meðferð í Reykjavík og aðstandendur þeirra. Í dag á félagið 8 íbúðir á Rauðarárstíg.



1950 | 1960 | 1970 | 1980 | 1990

Fjöldi krabbameinsgreindra á lífi í árslok...

1960: 600

1970: 1.585

1980: 3.082

1990: 5.026

## Við óskum Krabbameinsfélagi Íslands til hamingju með 70 ára afmælið

**Reykjavík**
100 Iceland ehf
A. Margeirsson ehf
Aðalraf ehf, löggiltir rafverktakar
Aðalverkstæðið ehf
Aðalvík ehf
Arev verðbréfafyrirtæki hf
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arkitektastofan OG ehf
Arkís arkitektar ehf
Atlantik Legal Services ehf
Aton.JL ehf
Atorka ehf verktakar og vélaleiga
Augað gleraugnaverslun
Aurum
Á.K. Sjúkraþjálfun ehf
Áhugavert ehf
Álnabær ehf, verslun
Áman ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
Ásbyrgi, fasteignasala
B.B. rafverktakar ehf
Bakarameistarinn ehf
Bandalag kvenna í Reykjavík
Bella Donna ehf - verslun
Berserkir ehf
Bílahöllin-Bílaryðvörn hf
Bílamálun Pálmars ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílaréttingar og bílasprautun Sævars ehf
Bílasalan Heimsbílar ehf
Bílaverkstæði Jóns T Harðarsonar
Bjarni Sigurðsson tannlæknir
BK kjúklingar
Blómagallerí ehf
Blómasmiðjan ehf
Borg fasteignasala ehf
Borgarhjól ehf
Bókaútgáfan Hólar ehf
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf
Bólstrarinn ehf
Bón og þvottastöðin ehf
BSI bifreiðaverkstæði ehf
Bygg Ben ehf
Dalbær sf
Dansrækt JSB ehf
Drífa efnalaug og þvottahús
Dubliners
Edda - útgáfa hf
Efling stéttarfélag
Endurvinnslan hf
Eyrir Invest hf
EÖ Raf ehf
Ferill ehf
Félag íslenskra bifreiðaeigenda
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag skipstjórnarmanna
Fiskbúðin Hafberg
Fjaðrabúðin Partur ehf
Fótaaðgerðastofan Gæfuspor, - hjúkrunarheimilinu Sóltúni 2
Fótóval ehf
Fríkirkjan í Reykjavík
Fylkir ehf
G.Á. verktakar sf
G.K. trésmíði ehf
Garðasteinn ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
Ginger ehf
GKS - Gamla kompaníið
GLÁMA-KÍM arkitektar
Gleipnir verktakar ehf
Gnýr ehf
Grænn markaður ehf
Gullsmíði, skartgripahönnun
Gunnar Örn - málningarþjónusta
H og S byggingaverktakar ehf
Hagkaup
Hagvangur ehf
Hallgrímskirkja
Hampiðjan hf
Hannyrðaverslunin Sporið
Hárgreiðslustofan Aþena
Hársnyrtistofa Dóra
Hársnyrtistofan Aida
Hársnyrtistofan Höfuðlausnir
Heimili ehf-fasteignasala
Helgason og Co ehf
Hið íslenska bókmenntafélag
Hilmar D. Ólafsson ehf
Hitastýring hf
Hjá Ingvarsson ehf
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hlýja Tannlæknastofa
Hótel Leifur Eiríksson ehf
HS smíðar ehf
Hverfisgallerí
Höfðabílar ehf
Höfðakaffi ehf
Iceland in a day
Íbúðagisting.is
ÍSAM ehf
Ísbíllinn, þú þekkir mig á bjöllunni
Íslenskir lögmenn ehf
Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík
Jarðlist ehf
Jarðtækni ehf
JE Skjanni ehf, byggingaverktakar
K.F.O. ehf
K·R·S·T Lögmenn
Kanon arkitektar
Keiluhöllin Egilshöll
Kjörgarður ehf
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
Krúser félag áhugamanna um akstur
KTM og Husqvarnaumboðið á Íslandi
Kurt og Pí ehf
Landsbréf hf
Landslag ehf
Landsnet hf-www.landsnet.is
Landssamband lögreglumanna
Láshúsið ehf
Lifandi vísindi
Local-www.localsalad.is
LOG lögmannsstofa sf
LOGOS lögmannsþjónusta
Lykill fjármögnun
Læknasetrið ehf
Lögfræðistofa Reykjavíkur ehf
Lögreglufélag Reykjavíkur
Markó partners ehf
Marport ehf
Matthías ehf
Menntaskólinn við Hamrahlíð
Merking ehf
MIO MIO ehf
Morenot Ísland ehf
Móðurást
MS Armann skipamiðlun ehf
Múlaradíó ehf
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Nortek ehf
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
Old Iceland restaurant
Orkuvirki ehf
Ottó B. Arnar ehf
Ólafur Garðarsson hrl
Ósal ehf
ÓV jarðvegur ehf
Pétur Stefánsson ehf
Pípulagnir Elvars G Kristinssonar ehf
PK Arkitektar ehf
Plastiðjan ehf
Promennt ehf
Prófílstál ehf
PuffinTravel ehf
Rafeindastofan ehf
Rafiðnaðarsamband Íslands
Raflax ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Rarik ohf
Ratsjá ehf
Ráðgarður, skiparáðgjöf ehf
Reykjafell hf
Reykjavíkurborg
Reykjavíkurprófastsdæmi eystra
Rikki Chan ehf
Rýni endurskoðun ehf
S4S ehf
Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Sendibílar Reykjavíkur ehf
SHV pípulagningaþjónusta ehf
Sigurraf ehf
Sjúkraþjálfunarstöðin ehf
Skala ehf, hárgreiðslustofa
Skjaldbaka ehf
Skolphreinsun Ásgeirs sf
Skotfélag Reykjavíkur
Skýrslur og skil
Slippfélagið ehf
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs
Snyrtistofa Grafarvogs ehf
Sólar ehf
Spektra ehf
Stálbyggingar ehf
Stúdíó Stafn ehf
Styrja ehf
Suzuki á Íslandi
Svampur ehf
Systrasamlagið ehf
Söluturninn Vikivaki
Tanngo slf
Tannheilsa tannlæknastofa
Tannlæknafélag Íslands
Tannlæknastofa Kjartans Arnars Þorgeirssonar
Tannval Kristínar Gígju
Tark - Arkitektar
Teiknistofan Tröð ehf
Tékkland bifreiðaskoðun ehf
THG Arkitektar ehf
Tollvarðafélag Íslands
Trackwell hf
TREX-Hópferðamiðstöðin
Trévirkinn ehf
Triton ehf
Túnþökuþjónustan ehf, s: 897 6651
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins
Útfaraþjónusta Rúnars Geirmundssonar
VA arkitektar ehf
Verkfræðistofan Skipatækni ehf
Verslunarskóli Íslands
Verslunin Álfheimar
Vélar ehf
Vilhjálmsson sf, heildverslun
Víkurós ehf, bílamálun og réttingar
VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna
VOOT Beita
VT Þjónustan ehf
Vörubílastöðin Þróttur hf
Yndisauki ehf
Ynja undirfataverslun
Þorsteinn Bergmann ehf
Örugg afritun ehf

**Seltjarnarnes**
Bílaverkstæði Ella
Horn í horn ehf, parketlagnir
Ljósmyndastofa Erlings
Nesskip hf

**Vogar**
Arktik Rok Motel ehf
Sveitarfélagið Vogar

**Kópavogur**
Annata ehf
AP varahlutir ehf
Arnardalur sf
ÁF Hús ehf
Ásborg slf
Bazaar Reykjavík ehf
Bergnes skiltagerð
Bifreiðastillingin ehf
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Bílaklæðningar hf
Bílrúðumeistarinn slf
Blikkarinn ehf, blikksmiðja
Blikksmiðjan Vík ehf
BSA varahlutir ehf
Digranessókn
Einar Ágústsson & Co ehf
Fríkirkjan Kefas
GG Sport
Glermenn ehf
Guðjón Gíslason, dúklagningameistari
Hagblikk ehf
Hamraborg ehf
Hárgreiðslu og rakarastofan Hera
Hefilverk ehf
Hjartavernd
HL Adventure ehf
Hreint ehf


Úr íbúð á Rauðarárstíg

gsins
ði
bba-
lengi
luttist

**1995 | Símaráðgjöf**

Fyrsti vísir að símaráðgjöf félagsins hefst þegar hjúkrunarfræðingar veita ráðgjöf í síma alla virka daga.

**2007 | Ráðgjöf og stuðningur**

Rekstur Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins hefst með þjónustu við þá sem hafa greinst með krabbamein og aðstandendur þeirra.


Frá fyrstu úthlutun þann 8. maí 2017

**2015 | Vísindasjóður**

Krabbameinsfélagið og aðildarfélög stofna Vísindasjóðinn. Tvær erfðagjafir renna í sjóðinn.

**2021 | Fræðsla og ráðgjöf til fyrirtækja**

Krabbameinsfélagið og Samtök atvinnulífsins handsala samkomulag um fræðslu og ráðgjöf til stjórnenda fyrirtækja og starfsmanna þeirra.





**2017 | Gæðaskráning**

Gæðaskráning hefst hjá Krabbameinsskrá í samvinnu við Landspítala á krabbameinum í blöðruhálskirtli, brjóstum, ristli og endaþarmi.



**2021 | Breytt fyrirkomulag skimana**

Í samræmi við ákvörðun heilbrigðisráðherra fluttust skimanir fyrir krabbameinum til opinberra stofnana 1. janúar.

2000 2010 2020 2021



**2004 | Skaðsemi ljósabekkja**

Krabbameinsfélagið ásamt öðrum hefur fræðsluátakið **Hættan er ljós** og varar við ljósabekkjanotkun fermingarbarna. Þrýst á lagasetningu um 18 ára aldurstakmark.



**2011 | HPV-bólusetning**

Bólusetning 12 ára stúlkna gegn leghálskrabbameini hefst eftir fjölþjóðlega prófun bóluefnis.

**2019 | Rafræn samskiptagátt**

Krabbameinsfélagið styrkir þróun rafrænnar samskiptagáttar fyrir sjúklinga á Landspítala.

**2019 | Aukin þjónusta á landsbyggðinni**

Starfsemi Ráðgjafarþjónustannar á landsbyggðinni fer formlega af stað.

**2019 | Gjaldfrjáls skimun**

Tilraunaverkefni til 2ja ára.



**2019 | Krabbameinsáætlun**

Heilbrigðisráðherra samþykkir Krabbameinsáætlun en félagið kom að vinnu við hana. Ísland kemst í hóp þjóða með áætlun um hvernig fækka eigi nýgreiningum, draga úr dánartíðni og bæta lífsgæði fólks með krabbamein.





**2021 | Áttavitinn**

Niðurstöður úr fyrstu rannsókn á reynslu fólks af greiningu og meðferð birtar.

**2021 | Byggjum nýja dagdeild**

Aðalfundur samþykkir að lofa 450 milljónum króna til uppbyggingar á nýrri dagdeild fyrir krabbameinssjúklinga við Landspítala, setji stjórnvöld málið strax á dagskrá.

**2021 | Metúthlutun Vísindasjóðs**

Árið 2021 var 89 milljónum úthlutað, hæsta úthlutun frá stofnun sjóðsins.

2000: 7.539

2010: 11.605

2019: 15.874


# Við óskum Krabbameinsfélagi Íslands til hamingju með 70 ára afmælið

Hvammshólar ehf
Iðnvélar ehf
Karína ehf
Litalausnir málningarþjónusta ehf
Lín design
Línan ehf
LK pípulagnir ehf
Loft og raftæki ehf
Lyfsalinn ehf
Lögmannstofa Páls Ólafssonar ehf
mammaveitbest.is
Mannrækt og menntun ehf
Orkuver ehf
Plusminus Optic Gleraugnaverslun
Pottagaldrar ehf
Rafbreidd ehf, heimilistækjaviðgerðir
Rafsetning ehf
Rakarastofan Herramenn
Rennsli ehf, pípulagnir
Rúmfatalagerinn hf
Slot ehf
Snyrtistofan Jana
Sælgætisgerðin Freyja ehf
Tengi ehf
Topplagnir ehf
Tröllalagnir ehf, pípulagningaþjónusta
Útfararstofa Íslands ehf
Zenus - sófar & gluggatjöld
Þrifaspor slf
Öreind sf

**Garðabær**
Apótek Garðabæjar
BB skilti, skiltagerð
Garðabær
Geislatækni ehf - Laser þjónustan
Gólfslípun ehf
Hannes Arnórsson ehf
Hárgreiðslustofan Cleó ehf
Hjallastefnan ehf
Loftorka Reykjavík ehf
Nýþrif - ræstingaverktaki ehf
Rope Yoga Setrið
Stjörnu-Oddi hf
Suðurtún ehf

**Hafnarfjörður**
Altis ehf
Annriki, Þjóðbúningar og skart-
www.annriki.is
Apótek Hafnarfjarðar
Barkasuða Guðmundar ehf
Bergplast ehf
Bílaverk ehf bílamálun og réttingar
Bjössi ehf
Boðunarkirkjan.is - Útvarp Boðun FM 105,5
Bókhaldsstofan ehf
Byggingafélagið Sandfell ehf
Eiríkur og Einar Valur ehf
Fjarðarkaup ehf
Fjarðarmót ehf
Fjörukráin-Hótel Víking
Fura málmendurvinnslan ehf
G.S. múrverk ehf
Granítsteinar ehf
GT Verktakar ehf
Hafnarfjarðarbær
Hagmálun slf
Hallbertsson ehf
HB búðin
Heimir og Jens ehf
HH Trésmiðja ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Ingvar og Kristján ehf
Kjötkompaní ehf
Knattspyrnufélagið Haukar
Kona Tískuverslun
Krossborg ehf
Markus Lifenet, björgunarbúnaður
Micro-ryðfrí smíði ehf
Myndform ehf
Naust Marin
Netorka hf
Nonni Gull
RB rúm
Rennilist
Saltkaup hf
Síló ehf, steypusala
Snittvélin ehf
Strendingur ehf
Suðulist ehf
Svalþúfa ehf
ThorShip
Útvík hf
Vélsmiðjan Altak ehf
Víðir og Alda ehf
Víking Björgunarbúnaður
Vír og lykkjur ehf
VSB verkfræðistofa ehf
Þvottahúsið Faghreinsun

**Álftanes**
GO múrverk ehf

**Reykjanesbær**
algalif.com
Bílrúðuþjónustan ehf
Bókhalds- og rekstrarþjónusta Gunnars Þórarinssonar
Dacoda ehf
DMM Lausnir ehf
Dýralæknastofa Suðurnesja ehf
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Kaffi Duus
Kast.is
Maron ehf
Múrhamar sf
Nesraf ehf
Pulsuvagninn í Keflavík
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf
Slæging ehf
Tannlæknastofa Benedikts
TM Bygg ehf
Toyota Reykjanesbæ
Útfaraþjónusta Suðurnesja
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum

**Grindavík**
Einhamar Seafood ehf
Grindin ehf
Guðmundur L Pálsson, tannlæknir
Northern Light Inn
Ó S fiskverkun ehf
Staðarbúið ehf
Stakkavík ehf
Vísir hf

**Suðurnesjabær**
Gunnar Hámundarson ehf
Suðurnesjabær
Sveinbjörg Þórðardóttir
Verslunarfélagið Ábót

**Mosfellsbær**
Byggingafélagið Bakki ehf
Fagverk verktakar sf
Fiskbúðin Mos ehf
Glertækni ehf
Guðmundur S Borgarsson ehf
Ísfugl ehf
Ístex hf
Múrefni ehf
Nonni litli ehf
Nýja bílasmiðjan hf
Vélsmiðjan Sveinn ehf

**Akranes**
Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarsonar
Bílasala Akraness ehf - Bílás
Fasteignasalan Hákot
Framvinda ehf
Grastec ehf
Hvalfjarðarsveit
JG tannlæknastofa sf
Kaja organic ehf
Ritari ehf
Silfursmári ehf
Skipaskagi ehf
Verkalýðsfélag Akraness
Verslunin Einar Ólafsson ehf
Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf
Vélaleigan Þróttur
Vélaverkstæði Guðlaugs Ketilssonar
Vogir og Lagnir ehf

**Borgarnes**
B. Björnsson ehf
Ensku húsin gistiheimili við Langá
Hraunsnef sveitahótel ehf
Kaupfélag Borgfirðinga
Kræsingar ehf
Kvenfélag Stafholtstungna
Landnámssetur Íslands
Límtré Vírnet ehf.
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
Snorrastaðabúið slf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf
Trésmiðja Pálma ehf Hálsaskóg Skorradal
Velverk ehf

**Stykkishólmur**
Nesbrauð ehf
Skúrinn Veitingahús
Stjórnendafélag Vesturlands

**Grundarfjörður**
Dodds ehf
Dvalarheimilið Fellaskjól
Rútuferðir ehf

**Ólafsvík**
Fiskmarkaður Íslands hf
HSH héraðssamband
Litlalón ehf
Steinunn ehf
Verkalýðsfélag Snæfellinga

**Hellissandur**
Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga
Nónvarða ehf
Skarðsvík ehf
Útnes ehf

**Búðardalur**
Rafsel Búðardal ehf

**Reykhólahreppur**
Glæðir blómáburður
Þörungaverksmiðjan hf

**Ísafjörður**
Arctic Fish ehf
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
FishTec ehf
Hamraborg ehf
Ís 47 ehf
Massi þrif ehf
Orkubú Vestfjarða ohf
Skipsbækur ehf
Smali ehf
Þristur - Ormsson

**Bolungarvík**
Bolungarvíkurkaupstaður
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Jakob Valgeir ehf

**Súðavík**
Súðavíkurhreppur
Súðavíkurkirkja

**Flateyri**
Gisting og kajakaleiga Grænhöfða
Litlabýli Guesthouse ehf

**Patreksfjörður**
Bílaverkstæðið Smur- og dekk
Hótel Flókalundur
Vestmar ehf

**Tálknafjörður**
Bókhaldsstofan Tálknafirði
Garraútgerðin ehf
Stóra-Laugardalssókn

**Staður**
Kvenfélagið Iðunn

**Drangsnes**
Grímsey ST2

# Samspil ónæmiskerfisins og sortuæxla

**Berglind er nýdoktor í hópi Eiríks Steingrímssonar við Læknadeild HÍ. Markmið hópsins er að rannsaka hvernig sortuæxlisfrumur komast hjá því að vera drepnar af ónæmiskerfinu.**

Verkefnið sem Berglind Ósk Einarsdóttir vinnur að og nefnist Hlutverk MITF í hindrun ónæmissvars sortuæxla, hlaut 6,2 milljóna króna styrk úr Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins árið 2021. Árlega greinast tæplega 50 einstaklingar á Íslandi með sortuæxli og að meðaltali látast 11 úr sjúkdómnum. Sortuæxli segir Berglind að eigi sér uppruna í litfrumum líkamans, sem eru þær frumur sem meðal annars mynda fæðingarbletti. „Litfrumur geta orðið illkynja vegna skemmda í erfðaefni frumnanna, til dæmis af völdum útfjólublás ljóss, sem veldur því að þær mynda sortuæxlisfrumur sem fjölga sér og mynda sortuæxli. Sortuæxlisfrumur eru sérstök undirtegund af krabbameinsfrumum.“

**MITF kannski einn þáttur**

„Að öllum líkindum myndast reglulega illkynja frumur, líkt og sortuæxlisfrumur, í líkamanum sem ónæmiskerfið okkar ræðst á og drepur. Að sama skapi er líklegt að við smitumst reglulega af vírusum og bakteríum, en vitum ekki af því þar sem ónæmiskerfið eyðir þeim áður en þau ná að hafa áhrif. Til þess að illkynja frumur, líkt og vírusar og bakteríur, lifi af í líkamanum, þá verður umhverfið að vera þeim hagstætt svo að þau geti lifað af, vaxið og fjölgað sér. Eitt af mörgum hlutverkum ónæmiskerfisins er að þekkja illkynja frumur eða aðskotahluti sem eiga ekki heima í líkamanum. En í einhverjum tilfellum bregst þetta kerfi og við verðum veik eða það myndast æxli.“

Markmið hópsins er að rannsaka tengsl ónæmiskerfisins og sortuæxlisfrumna, þá sérstaklega með tilliti til ákveðins próteins sem má finna í sortuæxlisfrumunum, sem nefnist MITF. „Við teljum að þetta prótein gæti haft áhrif á getu sortuæxlisfrumna til þess að komast hjá árás T-drápsfrumna með því að tjá viðtaka á frumuhimnunni sem heitir PD-L1, en þetta byggjum við á bráðabirgðaniðurstöðum okkar.

Það eru örugglega mjög margar ástæður fyrir því að aðskotahlutir komist fram hjá þessum vörnum líkamans, en einn af þáttunum gæti verið stýrt af þessu tiltekna próteini, MITF, í sortuæxlisfrumum. Hingað til hefur ekki verið sýnt fram á það.“



Verkefnið sem Berglind vinnur að hlaut 6,2 milljóna styrk frá Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ ANTON BRINK

> **Um Vísindasjóðinn**
>
> Vísindasjóðurinn var stofnaður í lok árs 2015 af Krabbameinsfélagi Íslands, svæðafélögum og stuðningshópum. Á fimm árum hefur Vísindasjóðurinn veitt 58 styrki, alls 316 milljónir króna. Nú í maí 2021 voru veittar 89 milljónir úr sjóðnum til 11 rannsóknarverkefna. Markmið sjóðsins er að efla íslenskar rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga.

**Bylting í krabbameinsmeðferðum**

Til eru nokkrar tegundir ónæmismeðferða gegn krabbameinum og ónæmismeðferðir sem hafa gjörsamlega umbylt meðferðum gegn sortuæxli. „Eitt af ónæmislyfjunum byggir á því að koma í veg fyrir að sortuæxlisfrumur geti nýtt sér PD-L1 viðtakann til að afvirkja T-drápsfrumur. Okkar verkefni er þá að kanna hvort MITF hafi hlutverk í að stjórna því hvort PD-L1 sé til staðar eða ekki, sem að lokum getur stýrt því hvort T-frumurnar séu afvirkjaðar, eða ekki.“

Aðspurð hvort niðurstöður gætu haft áhrif á aðrar tegundir krabbameina segir Berglind: „MITF er til staðar í litfrumum og hefur sérstök áhrif á þær. En það er einnig til staðar í öðrum frumum en er minna rannsakað. Mögulega gætu jákvæðar niðurstöður úr þessari rannsókn haft áhrif á meðferðir og greiningu á öðrum tegundum krabbameina, en það þarf að rannsaka frekar.“

**Púsl þekkingar og framfara**

Ónæmismeðferðir við krabbameinum eru tiltölulega nýsamþykktar og hafa á fáum árum virkað afar vel fyrir marga sjúklinga. „Eftir að við förum að skilja hið mikilvæga samspil á milli krabbameinsfrumna og ónæmiskerfisins, hófu fleiri vísindahópar að rannsaka það frekar. Undanfarin ár hefur skilningur og framför vísindasamfélagsins aukist gífurlega varðandi líffræði sortuæxla og sterk tengsl þess við ónæmiskerfið. Við byggjum á þessari þekkingu. Þetta er fegurðin við vísindin; það leggja allir til eitt og eitt púsl í hið stóra samhengi hlutanna.“

**Á byrjunarstigi**

„Rannsóknin er á byrjunarstigi,“ segir Berglind. „Við þurfum að kanna betur bráðabirgðaniðurstöðurnar til að tryggja að þessi tengsl sem við höfum séð séu til staðar í fleiri tilraunamódelum en því sem við höfum nýtt okkur hingað til. Ef tengslin eru raunverulega til staðar, líka í sýnum frá sjúklingum og öðrum módelum, þá áætlum við að það taki um það bil þrjú ár að klára allar tilraunir og skrifa vísindagrein og birta í ritrýndu vísindatímariti.“

*Hvert er svo næsta skref eftir þessa rannsókn?*

„Ein vísindaspurning framleiðir ávallt fjöldann allan af nýjum rannsóknarspurningum. Þessu verkefni verður því ekkert endilega lokið eftir þrjú ár. Út frá þessu mun að öllum líkindum vaxa alls konar afleggjarar sem við munum gróðursetja í frjóan jarðveg og halda áfram að skoða.

Ef við getum sýnt fram á tengsl á milli hlutverks þessa tiltekna próteins í samspili sortuæxla og ónæmiskerfisins, þá munu þær niðurstöður hafa áhrif á þekkingu okkar á líffræði sortuæxla sem væri hægt að nýta sem grunn í rannsóknum, greiningu og meðferðum við sortuæxlum.“ ■

**Við óskum Krabbameinsfélagi Íslands til hamingju með 70 ára afmælið**

ChitoCare beauty · Deloitte. · Dressmann · ELDUM RÉTT · ENGLABÖRNIN Falleg föt á stelpur og stráka... · FISK KAUP HF. · FLÚÐA SVEPPIR · Gesthús Selfoss · GEHWOL · HAPPDRÆTTI das · das HRAFNISTA · Hvalur hf. · icepharma Bætt líðan • Betra líf · IDEX GLUGGAR · ILVA · ÍSLENSK ERFÐAGREINING · ÍSFELL · ÍSRÖR · INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili · keldan · kemi www.kemi.is · Klausturbleikja · KPMG · KPMG Lögmenn · KRÓNAN · KVIKA · LANDMÓTUN · Kópavogsbær · Linde Making our world more productive · FORTIS Lögmannsstofa · Marc O'Polo · marel · MARKIÐ www.markid.is | 517 4600 · MÓÐIR NÁTTÚRA · MÓÐIR NÁTTÚRA · nettó

# Bleika slaufan er fastur liður í dagatali landsmanna

**Hlín Reykdal skartgripahönnuður hannar Bleiku slaufuna í ár. Átakið hófst árið 2000 og hafa landsmenn tekið því afar vel frá fyrsta degi.**

„Fyrsta árvekniátakið undir nafni Bleiku slaufunnar hér á landi fór fram í október árið 2000. Þá var það á vegum Krabbameinsfélagsins í samvinnu við Samhjálp kvenna en að frumkvæði heildverslunarinnar Artica, umboðsaðila Estée Lauder,“ segir Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélagsins. „Fyrstu árin var bleikri tauslaufu dreift og tekið við framlögum til stuðnings baráttunni. Síðan árið 2007 hafa verið seldar sérhannaðar slaufur til styrktar átakinu. Bleika slaufan er alþjóðlegt tákn brjóstakrabbameins en frá árinu 2010 hefur athyglin beinst að öllum krabbameinum hjá konum hér á landi.“

**Mikilvæg skilaboð**

Á hverju ári er Krabbameinsfélagið með mismunandi skilaboð í átakinu og þá þau sem félagið telur skipta mestu máli hverju sinni að sögn Kolbrúnar. „Oft hefur áherslan verið á að hvetja konur til að fara í skimun. Á 10 ára afmæli Ráðgjafarþjónustu félagsins lögðum við áherslu á hvatningu um að leita sér stuðnings hvort sem þú tekst sjálf á við krabbamein eða ert aðstandandi því krabbameinum fylgja ótal spurningar og við bjóðum ókeypis ráðgjöf hjúkrunarfræðinga og sálfræðinga til að svara þeim með fólki. Í fyrra beindum við kastljósinu að krabbameinsrannsóknum sem eru forsenda framfara. Félagið hefur stundað rannsóknir af krafti í áratugi en það starf hefur svolítið verið í skugganum af skimuninni sem allir hafa vitað af.“

**Átakinu tekið afar vel**

Hún segir landsmenn hafa tekið átakið í faðminn frá fyrsta degi og nú er varla til sá maður eða kona á landinu sem ekki veit af Bleiku slaufunni. „Skólar, leikskólar, fyrirtæki og stofnanir um allt land halda Bleika daginn hátíðlegan og hvetja fólk sitt til að mæta í bleikum fötum, kaupa Bleiku slaufuna og gera sér dagamun. Ég myndi segja að átakið væri einfaldlega orðið fastur liður í dagatalinu. Prjónahópar, zumba-hópar, starfsmannafélög, nemendafélög, hlaupahópar og fleiri og fleiri láta ávallt til sín taka.“



„Bleika slaufan er alþjóðlegt tákn brjóstakrabbameins en frá árinu 2010 hefur athyglin beinst að öllum krabbameinum hjá konum hér á landi,“ segir Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, fjáröflunarstjóri Krabbameinsfélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Hlín Reykdal hannar slaufuna í ár**

Það er engin önnur en Hlín Reykdal skartgripahönnuður sem hannar slaufuna í ár og segir Kolbrún að starfsfólk Krabbameinsfélagsins hlakki svo sannarlega til að sýna fallegu slaufuna hennar þegar líður að október. „Hún bætist í hóp þeirra sem hafa hannað Bleiku slaufuna fyrir okkur í gegnum árin í sjálfboðavinnu og eiga þau miklar þakkir skilið. Slaufan fæst svo alltaf hjá okkur í Skógarhlíð og í vefverslun okkar og mun fást í vefverslun Hlínar og Kiosk á Granda. Langstærstur hluti sölu fer þó fram hjá á þriðja hundrað sölustaða um allt land sem selja slaufuna án endurgjalds þannig að allt söluvirðið rennur óskert til söfnunarinnar.

Það er ómetanlegur stuðningur. Þá hefur TVG-Zimsen flutt slaufurnar án kostnaðar í næstum tíu ár og Margt smátt framleitt þær næstum allar.“

Einnig megi benda á að félagið hefur fengið að njóta krafta margra helstu listamanna og skemmtikrafta landsins án nokkurs endurgjalds í fjölmörgum verkefnum. „Við eigum þeim mikið að þakka og öllum þeim sem hafa komið að gerð kynningarefnis við framleiðslu og hugmyndavinnu. Án þeirra hefði sannarlega ekki verið hægt að standa svona glæsilega að átakinu.“

**Mikilvæg verkefni styrkt**

Í fyrra rann allt söfnunarfé til krabbameinsrannsókna sem Krabbameinsfélagið sinnir á Rannsóknarsetri Krabbameinsfélagsins auk þess sem Vísindasjóðurinn félagsins úthlutaði stærstu úthlutun til þessa sem nam 89 milljónum króna til 11 rannsóknarverkefna. „Í ár söfnum við fyrir rannsóknum, stuðningi og ráðgjöf við sjúklinga og aðstandendur og forvörnum til að minnka líkur á krabbameinum. Allt verkefni sem hafa mikla þýðingu fyrir komandi kynslóðir og eru ómetanleg fyrir þær konur sem þurfa að takast á við þennan sjúkdóm í dag sem sjúklingar eða aðstandendur.“ ■

Nánari upplýsingar má finna á bleikaslaufan.is.

# Mottumars er löngu búinn að festa sig í sessi

**Átakið Mottumars er haldið árlega í marsmánuði. Þar er kastljósinu beint að andlegri heilsu karla og krabbameinum í ristli og eistum.**

„Átaksverkefnið Mottumars, sem flestir landsmenn þekkja, á sér fyrirmynd í alþjóðlega verkefninu „Movember“ þar sem kastljósinu er beint að andlegri heilsu karla og krabbameinum í ristli og eistum,“ segir Guðmundur Pálsson, vefstjóri Krabbameinsfélagsins, en félagið hefur keyrt þetta verkefni hérlendis frá árinu 2010 og gert að árlegu átaki í baráttunni gegn krabbameinum hjá körlum.

„Í Mottumars tökum við höndum saman í vitundarvakningu um krabbamein hjá körlum og öflum um leið fjár fyrir mikilvægum stuðningi við karla og fjölskyldur þeirra. Undanfarin ár höfum við selt skemmtilega sokka í fjáröflunarskyni og er þeim fjármunum sem safnast varið í fjölmörg mikilvæg verkefni. Má þar nefna rannsóknir á krabbameinum sem greinast hjá körlum, endurgjaldslausa ráðgjöf fagfólks og stuðning við þá sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra auk fræðslu og forvarna til að koma í veg fyrir krabbamein og fyrirbyggja erfiða fylgikvilla.“

**Málin sett á dagskrá**

Hann segir Mottumars hafa verið frábærlega vel tekið frá upphafi og sé átakið fyrir löng búið að festa sig í sessi. „Margir karlar safna skeggi á þessum tíma til að minna sjálfa sig og aðra á átakið og þjóðin hefur svo sannarlega staðið með okkur og styrkt starfsemina til dæmis með kaupum á Mottumars-sokkunum sem seldir hafa verið síðustu árin.“



Guðmundur Pálsson, vefstjóri Krabbameinsfélagsins, segir Mottumars hafa verið frábærlega vel tekið frá upphafi og sé átakið fyrir löng búið að festa sig í sessi. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Að sögn Guðmundar er helsti ávinningur átaksins sá að okkur sem samfélagi hefur tekist að setja þessi mál á dagskrá og aukið þannig þekkingu og vitund fólks um til dæmis áhrif lífsstíls á sjúkdóma á borð við krabbamein. „Fjárhagslegi ávinningurinn er félaginu líka dýrmætur því hann er grundvöllur þess að Krabbameinsfélagið geti haldið áfram að vinna að enn betri árangri varðandi það að draga úr fjölda krabbameinstilvika, fækka dauðsföllum af völdum krabbameina og að bæta lífsgæði þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra.“

**Átak í stöðugri þróun**

Mottumars er og verður í stöðugri þróun og fræðslan tekur áherslubreytingum eftir því sem áskoranir breytast, segir Guðmundur. „Það eru þrotlausar rannsóknir í gangi um allan heim og Krabbameinsfélagið hefur lagt sitt af mörkum til þeirra hér á landi. Má sem dæmi nefna að Vísindasjóður félagsins hefur stutt 37 rannsóknir á síðustu fimm árum og lagt til 316 milljónir króna. Starf félagsins og fræðsla tekur svo auðvitað mið af þeim niðurstöðum og vísbendingum sem rannsóknirnar leiða í ljós hverju sinni.“



Karlaklefinn.is er sérsniðinn fræðsluvefur fyrir karlmenn. Þar má meðal annars finna margvíslegt fræðsluefni og upplýsingar um einkenni krabbameina.





Í Mottukeppninni er skorað á karla að safna bæði mottu og áheitum og sýna þannig samstöðu sína í verki.

**Sérsniðinn fræðsluvefur**

Ein nýjungin sem Krabbameinsfélagið setti í loftið í tengslum við Mottumars er sérsniðinn fræðsluvefur fyrir karlmenn sem nefnist karlaklefinn.is. „Rannsóknir sýna að karlmenn yfir fimmtugt nýta sér síður en konur stuðning í veikindum. Framsetning á efni skiptir því miklu máli. Í Karlaklefanum er að finna fjölbreytt efni, margvíslegt fræðsluefni og upplýsingar um einkenni krabbameina svo dæmi séu tekin. Þar er líka að finna gagnvirkt fræðsluefni sem getur aðstoðað karla við ákvarðanatöku um skimun fyrir blöðruhálskirtilskrabbameini. Einnig er þar að finna margvíslegt efni tengt heilbrigðum lífsstíl, svo sem upplýsingar um hreyfingu, hollt mataræði og fleira.“

Nánari upplýsingar má finna á mottumars.is.

# Hvíldi sig til bata

**Lára Guðrún Jóhönnudóttir var 32 ára þegar hún greindist með brjóstakrabbamein. Hún gekkst undir brjóstnám og lyfjameðferð í kjölfarið og taldi sig heppna hve snemma meinið var greint.**

Eftir að meðferð var lokið tók síðan við annar kafli í lífi Láru, önnur bylgjan í bataferlinu, sem er að ná aftur vopnum sínum hægt og rólega. Að greinast með krabbamein breytir lífi fólks á varanlegan hátt og segir Lára að varasamt geti verið að fara of geyst af stað. Hún hefur bent á „afreksvæðingu“ krabbameinsgreindra, þar sem fjölmiðlar fara oft mikinn í að fjalla um stórkostleg afrek þeirra sem lokið hafa við krabbameinsmeðferð. Þótt þau afrek séu frábær og aðdáunarverð, eigi flest þeirra sem ljúka svo erfiðri meðferð nóg með að fara á fætur og klæða sig í föt. Hvíldin er dyggð, rétt eins og afrekin.

**Mamma lést 40 ára gömul**

Lára var aðeins 16 ára þegar móðir hennar greindist með brjóstakrabbamein. Hún var þá einstæð, þriggja barna móðir.

„Mamma mín deyr svo 40 ára gömul. En þegar hún greinist, eins mikill skellur og það var, þá var gott að eiga Krabbameinsfélagið að. Að geta nálgast ráðgjafarþjónustuna skipti okkur fjölskylduna mjög miklu, að taka þátt í hvers kyns námskeiðum þar sem þú hittir annað fólk á jafningjagrundvelli, fólk sem er eða hefur gengið í gegnum sama og þú, hvort sem það eru krabbameinsgreindir eða aðstandendur.“


Lára segir mikla dyggð felast í hvíld, rétt eins og afrekum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> Ég fór á mínum hraða, mest labbandi og tók því rólega. Kærastinn gekk með og var með hjólabretti meðferðis ef ég yrði of þreytt til að ganga.

Greining móður Láru hafði líklega mikið að segja en í raun var það alger hending að mein hennar sjálfrar var greint.

„Ég hafði haft tilfinningu fyrir því að það væri eitthvað að, þrátt fyrir að ég hafi í raun verið algerlega einkennalaus. En þessi tilfinning varð til þess að ég dreif mig til kvensjúkdómalæknis sem taldi loks ástæðu til að skoða mig betur, og hefur greining móður minnar þar haft mikið að segja. Ég er síðan greind með krabbamein sem var milli rifbeinanna, mein sem hefði verið með erfitt að greina í hefðbundinni brjóstaskoðun.“

**Ekki öll sem klífa fjöll og hlaupa maraþon**

Lára minnist þess að hún tók þátt í Reykjavíkurmaraþoni árið 2016 en þá var hún enn að ná vopnum sínum eftir brjóstnám og lyfjameðferð. Þátttaka hennar vakti athygli en það var ekki síst fyrir þær sakir að hana langaði að taka þátt, safna fyrir gott málefni en gera þetta á sínum forsendum.

„Þarna fannst mér mikilvægt að það eru engar reglur. Ég fór á mínum hraða, mest labbandi og tók því rólega. Kærastinn minn gekk með og var meira að segja með hjólabretti meðferðis í tösku, ef ég yrði of þreytt til að ganga. Ég vildi gjarnan taka þátt og láta gott af mér leiða – en á þeim hraða sem passaði mér sem er einmitt eitthvað er gott að hafa í huga. Hvað er það sem passar þér?“

**Afreksfólkið er ótrúlegt**

Með þessu er Lára þó alls ekki að segja að eitthvað sé athugavert við að fólk setji sér háleit markmið og nái ótrúlegum afrekum að meðferð lokinni.

„Nei, alls ekki. Ég hreinlega dáist að fólki sem tekst að gera svona ótrúlega hluti, vinna líkamleg og andleg afrek. Þau eru nær alltaf unnin til fjáröflunar og styðja því líka við góðan málstað. Þannig eru svona hetjusögur mikilvæg auðlind, til dæmis fyrir félög eins og Krabbameinsfélagið eða Kraft. En oft virðast stór og mikil afrek fá alla athygli fjölmiðla, sem getur um leið skapað óraunhæfar væntingar fyrir fólk sem er að ljúka meðferð um eigin heilsu. Það getur verið erfitt fyrir „venjulegt“ fólk að rekast á vegg, að upplifa að hvorki hugur né líkami er tilbúinn í slík átök sem er hampað í fjölmiðlum. Þess vegna væri gaman að sjá meira jafnvægi í blöðunum um fólk sem hefur greinst með krabbamein. Ég væri svo til í að lesa viðtal með fyrirsögninni „Hvíldi sig til bata“, því það er svo mikil dyggð í hvíldinni. Hvíld er aldrei tímasóun. Þú ert ekki latur þótt þú slakir á og góð hvíld er fjárfesting í eigin heilsu.“ ■






# Stuðningur í heimabyggð mikilvægur

Krabbameinsfélagið er með 25 aðildarfélög sem staðsett eru um allt land og sinna þeim sem greinast með krabbamein á sínum svæðum.

Aðildarfélögin skiptast niður í 20 svæðafélög og fimm stuðningsfélög sem eru með fókus á mismunandi krabbamein.

Eva Íris Eyjólfsdóttir, sérfræðingur í málefnum aðildarfélaga Krabbameinsfélagsins, segir að meginhlutverk svæðafélaganna sé að veita fólki fjárhagslegan stuðning vegna ferðalaga. Fólk á landsbyggðinni þarf oft að ferðast langar leiðir til að fara í meðferð. Einnig er það hlutverk svæðafélaganna að veita þeim sem greinast með krabbamein og aðstandendum þeirra stuðning.

„Mörg svæðafélaganna eru með stuðningshópa þar sem fólk getur hist, annað hvort aðra aðstandendur eða aðra sem eru í krabbameinsmeðferð. Þeir eru hugsaðir sem jafningastuðningur svo fólk finni að það er ekki eitt í sinni baráttu. Auk svæðafélaganna erum við með sex þjónustuskrifstofur á landsbyggðinni sem veita aukna þjónustu. Þær eru á Ísafirði, Akureyri, Skagafirði, Reyðarfirði, Selfossi og Suðurnesjum,“ segir Eva Íris.

„Hægt er að fá meiri þjónustu á þjónustuskrifstofunum en hjá svæðafélögunum. Þar er jafnvel hægt að fá að tala við einhvern með reynslu eða menntun á þessu sviði. Skrifstofurnar eru margar í góðu samstarfi við heilbrigðisstofnanir á sínu svæði og auðvelt er fyrir fólk að leita til þeirra, jafnvel þó skrifstofurnar séu ekki í þeirra heimabæ.“

Eva Íris segir að þjónustuskrifstofurnar séu í góðu samstarfi við Krabbameinsfélagið í Reykjavík. Þær eru oft með tengsl við sálfræðinga og hjúkrunarfræðinga sem fólk getur haft samband við þurfi það á því að halda. Einnig getur starfsfólk þjónustuskrifstofanna leiðbeint fólki áfram og hjálpað til við að finna þá þjónustu sem þarf.

**Sjálfboðastarf til að jafna aðgengi**

Flest félögin byggjast alfarið á sjálfboðastarfi en Eva Íris segir að einhver þeirra séu þó með starfsfólk, auk þess sem starfsfólk er á þjónustuskrifstofunum.

„Félögin eru háð fjáröflunum og stuðningi frá sínu nærsamfélagi til að styrkja fólk sem þarf að ferðast í meðferð, vegna þess að það er ekki hægt að fá meðferð alls staðar á landinu. Fólk sem býr úti á landi þarf oft að ferðast einhverjar vegalengdir til að komast í meðferð og jafnvel gista. Hvort sem það er til Reykjavíkur eða Akureyrar eða á næsta stóra stað. Eitt af stóru markmiðunum er að jafna út kostnað við meðferð fyrir fólk úti á landi, svo hann sé jafnari kostnaði hjá þeim sem þurfa ekki að ferðast eins langt og fólk finni minna fjárhagslega fyrir því að greinast með krabbamein en ella,“ útskýrir Eva Íris.

„Svæðafélögin eru ekki studd af hinu opinbera og reyna því oft að sækja um styrki hjá fyrirtækjum og bæjarfélögum. Þetta eru sjálfstæð félög rekin af fólki sem brennur fyrir málstaðinn.“

Eva Íris segir nauðsynlegt að fólk fái stuðning óháð búsetu. Að það geti leitað til síns svæðafélag og geti leitað til einstaklinga sem skilji hvað það er að ganga í gegnum.

„Þetta er mikilvægt svo fólkið upplifi ekki að það sé eitt í sinni baráttu. Það er mjög auðvelt fyrir bæði sjúklinginn sjálfan og nánustu aðstandendur að einangrast með verkefnið sem er fyrir hendi. En það er mikilvægt að vita að það er stuðning að fá,“ segir hún.

**Svæðafélögin eru:**

- Akranes og nágrenni
- Akureyri og nágrenni
- Austfirðir
- Austur-Húnavatnssýsla
- Austurland
- Árnessýsla
- Borgarfjörður
- Breiðfirðingar
- Höfuðborgarsvæðið
- Hvammstangi
- Norðausturland
- Rangárvallasýsla
- Skagafjörður
- Snæfellsnes
- Suðausturland
- Suðurnes
- Ísafjörður
- Suður-Þingeyingar
- Vestmannaeyjar
- Vestur-Skaftafellssýsla

**Stuðningsfélögin fimm eru:**

- Brjóstaheill – Samhjálp kvenna
  Stuðnings- og baráttuhópur kvenna sem greinast með brjóstakrabbamein.
- Framför
  Félag karla með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandendur.
- Kraftur
  Stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
- Ný rödd
  Samtök fólks sem hefur misst raddbönd vegna krabbameins.
- Stómasamtökin
  Hagsmunasamtök stómaþega. ■



Eva Íris Eyjólfsdóttir segir aðildarfélögin veita fólki á landsbyggðinni mikilvægan stuðning. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR


















Þegar þú verslar í vefverslun Krabbameinsfélagsins styrkir þú starf í þágu þeirra sem greinast með krabbamein og fjölskyldna þeirra.

Kynntu þér úrvalið: vefverslun.krabb.is

Krabbameinsfélagið












Karólína Bríet og Helga Júlía styrktu Krabbameinsfélagið með rokki.

## Rokktónleikar

Vinkonurnar Helga Júlía og Karólína Bríet eru ungar og upprennandi rokkstjörnur úr Laugardalnum í Reykjavík. Þær héldu tónleika í vor í götunni sinni og leyfðu áhorfendum, gestum og gangandi að styrkja gott málefni með því að leggja pening í krukku. Þær söfnuðu rúmlega 7.000 krónum sem þær ætla að færa Krabbameinsfélaginu.

Helga og Karólína léku bæði frumsamið efni og þekkta slagara úr rokksögunni. Skemmtilegast þótti þeim að taka lagið fyrir ömmu hennar Helgu en hún átti einmitt afmæli þennan sama dag.

Krabbameinsfélagið hlakkar til að taka á móti þessum frábæru ungu konum í Skógarhlíð og þakka þeim innilega fyrir frábært framlag. ■



Sigrún Lillie Magnúsdóttir tók á móti vettlingunum af Dóru Harðardóttur.

## Prjónagjöf í Skógarhlíð

Dóra Harðardóttir, frá Húsavík, prjónaði 200 pör af vettlingum fyrir öll aldursbil sem hana langaði að gefa til styrktar góðu málefni. Vettlingarnir fóru í sölu hjá Krabbameinsfélaginu og rann ágóðinn óskiptur til starfa og stuðnings í þágu krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra.

> Handprjónaðir vettlingarnir hennar Dóru á Húsavík bera sköpunarkrafti hennar, ástríðu og nákvæmni svo sannarlega fagurt vitni.

Þetta er í annað sinn sem Dóra kemur færandi hendi með prjónagjöf til stuðnings Krabbameinsfélaginu. Sigrún Lillie Magnúsdóttir, forstöðumaður Ráðgjafarþjónustunnar, tók við prjónagjöfinni, hæstánægð með þetta ótrúlega handverk sem ber sköpunarkrafti Dóru, ástríðu og nákvæmni, einstaklega fagurt vitni. ■

# Heilsamín fyrir alla á núll krónur

Heilsamín kemur veg fyrir 4 af hverjum 10 krabbameinum.

Krabbameinsfélagið mælir heilshugar með Heilsamíni sem nýtur sömuleiðis blessunar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO.

Heilsamín kemur í handhægum pakkningum og er mælt með daglegri notkun allan ársins hring. Heilsamín endurnýjast sjálfkrafa og má gjarnan geyma það þar sem börn ná til.




Heilsamín er fyrir alla, káta krakka, konur og kalla. Með reglulegri notkun er hægt að koma í veg fyrir fjögur af hverjum tíu krabbameinum.

Með reglulegri notkun Heilsamíns er hægt að koma í veg fyrir fjögur af hverjum tíu krabbameinum.

Hægt er að nálgast Heilsamín hjá Krabbameinsfélaginu í Skógarhlíð 8 en verðið er afar hagstætt, eða 0 krónur. Frekari upplýsingar á krabb.is/heilsamin. ■


## Við óskum Krabbameinsfélagi Íslands til hamingju með 70 ára afmælið

Neytendastofa
NormX
Opin Kerfi
RH net
Sölufélag garðyrkjumanna – Íslenskt grænmeti – Þú veist hvaðan það kemur
regla bókhaldskerfi
Reykjanesbær – Í krafti fjölbreytileikans
Rétt verk – Bílamálun og réttingar
Reebok Fitness
Sólbaðsstofan Sælan
Samfylkingin
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
Sólar
Vélaverkstæðið Þór ehf
Suðurverk
Thorfish
Würth
Ylur pípulagnir slf.
Öryggismiðstöðin
Sæplast
Stólpi Gámar – Hafðu samband 568 0100
Veðurstofa Íslands
VS Verkalýðsfélag Snæfellinga
Vínbúðin

**Árneshreppur**
Árneskirkjugarður

**Hvammstangi**
Hársnyrtistofa Sveinu Ragnarsdóttur
Hótel Hvammstangi
Hvammstangakirkja
Langafit

**Blönduós**
Bifreiðaverkstæði Blönduós ehf
Blönduósbær
Glaðheimar, sumar og gistihús opið allt árið
Húnavatnshreppur
Kvenfélag Svínavatnshrepps
Léttitækni ehf
Stéttarfélagið Samstaða
Sörlatunga ehf

**Skagaströnd**
Sjávarlíftæknisetrið BioPol ehf
Vélaverkstæði Skagastrandar

**Sauðárkrókur**
Aldan - stéttarfélag
Doddi málari ehf
Dögun ehf
FISK-Seafood ehf
Háskólinn á Hólum
Lykill sf
Steinull hf
Trésmiðjan Ýr ehf
Verslunarmannafélag Skagafjarðar
Vörumiðlun ehf

**Fljót**
Kvenfélagið Framtíðin

**Siglufjörður**
Siglufjarðarkirkja

**Akureyri**
Akureyrarkirkja
Almenna lögþjónustan ehf
B. Snorra ehf
Baldur Halldórsson ehf
Bílaleiga Akureyrar
Bílaprýði
Blikkrás ehf
Car-X bílabjörgun
Endurhæfingarstöðin ehf
Enor ehf
Hárið Akureyri ehf, s: 571 8888
Index tannsmíðaverkstæði ehf
Inspiration Iceland
Íslensk verðbréf hf
Kjarnafæði hf
Knattspyrnufélag Akureyrar
Kollgáta Arkitektur
Ljósco ehf
Rafmenn ehf
Rakara- og hárstofan Kaupangi
S.Guðmundsson ehf, múrverktaki
S.S. byggir ehf
Samherji ehf
Sella tannlæknar ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skóhúsið - Bónusskór
Skútaberg ehf
Slippurinn Akureyri ehf
Svalbarðsstrandarhreppur
Tannlæknastofa Árna Páls
Tannlæknastofa Hauks og Bessa
Trésmíðaverkstæði Trausta ehf
Veitingastaðurinn Krua Siam
Verkval ehf

**Dalvík**
EB ehf
Vélvirki ehf, verkstæði

**Ólafsfjörður**
JVB-Pípulagnir ehf
Sjómannafélag Ólafsfjarðar

**Hrísey**
Hríseyjarkirkja

**Húsavík**
E G Jónasson rafmagnsverkstæði
Farfuglaheimilið Árbót - Berg
Heilbrigðisstofnun Norðurlands
Hvammur, heimili aldraðra
Samgönguminjasafnið Ystafelli
Stóruvellir ehf
Trésmiðjan Rein ehf
Vélaverkstæðið Árteigi

**Fosshóll**
Lundarbrekkukirkja

**Laugar**
Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464 2990
Sparisjóður Suður- Þingeyinga

**Mývatn**
Dimmuborgir guesthouse
Jarðböðin við Mývatn
Kaffihúsið við Dimmuborgir
Vogar ferðaþjónusta

**Kópasker**
BR tannlæknar slf
Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

**Þórshöfn**
Geir ehf
Langanesprestakall
Svalbarðshreppur

**Bakkafjörður**
K Valberg slf

**Vopnafjörður**
Pétur Valdimar Jónsson

**Egilsstaðir**
Ársverk ehf
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Gistihúsið Lake - Hotel Egilsstadir
Gunnarsstofnun
Hallormsstaðaskóli
Héraðsprent ehf
Klassík ehf
Klausturkaffi ehf
Myllan ehf
Sentrum ehf
Tréiðjan Einir ehf
Þ.S. verktakar ehf
Ökuskóli Austurlands sf

**Borgarfjörður**
Fiskverkun Kalla Sveins og Álfacafé

**Seyðisfjörður**
PG stálsmíði ehf

**Reyðarfjörður**
AFL - Starfsgreinafélag
Fjarðaveitingar ehf
Hárstofa Sigríðar ehf
Launafl ehf
Skiltaval ehf
Tærgesen, veitinga- og gistihús

**Eskifjörður**
Egersund Ísland ehf
Eskja hf
Lindin fasteignir, Eskifirði
Tandraberg ehf

**Neskaupstaður**
G.Skúlason vélaverkstæði ehf
Haki ehf verkstæði
Nestak ehf, byggingaverktaki
Samvinnufélag útgerðamanna
Síldarvinnslan hf
Skorrahestar ehf-www.skorrahestar.is
Tannlæknastofan
Verkmenntaskóli Austurlands

**Fáskrúðsfjörður**
Fáskrúðsfjarðarkirkja
Vöggur ehf

**Höfn í Hornafirði**
Birkifell ehf
JA vet ehf
Klifá ehf, ferðaþjónustan Gerði ehf
Króm og hvítt ehf
Málningarþjónusta Horna ehf
Þingvað ehf, byggingaverktakar

**Höfn í Hornafirði**
Hjalti Egilsson

**Selfoss**
AB-skálinn ehf
Ágúst Bogason ehf
Bílaleiga Selfoss - Car Rental Selfoss
Bíltak ehf
Búhnykkur sf
Byggingafélagið Laski ehf
Cleopatra tískuverslun-www.cleo.is, s: 482 2144
Eðalbyggingar ehf
Eldhúsið veitingastaður og veisluþjónusta
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Flóahreppur
Grímsnes og Grafningshreppur
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
Gróðrarstöðin Storð ehf
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Hraunborgir - Lava Village
Jáverk ehf
K.Þ Verktakar ehf
Karl úrsmiður á Selfossi
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Kökugerð H P ehf
Málarinn Selfossi ehf
Mjölnir, vörubílstjórafélag
Nesey ehf
Pípulagnir Helga ehf
Písl ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Reykhóll ehf
Sólheimar í Grímsnesi
Suðri ehf
Sveitarfélagið Árborg
Tré og straumar ehf
Vélaverkstæði Þóris ehf
Vélaþjónusta Ingvars

**Hveragerði**
Blómaborg, s: 483 4225
Flóra garðyrkjustöð
Heilsustofnun NLFÍ - heilsustofnun.is
Hótel Örk
Hveragerðiskirkja
Raftaug ehf

**Þorlákshöfn**
Bergverk ehf
Bíliðjan ehf, verkstæði
Ingimundur Magnússon
Járnkarlinn ehf

**Ölfus**
Gróðrarstöðin Kjarr
Hraunsós ehf
Stokkar og steinar sf

**Stokkseyri**
Bjartás slf

**Laugarvatn**
Ásvélar ehf
Héraðsskólinn-www.heradsskolinn.is

**Flúðir**
Fögrusteinar ehf
Hrunamannahreppur
Íslenskt grænmeti ehf
Riding Tours South Iceland ehf

**Hella**
Hestvit ehf
Trésmiðjan Ingólfs ehf

**Hvolsvöllur**
Félag íslenskra bifreiðaeiganda
Torf túnþökuvinnsla ehf

**Vík**
RafSuð ehf
Reynisfjara-Black beach Restaurant
Víkurprestakall

**Kirkjubæjarklaustur**
Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps
Kvenfélag Skaftártungu

**Vestmannaeyjar**
Áhaldaleigan ehf
Bifreiðaverkstæði Muggs
Bíla- og vélaverkstæðið Nethamar ehf
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf
Ós ehf
Prentsmiðjan Eyrún hf
Skipalyftan ehf
Vestmannaeyjabær


FRÉTTABLAÐIÐ
37% LANDSMANNA*
ERU Í BÍLAHUGLEIÐINGUM
49% LESA**
FRÉTTABLAÐIÐ
ERT ÞÚ AÐ NÁ TIL RÉTTA FÓLKSINS?
Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og
á frettabladid.is nærðu til rétta fólksins.
FRÉTTABLAÐIÐ
* Skv. Neyslukönnun Gallup. ** Íbúar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 35–65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali, skv. prentmælingum Gallup.

# Mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi

Einar Ásgeirsson tekur inn blöndurnar Kollagen og Liði frá Protis. Hann er alsæll með árangurinn og segir vörurnar gera sér kleift að stunda hreyfingu án verkja.

Áður en Einar hóf inntöku á Kollageni og Liðum var hann farinn að finna fyrir verkjum sem voru farnir að hafa neikvæð áhrif á getu hans til að hreyfa sig og þar af leiðandi á lífsgæði hans.

„Ég var með liðverki í öxlum og hnjám, svona eins og gengur og gerist en svo var ég líka sárþjáður af vefja- og vöðvaverkjum. Ég var farinn að ímynda mér að ég væri kominn með vefjagigt eða eitthvað í þeim dúr.“

Einar segir kynni sín af vörunum hafa verið hálfgerða tilviljun. „Ég var búinn að prófa ýmislegt og prófaði þetta af rælni. Þetta reyndist síðan virka svona rosalega vel. Ég er orðinn mjög góður í dag.“

**Áþreifanlegur munur**

Einar er búinn að nota vörurnar í tæp tvö ár og hafa komið upp tímabil þar sem hann hefur ekki tekið þær inn. „Ég er búinn að prófa að sleppa þessu og þá fer ekkert á milli mála hvað þetta virkar vel. Ég hef svo fundið áþreifanlegan mun þegar ég byrja aftur.“

Þá hefur hann enn fremur reynslu af því að taka inn bara aðra hvora vöruna og þær saman. „Ég hef líka bara átt Liði eða bara átt Kollagen en ég finn að þetta virkar ennþá betur saman. Þetta er frábær blanda. Ég þarf að taka þetta með mat til að styðja við upptökuna þannig að ég tek þetta með sjúss af ólífuolíu,“ segir Einar og hlær.

Einar hefur einnig prófað aðrar sambærilegar vörur, bæði erlendar og innlendar, og segir hann Protis hafa reynst sér best. „Þetta erlenda virkaði ekki neitt og þetta innlenda virkaði ágætlega en var bara alltof dýrt.“



Einar Ásgeirsson segist mun fljótari að ná sér eftir hreyfingu þegar hann tekur inn bæði Kollagen og Liði frá Protis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI







**Eins og þegar maður var yngri**

Einar stundar ýmsa hreyfingu sér til ánægju og segir blöndurnar nú orðnar ómissandi. „Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört lykilatriði að taka þetta inn. Þetta styður alla hreyfingu, hvort sem það er skokk, hlaup eða ganga á fell og fjöll.“

Einar segir ávinninginn ekki síst felast í því hversu jákvæð áhrif þetta hafi á endurheimt vöðva þegar búið er að taka á því. „Þetta verður svolítið eins og þegar maður var yngri og fékk ekki harðsperrur eða annað vesen. Líðanin batnar og þá er auðveldara að virkja sig betur í hreyfingu. Þannig kemur þetta allt.“

Einar mælir heilshugar með vörunum. „Ég hugsaði með mér hvort maður ætti nokkuð að vera að tjá sig en síðan er ég alltaf að lesa um fólk sem þjáist til dæmis af vefjagigt og ef það getur lagað það með þessu í staðinn fyrir að þjást, þá væri algjör synd að koma því ekki á framfæri. Mér er því ljúft og skylt að deila þessu með fólki ef þetta skyldi vera eitthvað sem gæti hjálpað þeim,“ segir Einar.

> Ef ég ætla að vera góður, njóta lífsins og geta hreyft mig þá finnst mér algjört möst að taka þetta inn.

„Ég hélt að ég væri kominn með vefjagigt en það lagaðist eftir að ég fór að taka þetta inn. Það eru svo mikil lífsgæði sem fylgja því að vera í formi.“

**Verndar liði, bein og brjósk**

Protis Liðir er unnið úr kollagenríkum skrápi sæbjúgna með viðbættu vatnsrofnu þorskprótíni fyrir viðhald vöðva og túrmeriki fyrir bólgueyðandi áhrif. Blandan inniheldur einnig mangan og nauðsynleg vítamín fyrir heilbrigð bein, brjósk og liðvökva.

**Fyrir húð, hár og neglur**

Kollagen frá Protis er einstök blanda úr hágæða innihaldsefnum sem styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. Kollagenið er framleitt úr íslensku fiskroði og inniheldur einstakt innihaldsefni – SeaCol, sem er blanda af vatnsrofnu kollageni úr íslensku fiskroði og vatnsrofnu þorskprótíni úr íslenskum þorski. SeaCol tekur þátt í að styrkja vefi líkamans og viðhalda teygjanleika. Einnig er sérvalin blanda af vítamínum og steinefnum sem öll styðja við styrkingu á húð, hári og nöglum. ■

Vörur Protis fást í öllum helstu matvöruverslunum og apótekum.

# Dýrðlegt bláberja-galette til að missa sig yfir

Guðrún Ýr Eðvaldsdóttir, sælkeri með meiru, hefur haldið úti miðilnum Döðlur & smjör í á annað ár. Í júlí eignaðist hún litla dömu sem er strax farin að verja stundum með mömmu sinni í eldhúsinu og á eflaust eftir að smitast af ástríðu móður sinnar eldhúsinu.

sjofn@frettabladid.is

Guðrún hefur gaman að því að töfra fram sælkerakræsingar sem tengjast uppskeru sumars og nú er einmitt tími til að finna litrík berjalyng full af ferskum og litríkum berjum.

„Mér finnst alltaf jafn heillandi að tína ber en þegar ég er mætt í berjamó og búin að tína dágóða stund rifjast upp að mér finnst þetta ekkert ofboðslega skemmtilegt, ekki til lengdar. Þá er gott að hafa margar hendur með sér svo hver og einn þurfi ekki að tína eins mikið. Það er samt alltaf jafn unaðslegt að detta inn á gott berjaland með miklum bláberjum. Svo eigum við fjölskyldan leynistað þar sem við týnum hrútaber og fáum úr þeim fallegu rauða sultu.“

**Smíðuðu gróðurkassa í garðinn**

Guðrún er aðeins farin að rækta sjálf og þau hjónin eru að byggja upp garðinn fyrir frekari ræktun. „Við keyptum eign í fyrra og höfum hægt og rólega tekið garðinn í gegn en hann var áður í mikilli órækt. Í ár smíðuðum við tvo gróðurkassa þar sem ég rækta salat og kryddjurtir og ræktunarkassa í tröppugangi þar sem við ætlum að rækta jarðarber.“



Guðrún Ýr nýtur þess að töfra fram sælkerakrásir. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**Eldað eftir árstíðum**

Guðrún ljóstrar upp uppáhalds uppskrift sem tengist haustinu.

„Það er tilvalið að nota berjauppskeruna og baka bláberjagalette. Galette er einföld aðferð í bökubakstri, deigið er einfaldlega flatt út, fylling sett í miðjuna og kantarnir brotnir inn yfir fyllinguna. Þetta er uppskrift sem ég tengi sterkt við haustið, nýtínd ber pöruð saman með dásamlega stökku bökudeigi og til að króna herlegheitin að bera það fram með vanilluís.“

Bökudeig

160 g hveiti
25 g sykur
1 tsk. salt
170 g smjör, kalt
50 ml vatn, ískalt
1 egg (til penslunnar)
1-2 msk. sykur (perlusykur)



Bláberja-galette er gómsæt baka sem allir geta bakað, og hún er dásamlega góð borin fram heit með ísköldum vanilluís.

Hægt er að nota matvinnsluvél eða gera deigið í höndunum. Setjið hveiti, sykur og salt á borðið, gott er að hafa diskamottu undir til að vernda borðið. Skerið smjör í bita og blandið saman við hveitið í þremur skömmtum. Hægt er að nota hnífa til að saxa smjörið saman við hveitið eða sköfu, smá þolinmæðisvinna en svo þess virði. Mixið saman þar til að smjörið er orðið mjög smátt. Bætið þá vatninu saman við, smá í einu, þar til að deigið er formað, ekki of þurrt né of blautt. Mótið kúlu og þrýstið henni aðeins niður, setjið í plast og inn í ísskáp. Leyfið deiginu að hvíla í minnst 2 klukkustundir Hægt er að geyma deigið í ísskáp eða frysti ef það er gert fyrirfram.

Sé deigið gert í matvinnsluvél er hveiti, sykur og salt sett saman, smjör skorið niður og sett saman við í þremur skömmtum þar til orðið kornótt, alls ekki alveg samblandað því við viljum halda í litlu smjörblettina í deiginu, það er það sem gerir deigið stökkt eða „flaky“. Takið deigið úr matvinnsluvélinni, setjið á borð, hellið vatninu saman við og mótið það til ekki of þurrt né of blautt. Framhald sjá að ofan.

Fylling

350 g bláber
100 g sykur
40 g hveiti
Börkur af einni sítrónu
1 msk. sítrónusafi

Blandið öllum hráefnum saman og hrærið létt.

**Samsetning**

Stillið ofn á 210°C. Takið deigið úr kæli, setjið dass af hveiti á borðið og setjið deigið á borðið. Byrjið að fletja deigið út með kökukefli, alltaf í áttina frá ykkur og snúið deiginu um fjórðung jafnt og þétt svo deigið sé laust frá borðinu og jafn þykkt á alla kanta. Bætið hveiti undir ef þarf.

Þegar deigið er útflatt leggið það yfir kökukeflið og færið á bökunarpappír. Penslið deigið með eggi, dreifið fyllingunni yfir deigið og skiljið um það bil 3 cm eftir frá kanti, til að brjóta inn. Penslið kantana með eggi og sáldrið sykri yfir. Setjið inn í ofn og stillið á 20 mínútur. Eftir 20 mínútur er hitinn lækkaður í 175°C og bakað í 20 mínútur í viðbót. Berið fram með rjóma eða vanilluís.

Hægt er að fylgjast með Guðrúnu Ýr á dodlurogsmjor.is og á Instagram @dodlurogsmjor.

# Kvika hættir brátt stýringu breskra veðlánasjóða

**KKV Investment Management tók við rekstri tveggja veðlánasjóða síðastliðið sumar sem áttu við vanda að stríða.**

helgivifill@frettabladid.is

Dótturfélag Kviku mun í lok árs hætta að stýra tveimur breskum veðlánasjóðum sem glímt hafa við rekstrarvanda. Sjóðirnir eru í slitameðferð. Ákveðið hefur verið að færa stýringu þeirra til sjóðanna sjálfra því um er að ræða sjálfstæðar rekstrareiningar með sjálfstæðar stjórnir. Þetta segir Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kviku í Bretlandi, í samtali við Markaðinn.

KKV Investment Management, sem er sjóðastýringarfélag í meirihlutaeigu Kvika Securities, dótturfélags Kviku í Bretlandi, tók við rekstri sjóðanna í júní 2020 en þá glímdu þeir við rekstrarvanda sem hafði leitt til þess að stjórnir sjóðanna færðu stýringu þeirra til KKV. „Stuttu áður en KKV tók við stýringu sjóðanna hafði verðmæti eigna þeirra verið niðurfært umtalsvert vegna stöðu ákveðinna eigna. Fljótlega eftir að við tókum yfir kom svo í ljós að staða margra eigna var verri en gert var ráð fyrir og að þörf væri á frekari niðurfærslum. Okkar verkefni hefur fyrst og fremst verið að selja eignir og skila fjármunum til hluthafa. Það hefur gengið vel og við höfum skilað yfir 130 milljónum punda [tæplega 23 milljörðum íslenskra króna, innsk. blm.] til hluthafa á árinu 2021. Okkur hefur tekist vel til að vinna fyrir hluthafa við erfiðar aðstæður,“ segir hann.

Gunnar segir að stærri sjóðurinn hafi verið rúmlega 380 milljónir punda að stærð, jafnvirði rúmlega 66 milljarða króna, þegar KKV tók við eignaumsýslunni. Í nóvember síðastliðnum hafi verið tilkynnt um umtalsverða virðisrýrnun og sjóðurinn hafi verið rúmlega 220 milljónir punda við lok árs. Það sem af er ári hafi rúmlega 100 milljónum punda verið skilað til hluthafa. Sjóðurinn sé því nú um 100 milljónir punda að verðmæti.

Minni sjóðurinn hafi verið um 45 milljónir punda að stærð en sé nú um 20 milljónir. „Eignaumsýslan fór því úr um 420 milljónum [jafnvirði rúmlega 73 milljarða, innsk. blm.] í um 120 milljónir punda [jafnvirði tæplega 21 milljarðs, innsk. blm.] en þóknanir KKV byggja á stærð sjóðanna. Tekjurnar hafa því farið lækkandi eftir því sem sjóðirnir minnka. Tekjur af stýringu standa því ekki undir kostnaði. Undanfarnar vikur hafa staðið yfir viðræður á milli KKV og stjórna sjóðanna um endurskoðun á fyrirkomulagi þóknana og þessar viðræður hafa leitt það af sér að aðilar eru sammála um að best sé að afhenda stjórnum sjóðanna stýringu eignanna við lok árs. Það er



Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kvika UK.

góð niðurstaða en það veldur okkur vonbrigðum hvernig málin varðandi þessa sjóði hafa þróast,“ segir hann.

Stofnun KKV og yfirtaka sjóðastýringarinnar á veðlánasjóðunum leiðir til taps fyrir Kviku. Gunnar segir að tapið sé ekki stórt og að búið sé að taka tillit til þess að fullu í uppgjöri bankans. „Þetta var í upphafi tiltölulega lítil fjárfesting því við tókum við tekjuberandi sjóðum,“ segir Gunnar.

Hann segir að upphaflega hafi staðið til að KKV myndi stofna fleiri lánasjóði. Það hafi ekki gengið eftir sem megi að stóru leyti rekja til erfiðra markaðsaðstæðna vegna Covid-19. Almennt sé erfitt fyrir nýja rekstraraðila að sækja fé til fjárfesta í nýja sjóði og að það hafi reynst ómögulegt þegar ekki sé hægt að hitta þá augliti til auglitis vegna samkomutakmarkana. Hins vegar horfi fjárfestar nú einkum til fjárfestingatækifæra í hlutabréfum en ekki skuldabréfum þegar vaxtastigið sé jafn lágt og raun ber vitni. Þess vegna verði beðið með framrás KKV um sinn. ■



Höldur er með sterka stöðu á innanlandsmarkaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Tekjur Bílaleigu Akureyrar drógust saman um fjórðung á milli ára

helgivifill@frettabladid.is

Tekjur Höldurs, stærstu bílaleigu landsins, drógust saman um 25 prósent á milli ára og námu 5,3 milljörðum króna árið 2020. Bílaleigan, sem starfar undir merkjum Bílaleigu Akureyrar og Europcar, tapaði 300 milljónum í fyrra samanborið við 238 milljón króna hagnað árið 2019. Eigið fé fyrirtækisins lækkaði í rúman einn milljarð króna en eiginfjárhlutfallið var sex prósent við árslok.

Fjöldi ferðmanna til landsins dróst verulega saman vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Þekkt er að Bílaleiga Akureyrar er með sterka stöðu á innanlandsmarkaði og því var tekjusamdráttur bílaleigunnar minni en ætla mætti af markaðsaðstæðum.

Höldur rekur einnig bílasölu, bílaverkstæði, dekkjaverkstæði og er í fasteignarekstri. Mestu umsvifin eru hjá bílaleigunni. Fram kemur í skýrslu stjórnar fyrir rekstrarárið að Höldur hafi orðið að fækka starfsfólki, dregið úr starfshlutfalli annarra starfsmanna, nýtt úrræði stjórnvalda vegna heimsfaraldursins eins og hlutabótaleiðina og frestað skattgreiðslum.

Auk þess hafi verið dregið úr kostnaði með öðrum hætti. Jafnframt var samið við lánveitendur um að fresta afborgun lána fyrir 2,8 milljarða króna. Þrátt fyrir það greiddi félagið upp öll lán vegna seldra bifreiða á árinu 2020.

Á árinu 2020 fjölgaði bifreiðum sem knúnar eru áfram af endurnýjanlegum orkugjöfum úr 263 í rúmlega 500 í bílaflota Bílaleigu Akureyrar.

Steingrímur Birgisson, forstjóri Höldurs, á 40 prósenta hlut í fyrirtækinu og Bergþór Karlsson framkvæmdastjóri á 24 prósenta hlut. ■





- Íslensk framleiðsla, framleitt af Idex álgluggum ehf.
- Schüco er einn stærsti framleiðandi prófíla fyrir álglugga og álhurðir á heimsvísu og er jafnframt leiðandi merki á þessum markaði.
- Byggðu til framtíðar með Schüco álgluggum frá Idex.

CE - merkt framleiðsla

SCHÜCO - þegar gæðin skipta máli

IDEX

idex.is - sími 412 1700

*framl.- sölu- og þjónustuaðili Schüco á Íslandi*

Kimberly-Clark PROFESSIONAL*

KIMBERLY CLARK TILBOÐ 1
Tilboðsverð:
19.995 kr. m/vsk.



STANDUR FYRIR SKAMMTARA
Svartur eða hvítur
DROPABAKKI
RAFKNÚINN SKAMMTARI
1200 ml silfur eða hvítur
1 x KC sótthreinsifroða
1200 ml
Inniheldur Aloe Vera
og húðmýkjandi efni

KIMBERLY CLARK TILBOÐ 2
Tilboðsverð:
11.780 kr. m/vsk.



KC RAFKNÚINN SKAMMTARI
1200 ml hvítur eða silfur
4 x KC SÓTTHREINSIFROÐA
1200 ml
Inniheldur Aloe Vera
og húðmýkjandi efni

ERU SÓTTVARNIRNAR Á HREINU Í FYRIRTÆKINU?
SÓTTHREINSISTANDAR Í ÚRVALI, SÓTTHREINSIFROÐA FYLGIR

olís REKSTRARLAND

Fæst í verslunum Rekstrarlands og útibúum Olís um land allt.
Pantanir í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is**.





# Aukin framlög til Landspítalans ekki aðalkosningamálið



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar.

Það eru allir sammála um að við viljum búa við gott heilbrigðiskerfi. Það eru líka allir sammála um að það þarf að vera bæði vel fjármagnað og að nýtingin á því fjármagni verði að vera skilvirk. Síðustu vikur hafa ýmsir talað á þann veg að fjármögnun heilbrigðiskerfisins hljóti, eigi og verði að vera höfuðmálefni komandi Alþingiskosninga. Sú umræða leiðir beint af því að kórónufaraldurinn virðist munu sitja á öxlinni á okkur enn um sinn.

Fyrir um mánuði síðan benti ég á að það þyrfti að sérstaklega að varast að staða faraldursins og viðbrögð við honum yrðu að miklu kosningamáli. Kosningar til Alþingis eiga að – verða að – snúast um það hvernig flokkarnir ætla að tækla efnahagsmál og samfélagsmál á næsta kjörtímabili. Þar er bæting heilbrigðiskerfisins augljóslega eitt af umræðuefnunum. En það getur hvorki verið eina né aðal kosningamálið.

**Hvaðan eiga peningarnir að koma?**

Fyrir þessar kosningar er lykilspurningin ekki: „Hve miklum peningum ætla stjórnmálaflokkarnir að verja til að hækka framlög til Landspítalans og heilbrigðiskerfisins?“ Lykilspurningin er: „Hvaðan eiga peningarnir að koma?“

Uppsafnaður halli ríkissjóðs verður um 600 milljarðar króna þegar næsta ríkisstjórn tekur við. Þegar kallað er eftir því að auka ríkisútgjöld – til dæmis með auknum framlögum til heilbrigðiskerfisins – eru fjórar leiðir í boði til að finna þá peninga. Ríkið getur tekið peninga úr öðrum málaflokkum með niðurskurði, ríkið getur fengið peninga að láni með tilheyrandi vaxtakostnaði inn í framtíðina, ríkið getur hækkað skatta á almenning og fyrirtæki, eða ríkið getur örvað atvinnulíf til að auka verðmætasköpun í samfélaginu sem skilar auknum tekjum í ríkissjóð.

Það er augljósasta verkefni næstu ríkisstjórnar að blanda þessum leiðum saman til að fylla í faraldursgatið í ríkiskassanum. Það er því jafn augljóst að þeir sem krefjast þess að kosningar snúist um aukin ríkisútgjöld þurfi að leggja fram skýrar tillögur um það. Á að taka peningana úr menntakerfinu eða félagslega kerfinu? Á að taka fleiri erlend lán eða hækka skatta? Eða á að fara skynsamlegu leiðina og örva verðmætasköpun með því að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, tryggja að tólf þúsund atvinnulausir komist sem fyrst aftur í vinnu og bæta samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs þannig að til verði fleiri krónur sem skila sér í ríkiskassann?

> ,,Þegar við heyrum stjórnmálamenn tala um að mikilvægt sé að auka útgjöld til Landspítalans þá vitum við hvað þarf að gerast til að það sé hægt.

**Hver er fljótvirkasta leiðin til að búa til ný verðmæti?**

Greiningaraðilar og áhrifastofnanir um efnahagsmál tala einum rómi um það. Seðlabankinn, fjármálaráðuneytið, greiningardeildir bankanna, Hagstofan, lánsmatshæfisfyrirtæki – allir þessir aðilar hafa bent á það sama: Hröð viðspyrna ferðaþjónustu er mikilvægasta leiðin í dag til að hraða verðmætasköpun, minnka atvinnuleysi og styrkja efnahagslífið hraðar.

Hvers vegna? Vegna þess að hröð viðspyrna ferðaþjónustunnar kemur fólki fyrr aftur í vinnu og greiðir þeim laun, hún sogar gjaldeyri inn í landið og býr til ný verðmæti fyrir samfélagið. Þeim mun fyrr sem tekst að ná þessari kviku atvinnugrein aftur í eðlilega virkni og verðmætasköpun, þeim mun fyrr mun hún aftur skila tugmilljörðum í tekjur til ríkisins. Og þannig verða til fleiri krónur í ríkiskassanum sem má nota til að fjármagna Landspítalann og önnur kerfi samfélagsins.

Orð eins og verðmætasköpun og viðspyrna hljóma kannski óljós, en hér er einfalt dæmi:

Árið 2019 voru beinar (nettó) skatttekjur ríkis og sveitarfélaga af ferðaþjónustu 65 milljarðar króna. Það er sama upphæð og öll framlög ríkisins til reksturs Landspítalans það ár. Skatttekjur af ferðaþjónustu voru jafn miklar og þurfti til að reka Landspítalann árið 2019. Og árið áður. Og árið þar áður. Og þannig þarf það að verða aftur, eins hratt og hægt er.

Þannig að þegar við heyrum stjórnmálamenn tala um það á næstu vikum að mikilvægt sé að auka útgjöld til Landspítalans, þá vitum við einfaldlega hvað þarf að gerast til að það sé hægt. Auðvitað snýst aukin verðmætasköpun ekki bara um ferðaþjónustu heldur um atvinnulífið allt, en á þessum tímapunkti skiptir mestu máli að koma ferðaþjónustu aftur á fæturna til að efnahagslífið fari aftur að ganga á öllum stimplum. Og það styður líka við aðrar atvinnugreinar.

**Hvað þarf til að tryggja hraða viðspyrnu?**

Stjórnvöld geta gripið til fjölda aðgerða til að efla þessa hröðu viðspyrnu. Í maí gáfu SAF út Vegvísi um viðspyrnu ferðaþjónustu til 2025, þar sem lagðar eru fram tillögur um aðgerðir í 11 köflum (sjá http://vidspyrnan.is). Þar er m.a. fjallað um leiðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja, fjárfestingar í árangursríkri markaðssetningu og uppbyggingu áfangastaða og innviða, skilvirkara eftirlit með ólöglegri starfsemi og eflingu atvinnutækifæra á landsbyggðinni.

Auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að allar tillögur í slíku skjali komi hratt til framkvæmda, en það er hægt að búast við því að stjórnmálaflokkar nýti hluta af tillögunum til að styðja við aukna verðmætasköpun á næsta kjörtímabili og styrkja þannig efnahagslíf og samfélag hraðar upp úr faraldrinum. Því að þannig verða til aukin verðmæti sem ríkið getur nýtt til að byggja upp heilbrigðiskerfið og önnur lykilkerfi samfélagsins.

Það er málið sem kosningarnar hljóta að snúast um. Stjórnmálaflokkar og frambjóðendur þurfa að setja fram raunhæfa sýn á framtíðina, á endurreisn efnahagslífs, atvinnulífs og samfélags upp úr kreppuástandi. Hvernig hyggjast þeir takmarka samfélagslegan kostnað eftir kreppuna, tryggja lífskjör til framtíðar og leiða þjóðina í átt að meiri almennri velsæld? Sama hvert sú umræða leiðir á næstu vikum er aukin verðmætasköpun í ferðaþjónustu alltaf lykilhluti af svarinu. Líka varðandi það hvernig megi bæta heilbrigðiskerfið. ■

# Icelandair þurfi ekki að draga lánalínuna í ár

Verðmat Jakobsson Capital á Icelandair er 39 prósentum yfir markaðsvirði. Horfur í flugrekstri dekkri en fyrir fáeinum mánuðum síðan.

helgivifill@frettabladid.is



Reksturinn í vetur gæti orðið þungur, segir í verðmati. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Icelandair mun ekki þurfa að draga á 120 milljóna Bandaríkjadala lánalínu með ríkisábyrgð í ár en gæti þurft á henni að halda næsta vor ef rekstraráætlun Jakobsson Capital gengur eftir. Þetta kemur fram í nýrri greiningu á flugfélaginu þar sem verðmatið er 39 prósentum yfir markaðsvirði, eða 2,0 krónur á hlut.

Uppgjör Icelandair fyrir annan fjórðung var í takt við væntingar Jakobsson Capital. Í verðmatinu, sem Markaðurinn hefur undir höndum, segir að afkoman beri með sér að sumarvertíðin hafi verið góð, eldsneytiskostnaður varpi ljósi á að nýju Boeing MAX-þoturnar séu mun sparneytnari en eldri flugvélar sem verið hafa í flotanum og reksturinn sé skilvirkari en gert hafi verið ráð fyrir. Að því sögðu séu horfurnar nokkuð dekkri í flugrekstri en fyrir tveimur til þremur mánuðum þegar margir töldu að Covid-19 væri á bak og burt.

„Væntanlega hefur farið um marga vegna tillagna sóttvarnalæknis um takmarkanir á komur ferðamanna ef ekki næst að skima alla farþega. Það er þó lán í óláni að mesta ferðamannatímabilinu fer nú að ljúka. Einnig er líklegt að áhugi fólks til að ferðast dragist saman er Covid fer vaxandi í heiminum og það dragi eitthvað úr áhuga þegar að Covid er mikið á áfangastað,“ segir í verðmatinu.

Jakobsson Capital deilir af þeim sökum ekki bjartsýni stjórnenda Icelandair hvað varðar haustið og veturinn þótt rekstraráætlun sem verðmatið byggir á geri ráð fyrir örlítið meiri tekjum nú en áður. Reksturinn í vetur gæti orðið þungur samhliða fjölgun Covid-smita hér á landi sem erlendis.

Samkvæmt verðmatinu munu tekjur Icelandair aukast um 15 prósent á milli áranna 2020 og 2021. Gert er ráð fyrir að flugmarkaðurinn verði kominn í eðlilegra horf eftir um ár og að tekjurnar vaxi um um 55 prósent á árinu 2022 í 775 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 99 milljarða króna. Það ár verður lítils háttar rekstrartap, eða 27 milljónir Bandaríkjadala, ef spá Jakobsson Capital nær fram að ganga. Reiknað er með að Icelandair hagnist um 39 milljónir dala, jafnvirði fimm milljarða króna, árið 2023. ■

## Eignastýringarrisinn Schroders kaupir í Arion fyrir um 300 milljónir

hordur@frettabladid.is


Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion.

Sjóður í rekstri breska eignastýringarrisans Schroders hefur nýlega bæst við hluthafahóp Arion banka. Samkvæmt lista yfir alla hluthafa bankans í gær, sem Markaðurinn hefur séð, nemur eignarhlutur Schroders rúmlega 1,8 milljónum hluta að nafnverði en miðað við gengi bréfa Arion er markaðsvirði hans um 300 milljónir króna. Það jafngildir um 0,11 prósenta hlut í bankanum.

Schroders var einnig á meðal þeirra fjölmörgu erlendu sjóða sem tóku þátt í hlutafjárútboði Íslandsbanka í júní á þessu ári. Keypti sjóðurinn þá fyrir tæplega 500 milljónir króna miðað við útboðsgengið og var með 0,3 prósenta hlut við skráningu bankans á markað.

Talsverður fjöldi erlendra vísitölusjóða, sem fjárfesta einkum í hlutabréfum félaga á vaxtamörkuðum (e. frontier markets), hafa komið nýir inn í eigendahóp Arion banka eftir að Ísland var formlega tekið inn í vaxtamarkaðsvísitölu MSCI undir lok maímánaðar.

Á meðal þeirra eru sjóðir Acadian Asset Management sem hefur á síðustu vikum verið að bæta við hlut sinn í bankanum og fer núna með 6 milljónir hluta að nafnvirði, sem jafngildir 0,36 prósenta eignarhlut. Aðrir erlendir fjárfestingasjóðir sem hafa bæst við hluthafahóp Arion í sumar eru meðal annars, svo dæmi sé tekið, í stýringu hjá Franklin Templeton, Northern Trust, Handelsbanken, Legal & General, Fund-Partner Solutions og Van Biema Value Partners. Þá fjárfesti þjóðarsjóður Kúveit, einn stærsti fjárfestingasjóður í ríkiseigu í heiminum, í bankanum, eins og Markaðurinn hefur áður upplýst um en hlutur hans er í dag metinn á tæplega hálfan milljarð króna.

Eignarhaldsfélagið Stormtré, sem er í eigu Hreggviðs Jónssonar, stjórnarformanns Veritas, er einnig nýr fjárfestir í hluthafahópi Arion banka en félagið keypti í liðnum mánuði samanlagt meira en 5,8 milljónir hluta að nafnverði. Markaðsvirði þess eignarhlutar er tæplega einn milljarður króna. Þá fer Bílabúð Benna nú einnig fyrir hlut í bankanum sem er í dag metinn á liðlega 450 milljónir króna.

Hlutabréfaverð Arion, sem stóð í 167 krónum á hlut við lok markaða í gær, hefur hækkað um 76 prósent frá áramótum og nemur markaðsvirði bankans um 277 milljörðum. ■

IDEX IÐNAÐAR- OG BÍLSKÚRSHURÐIR







**Iðnaðar- og bílskúrshurðir úr áli**

NASSAU

CE - merkt framleiðsla

- yfir 30 ára reynsla á Íslandi
- hurðir úr áli — engin ryðmyndun
- hámarks einangrun
- styrkur, gæði og ending — langur líftími
- háþróuð tækni og meira öryggi
- möguleiki á ryðfríri útfærslu
- lægri kostnaður þegar fram líða stundir

Sveigjanlegar lausnir og fjölbreytilegt útlit hentar mismunandi tegundum bygginga.

Byggðu til framtíðar
með hurðum frá Idex

IDEX
idex.is - sími: 412 1700

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | MIÐVIKUDAGUR 25. ágúst 2021

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## ■ Skoðun




Þorsteinn Friðrik Halldórsson


## Fresturinn liðinn

Þegar kórónuveiran kom til sögunnar voru viðbrögð stjórnvalda um allan heim skiljanleg. Óþekkt veira, sem fer eins og eldur um sinu, vekur ugg og að því leyti var skiljanlegt að sóttvarnir fengju að njóta vafans á kostnað efnahagslífsins. Að minnsta kosti þangað til vissum aðeins meira.

Þetta voru furðulegir tímar. Sérfræðingar á sviði læknisfræðinnar fengu að ráða för og voru settir upp á stall. Samstaða með ákvörðunum þeirra varð æðsta dyggðin en mótþrói hinn mesti löstur. Stemningin var þannig að efasemdamenn héldu sér flestir til hlés.

Rúmlega einu og hálfu ári síðar höfum við aflað þekkingar á virkni og skaðsemi veirunnar, meðferðir eru skilvirkari fyrir vikið og bólusetning er langt á veg komin. Við búum við skilyrðin sem þarf til að koma lífinu aftur í eðlilegar skorður.

Eftir því sem hlutfall bólusettra hefur farið hækkandi á þessu ári hefur þörfin fyrir takmarkanir farið minnkandi. Samhliða því hefur áherslan á samstöðu dvínað enda er mörgum orðið ljóst að stjórnvöld eru á rangri leið. Þrátt fyrir þann árangur sem hefur náðst er börnum skylt að bera grímur og þau skikkuð í sóttkví í massavís. Enn gilda takmarkanir á samkomur og ferðir þjóðar sem er nær fullbólusett, og Tollgæslan leggur hald á sendingar sem innihalda sjálfspróf fyrir Covid-19.

Engan þarf að undra að umræðan og almenningsálitið séu að breytast. Venjulegt fólk hefur ekki endalausa þolinmæði fyrir stjórnarfari af þessum toga.

Stjórnvöld hafa gefið höggstað á sér en það er kannski lýsandi fyrir fátæklega stjórnmálaflóru landsins hversu fáir hafa reitt til höggs. Einstaka þingmenn, bæði innan Sjálfstæðisflokksins og stjórnarandstöðuflokka, hafa gagnrýnt sóttvarnastefnuna á síðustu vikum en flokksformenn í stjórnarandstöðu eru hvergi sjáanlegir. Í tilfelli Viðreisnar og Miðflokksins, sem hafa sótt fylgi til Sjálfstæðisflokksins, er þögnin ærandi.

Ef atburðir síðustu vikna þóttu ekki nægt tilefni til andmæla af hálfu stjórnarandstöðuflokkanna, hvernig er hægt að treysta því að þeir hefðu staðið betur að málum? Það má segja að fresturinn til að taka afgerandi og trúverðuga afstöðu sé liðinn. ■

## Tekjur Heimkaupa jukust um 77 prósent á milli ára


helgivifill@frettabladid.is


Tekjur Wedo, móðurfélags Heimkaupa, jukust um 77 prósent á milli ára og námu 2,3 milljörðum króna árið 2020. Félagið tapaði 169 milljónum í fyrra samanborið við 181 milljónar tap árið áður. EBITDA-tap félagsins nam 49 milljónum þegar horft er fram hjá einskiptisliðum vegna fjármögnunar en það var 230 milljónir árið áður.

Við lok síðasta árs keypti hluthafahópur undir forystu Hjalta Baldurssonar, stofnanda hugbúnaðarfyrirtækisins Bókunar sem bókunarrisinn Tripadvisor keypti árið 2018, 40 prósent í Wedo. Samhliða var hlutafé aukið um 1,27 milljarða króna. Fram kemur í ársreikningi fyrir árið 2020 að hlutafé Wedo hafi verið aukið um 220 milljónir við ársbyrjun 2021.

Norvik, móðurfélag Byko, var stærsti hluthafi Wedo með um 28 prósenta hlut við árslok 2020. Félag í eigu Hjalta, stjórnarformanns Wedo, átti tæplega tólf prósenta hlut á sama tíma. ■

”

Það kemur ekki til greina að takmarka komur fólks, ferðamanna eða Íslendinga, á flugvöllinn af því að við ráðum ekki við það praktíska kerfi sem við höfum sett upp.



Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, ferðamálaráðherra.


HAFÐU FJÖLPÓSTINN Í **MEST LESNA DAGBLAÐI LANDSINS!***

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóstinn en inni í Fréttablaðinu en kynningarefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**46,5%** íbúa höfuðborgarsvæðisins á aldrinum **25 - 80 ára** lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5000** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is.**

**Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.**




* Samkvæmt prentmælingum Gallup

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

Sterkari saman í sátt við umhverfið

LITRÓF GuðjónÓ Prenttækni

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

BRAUT BÍLASALA



SUBARU Legasy Outback leður glerþak ofl mjög vel búinn bíll Árgerð 2015 ekinn 98 Þ KM dísel sjálfskiptur. Verð aðeins 2.690.000. GLÆSILEGUR BÍLL Rnr.107734.

**Braut Bílasala**
**Bíldshöfða 3, 110 Reykjavík**
**Sími: 587 6600**
**bilabraut@bilabraut.is**
**www.bilabraut.is**

SPARIbill



Honda CR-V Executive 5/2016 Ekinn 97 þ. Km. Flottasta typa með Leðurinnréttingu glerþaki Og öllum lúxus. Einn eigandi frá upphafi. Verð: 3.750.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-250þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

## Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178, 105 Reykjavík S. 4900095 / info@accountant.is |www.accountant.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval
Verð við allra hæfi

## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Tilkynningar

## Tapað - Fundið

**FUNDARLAUN Í BOÐI !**
Hálsfesti með stjórnumerki tapaðist á LSH við Hringbraut (blóðtöku eða röntgen) þann 12. ágúst. Finnandi vinsaml. hringja í s. 864 2035 eða hjp@internet.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut

## Tilkynningar

**KAMMERKÓR REYKJAVÍKUR.**
Okkur í Kammerkórnum vantar söngfólk í allar raddir.
Æft er á þriðjudögum kl. 19.30 að Grensásvegi 3.
Spennandi verkefni framundan.
**Uppl. gefur Sigurður Bragason í síma 6612345**



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**Stækkaðu heimilið með svalalokun frá COVER**



5 ÁRA ÁBYRGÐ

COVER kerfið er vel þekkt um allan heim og á Íslandi hafa verið settar upp mörg hundruð slíkar svalalokanir og sólstofur á undanförnum árum.

COVER FINNSK GÆÐI Í 35 ÁR
NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · normx@normx.is



## Íbúafundur um skipulag miðbæjar

**Miðvikudaginn 25.8.2021 kl. 17:30 í Bæjarbíói**

Boðað er til íbúafundar þar sem teknar verða fyrir tillögur að skipulagsbreytingum í miðbæ Hafnarfjarðar. Frestur til athugasemda við báðar tillögurnar hefur verið framlengdur til og með 31. ágúst 2021. Á fundi kynna skipulagshöfundar fyrirliggjandi tillögur.

Fjöldi þátttakenda í sal miðast við tilmæli yfirvalda. Allir fundargestir eru vinsamlega beðnir um að skrá sig til fundar, vera með grímu og gæta að persónubundnum sóttvörnum.

**Fundurinn verður einnig í beinu streymi á Facebooksíðu Hafnarfjarðarbæjar.**

Nánar á:
**hafnarfjordur.is**

Hafnarfjörður

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**



SAFT

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Árborgar.*

1. **Aðalskipulagsbreyting – Nauthagi, Selfossi**
Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 9. júní 2021 að auglýsa tillögu að aðalskipulagsbreytingu fyrir Nauthaga á Selfossi. Um er að ræða breytingu á hluta af vestasta reit í2 þar sem íbúðarbyggð kemur í stað opins svæðis til sérstakra nota. Vestasti hluti í2 er um 8.000m2 að stærð og minnkar hann í um 6.200m2. Fyrirhuguð íbúðarlóð er u.þ.b. 2.000m2 að stærð og á henni er gert ráð fyrir um 700m2 byggingu með 6-8 íbúðum á einni hæð.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar.*

2. **Deiliskipulagstillaga – Nauthagi, Selfossi**
Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 8. júlí 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Nauthaga, Selfossi. Um er að ræða deiliskipulag vegna nýrrar lóðar við Nauthaga 2 á Selfossi. Markmið deiliskipulagsins er að byggja upp íbúðar- og þjónustukjarna með 6-8 íbúðum vegna sértækra búsetuskilyrða sem Bergrisinn bs. mun standa að.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammmi á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 25. ágúst 2021 til og með 6. október 2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 6. október 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

***Anton Kári Halldórsson***
***skipulagsfulltrúi Árborgar***

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri www.geiriehf.is

www.verslun.is

**FRÁ 1. FEBRÚAR - NETVERÐ**
**20%**
**AFSLÁTTUR**
**AF ÖLLUM VÖRUM Í NETVERSLUN**
**WWW.VERSLUN.IS**

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is geiri www.geiriehf.is STÓRELDHÚS Straumur ...hillukerfi
Sýningareldhús - Dragháls 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is Netverslun á www.verslun.is



Innilegar þakkir fyrir samúð
og vinarhug vegna andláts
og útfarar föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,

**Kristmundar Elí Jónssonar**

**Dætur hins látna og fjölskyldur þeirra.**

---



Ástkær móðursystir okkar og frænka,

**María Guðrún Sigurðardóttir**
hjúkrunarfræðingur,
Hörðalandi 24, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir
þann 13. ágúst síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá
Fossvogskapellu fimmtudaginn 26. ágúst kl. 15.
Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur
viðstaddir athöfnina og verður því boðið til athafnar.
Útförinni verður streymt á vefsíðunni mbl.is/andlat.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnast hennar er bent á að styrkja
Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Sigurður Rúnar Ívarsson** — **Þóra Eyjólfsdóttir**
**Bjarnheiður Jóna Ívarsdóttir** — **Guðjón Guðmundsson**
**María Björk Ívarsdóttir** — **Hákon Hákonarson**
**Svandís Guðrún Ívarsdóttir** — **Jakob Þórarinsson**
**Bjarni Hrafn Ívarsson** — **Elsa Björk Knútsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi,

**Guðmundur Þorsteinn Bjarnason**
húsa- og skipasmiður,
áður til heimilis að Stafholti 5, Akureyri,

lést í faðmi fjölskyldunnar, miðvikudaginn 11. ágúst,
á dvalarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri.
Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn
30. ágúst klukkan 13.00. Innilegar þakkir til starfsfólks
hjúkrunarheimilisins Lögmannshlíðar, Árgerði, fyrir
einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Bjarney Guðmundsdóttir** — **Óli Reynir Ingimarsson**
**Kjartan G. Guðmundsson** — **Guðfinna Ásgrímsdóttir**
**Gunnar H. Guðmundsson** — **Kristbjörg Gunnarsdóttir**
**Haukur Guðmundsson**
**afa- og langafabörn.**

---



Ástkær lífsförunautur minn,
móðir mín, tengdamóðir og amma,

**Anna Lilja Pálsdóttir**
Heiðmörk 21, Hveragerði,

lést 20. ágúst á líknardeildinni í Kópavogi.
Útförin fer fram frá Hveragerðis-
kirkju föstudaginn 27. ágúst kl. 15.

**Arnþór Ævarsson**
**Þorgerður Ösp Arnþórsdóttir** — **Grettir Ólafsson**
**Óríon Reginn Grettisson**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Ingibjörg Erlingsdóttir**
**(Imba)**
Pósthússtræti 3, Reykjanesbæ,

lést sunnudaginn 1. ágúst eftir stutt
veikindi á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í
faðmi fjölskyldunnar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju,
fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13. Innilegar þakkir til
starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja
fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

**Bjarni Þór Einarsson**
**Mekkín Bjarnadóttir** — **Magnús B. Matthíasson**
**Einar Bjarnason** — **Linda Sveinbjörnsdóttir**
**Erlingur Bjarnason** — **Ásta Ben Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda
tölvupóst á **timamot@frettabladid.is**
eða hringja í síma 550 5055 .

---




Þorgerður og Ragnheiður í Hamraborginni sem verður vettvangur hátíðar í vikulokin. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Listalífið glætt í Hamraborginni

Fyrsta hátíð sem haldin er Hamraborginni í Kópavogi til heiðurs hefst á morgun og stendur fram á sunnudag. Hún snýst um myndlist, tónleika, leiklestur, bíó og dans svo eitthvað sé nefnt.

gun@frettabladid.is

„Við ákváðum að kalla hátíðina Hamraborg – festival. Hún teygir sig um götuna, búðirnar, galleríin, garða og bílaplön og líka menningarhúsin hinum megin Hafnarfjarðarvegar,“ segir listakonan Ragnheiður Bjarnarson. Hún er einn listrænna stjórnenda hátíðarinnar og stofnenda Midpunkts, listrýmis innarlega í Hamraborg þar sem umrædd hátíð verður sett klukkan 16 á morgun og sýningin Óskilamunir opnuð. „Svo er líka sýning í Y, gömlu bensínstöðinni, og enginn kaupir sér lottómiða, vapevökva eða skart í Hamraborg þessa dagana án þess að rekast á list,“ lýsir hún. Ragnheiður er á heimavelli, sérmenntuð í list í almenningsrými. „Enda hafa margir auga fyrir list þó þeir gefi sér ekki tíma til að heimsækja menningarstofnanir og söfn, eins og það er þó æðislegt,“ segir hún.

> **Enginn kaupir sér lottómiða, vapevökva eða skart í Hamraborg þessa dagana án þess að rekast á list.**
>
> Ragnheiður.

Við sitjum yfir góðu kaffi á neðri hæð Gerðarsafns með Þorgerði Þórhallsdóttur, verkefnastjóra þar – sem grípur þráðinn. „Einn liður í hátíðinni er sýning á vídeóverki eftir ungmennaráð Gerðarsafns sem kallar sig Grakkana. Þeir krakkar voru hér í listabúðum í allt sumar, pældu mikið í sýningunni Hlutbundin þrá og bjuggu meðal annars til lygaleiðsögn um hana!“

Þorgerður bendir á að dagskráin á morgun sé þétt. „Hálftíma eftir opnun, eða 16.30, verður afhjúpað listaverk í formi gjörnings á Hálsatorgi sem hét áður Gjáin og klukkan 17 byrja djasstónleikar í Salnum með Önnu Grétu, Sigga Flosa og Johan Tengholm. Klukkan 18 verður svo Styrmir Örn Guðmundsson, gjörninga- og sögumaður, dansari, söngvari og myndskreytir, með leiðsögn um verk sín á samsýningunni Hlutbundin þrá hér í Gerðarsafni. Sýningunni lýkur um helgina en klukkan 17 á föstudag er boðið þar upp á teiknismiðju fyrir fullorðna. Listakonan Guðlaug Mía Eyþórsdóttir sýnir eigið verk og fær fólk til að uppgötva ný sjónarhorn og setja þau á blað. Þar skapast örugglega góð „eftir vinnu-stemning“!

Ölduhúsið Catalina hýsir upplestur úr verkum Tyrfings Tyrfingssonar leikskálds á föstudagskvöld og tónleika á laugardagskvöld, auk lokahófs og gleði, að sögn Ragnheiðar. „Þar ætlum við að dansa smá og jafnvel færa okkur út á götu!“ „En fyrir tónleikana ætlar Kamilla Einarsdóttir rithöfundur í göngutúr frá bókasafninu,“ minnir Þorgerður á, „og sýna okkur alla litlu staðina sem hún dýrkar í Hamraborginni – hún vonar að það verði ekki sól!“ „Það eru merkilega margir tilbúnir að skapa óð til götu sem alltaf er í súld,“ segir Ragnheiður. „Já, til að glæða listalífið!“ bendir Þorgerður á.

---



Ástkær móðir mín,
amma okkar og langamma,

**Vigdís Sigurðardóttir**
Dunhaga 13,

lést á Droplaugarstöðum
25. júlí síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 26. ágúst kl. 13.
Aðstandendur vilja senda starfsfólki Droplaugarstaða,
dvalarheimilisins Höfða og heimahjúkrunar
Reykjavíkurborgar sérstakar þakkir fyrir góða umönnun.

**Ágúst Gunnar Gylfason**
**Elínborg Ágústsdóttir** — **Unnsteinn Barkarson**
**Höskuldur Ágústsson** — **Halldóra Elínborg Björgúlfsdóttir**
**Sigurður Unnsteinsson**

---



Okkar ástkæra

**Erla Björk Daníelsdóttir**
Borgarnesi,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Brákarhlíð föstudaginn 20. ágúst.
Útförin fer fram föstudaginn 27. ágúst
kl. 14.00 í Borgarneskirkju.
Fjölskyldan færir öllu starfsfólki Brákarhlíðar þakkir
fyrir einstaka umönnun og velvild þau ár
sem Erla dvaldi í Brákarhlíð.
Streymt verður frá athöfninni. Virkan hlekk má nálgast á
https://www.mbl.is/andlat

**Íris Inga Grönfeldt** — **Gunnar Þór Þorsteinsson**
**Svafa Grönfeldt** — **Matthías Friðriksson**
**Þóra Guðrún Grönfeldt** — **Gylfi Konráðsson**
**og fjölskyldur.**

---



Elskulegur bróðir okkar og mágur,

**Ásmundur Jakobsson**
Barmahlíð 22,

sem lést 17. ágúst, verður jarðsunginn
frá Háteigskirkju föstudaginn 27. ágúst
kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er
bent á styrktarfélög.
Athöfninni verður streymt á:
https://youtu.be/fY_s4VcmMcM

**Jakob Jakobsson** — **Moira Jakobsson**
**Aðalbjörg Jakobsdóttir** — **Hallgrímur B. Geirsson**
**Steinunn S. Jakobsdóttir** — **Sverrir Hilmarsson**

---



Okkar ástkæra frænka,

**Sólveig Guðmundsdóttir**
frá Grýtu,

lést á hjúkrunar- og dvalarheimilinu
Hlíð Akureyri þann 19. ágúst. Útför
hennar fer fram frá Munkaþverárkirkju
föstudaginn 27. ágúst kl. 13.00.
Sérstakar þakkir fær starfsfólkið á Einihlíð fyrir hlýja
og góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sólveig Jóna Geirsdóttir**

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

# ÚTSALA
# 20-70% AFSLÁTTUR
## MÖGNUÐ TILBOÐ

**30% AFSLÁTTUR**



**CADENCE PLUSH, QUEEN SIZE**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**170.940 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 242.700 KR.**
VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPIR.

**20% AFSLÁTTUR**



**GLACIER BAY FIRM, QUEEN SIZE**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**201.760 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 250.700 KR.**
VERÐ MIÐAST VIÐ RÚMBOTN KLÆDDAN LEÐURLÍKI OG KRÓM LAPPIR.

**70% AFSLÁTTUR**



**POPPY DÝNA**
**ÚTSÖLUVERÐ**
**20.274 KR.**
**VERÐ ÁÐUR 67.580 KR.**

SKIPTI OG SÝNINGARRÚM
**20-70% AFSLÁTTUR**

**MIKIÐ ÚRVAL GERÐU FRÁBÆR KAUP**

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

## Veðurspá Miðvikudagur




Sunnan 8-15 í dag, en hvassara í vindstrengjum á norðanverðu Snæfellsnesi. Súld eða rigning sunnan- og vestanlands, hiti 12 til 17 stig. Yfirleitt hægari vindur og léttskýjað á Norður- og Austurlandi og hiti 20 til 28 stig. ■

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Tatev Abrahamyan (2.342) átti leik gegn Önnu Zatonskih (2.470) í kvennaflokki bandaríska meistaramótsins í skák. **41. Dxd4! cxd4 42. Hxe7 Hxe7 43. Hxe7 Bxc4 44. Rxc4 Df3 45. dxc7 Dd1+ 46. Kf2**.

**www.skak.is**: Allar helstu skákfréttirnar

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 vol
5 burstaþak
6 goð
8 gegndi
10 íröð
11 nudd
12 titill
13 málmur
15 þykjast
17 magn

**LÓÐRÉTT**
1 leikur
2 starfa
3 stafur
4 svefn
7 kurteisi
9 ávöxtur
12 garði
14 hás
16 tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1 kvein, 5 ris, 6 ás, 8 ansaði, 10 m n, 11 nið, 12 jarl, 13 úran, 15 látast, 17 massi. **LÓÐRÉTT:** 1 krambúl, 2 vinn, 3 ess, 4 náðir, 7 siðlæti, 9 ananas, 12 jata, 14 rám, 16 ss.




Ertu söngfugl?



Kvennakórinn Concordia auglýsir eftir áhugasömum kórkonum.

Fyrsta verkefni kórsins eru léttir og skemmtilegir hádegistónleikar í tónleikaröðinni Á ljúfum nótum í Fríkirkjunni.
Eitt af seinni verkefnum vetrarins er m.a. þátttaka í árlegum jólatónleikum, til styrktar Landspítala Háskólasjúkrahúsi, sem fyrihugaðir eru í byrjun desember. Einsöngvarar á þeim tónleikum verða Hallveig Rúnarsdóttir, sópran og Hildigunnur Einarsdóttir, mezzosórpan ásamt hljómsveit.
Þeir tónleikar fara einnig fram í Fríkirkjunni í Reykjavík.

Æfingar verða á miðvikudagskvöldum undir stjórn Lilju Eggertsdóttur og gert er ráð fyrir að æfingar taki u.þ.b. eina og hálfa klukkustund.

**Raddprufur verða í dag, miðvikudaginn 25. ágúst frá kl. 18.**

Áhugasamar hafi samband í gegnum netfangið: korconcordia@gmail.com

korconcordia

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | 6 | | | | 9 |
| | 5 | | 4 | | 9 | 3 | | 7 |
| | | | 5 | | | | 6 | |
| 6 | 8 | | | | 3 | | | 5 |
| 3 | | | | 4 | | 9 | | |
| 9 | 7 | 1 | 6 | | | 4 | | |
| | | | | | | 1 | | 4 |
| | | 9 | | 7 | | 2 | | 3 |
| 7 | | 2 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | | 6 | | 2 | |
| | 1 | | | 4 | | 3 | | 7 |
| | | 7 | | | 3 | | | 6 |
| | | 1 | | | | | | |
| 7 | 9 | 5 | | | 1 | | 6 | |
| 8 | | 3 | | 6 | 4 | | | |
| 6 | | | | | 9 | | | 5 |
| | | 8 | | | | 1 | | |
| | 7 | | | | 5 | | | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Ólafur Kjartan við Bayreuther Festspielhaus, óperuhúsið sem Wagner lét reisa sjálfur utan um sín verkefni. MYND/JORGE RODRÍGUEZ-NORTON

# Ólafur Kjartan túlkar Wagner næstu tvö sumur

**Ólafur Kjartan Sigurðarson er að stimpla sig rækilega inn sem söngvari á hinni árlegu Wagnerhátíð Bayreuther Festspiele í Þýskalandi. Þetta sumarið í hlutverki Biterolfs í óperunni Tannhäuser.**

gun@frettabladid.is

Ólafur Kjartan býr í skógarkofa utan við borgina Bayreuth í Þýskalandi, ásamt konu sinni. Í byrjun heyrist ómur af rödd hans í símanum – en hringir til baka. „Ég er í hálfgerðri eyðimörk þegar kemur að netsambandi en veit um nokkra punkta og er kominn í einn,“ segir hann glaðlega.

Hin velþekkta Wagnerhátíð í Bayreuth hefur verið söngvettvangur Ólafs Kjartans síðustu vikur þar fer hann með hlutverk Biterolfs í Tannhäuser. „Við sem erum á sviðinu mættum hér 1. júní. – Ég er líka við æfingar á nýrri uppfærslu á Niflungahringnum, var til dæmis að æfa Ragnarök í morgun fyrir Hringinn næsta sumar sem ég mun líka syngja 2023, ef allt fer samkvæmt áætlun. Þetta er þriggja mánaða úthald, ég get pakkað saman og farið heim síðasta dag ágúst, það sama verður uppi á teningnum tvö næstu sumur og kannski lengur – hver veit.“

**Allir í prufur daglega**

Ólafur Kjartan segir allt takmörkunum háð á hátíðinni þetta árið vegna Covid. „Það er gríðarlegur fjöldi sem kemur að hátíðinni, tvær hljómsveitir, tveir kórar og aragrúi af sólóistum, fyrir utan fólkið sem sér um uppsetningu, tækni- og fræðslumál. Allir þurfa að fara í prufur daglega. Áhorfendafjöldinn er skorinn niður um rúmlega helming, miðað við fullt hús, nú mega vera 900 gestir á hverri sýningu, allir með grímur, bólusetningarvottorð og ný test. Við þátttakendur erum þakklátir fyrir þessa fyrirhöfn því við fáum að hafa vinnu.“

**Vel ættaður stjórnandi**

Bayreuth-hátíðin er ein af elstu óperuhátíðum heims. Hún hefur verið við lýði í vel á annað hundrað ár og er eingöngu tileinkuð óperum Richards Wagner, enda reisti hann sjálfur óperuhúsið utan um sín verkefni, að sögn Ólafs Kjartans. „Þetta er gríðarlega fallegt hús og það er einstakt hvernig Wagner lét hanna það til að stýra hljómburðinum. Núna er því stjórnað af Katharinu Wagner, afkomanda hans, og Franz Liszt. Þegar maður vinnur með henni skreppur tónlistarsagan saman, manni finnst allt hafa gerst í gær!“



Fjölskyldan á frumsýngu: Sigurður Rúnar Jónsson, Ásgerður Ólafsdóttir, Sigurbjörg Bragadóttir og Brynja Ólafsdóttir. MYND/ISOLDE STEIN-LEIBOLD

> Ég hef svo sem haft nóg að gera en var lengi að koma mér upp í þann flokk sem ég stefndi að.

Miklir biðlistar eru jafnan eftir miðum á hátíðina, sumir bíða í mörg ár, að sögn Ólafs Kjartans. „Hingað kemur fólk úr öllum hornum heims, bæði hlustendur og flytjendur. Þetta er stórt í sniðum og mikið apparat sem er magnað að taka þátt í. Margir leigja út húsin sín hér yfir sumarið, því fjölskyldur reyna að gera úr þessu sumarfrí í leiðinni. Við hjónin leigðum skógarkofa og höfum það fínt!“

**Svolítið flökkulíf**

Kona Ólafs Kjartans er Sigurbjörg Bragadóttir, sjálfstætt starfandi kjólaklæðskeri. Þau eiga heimili í Berlín en bjuggu lengi í Saarbrücken í Þýskalandi, þar sem Ólafur Kjartan var fastráðinn í mörg ár. „Fjölskyldan tíndist til mín þangað í bútum. Tvö eldri börnin og öll barnabörnin eru komin til Reykjavíkur aftur en yngri dóttirin er hjá okkur í Berlín. Þetta hefur verið svolítið flökkulíf, það tilheyrir þessu fagi. Það er annað hvort fastráðning eða lausamennska, eða „fríláns“ sem er fína orðið yfir atvinnuleysi. Núna gengur vel og ég hef svo sem haft nóg að gera en var lengi að koma mér upp í þann flokk sem ég stefndi að, sem er sá sem ég starfa í í dag. Þegar óperubransinn lifnar aftur er útlitið bjart hjá mér. Ég mun syngja hlutverkið Wotan (Óðin) í Valkyrju eftir Wagner á Listahátíð í Hörpu í febrúar 2022, það er verkefnið sem ég hlakka hvað mest til á komandi starfsári,“ segir söngvarinn.

**Miðakaup krefjast fyrirhyggju**

Að sjálfsögðu fóru nokkrir Íslendingar á hátíðina í ár að fylgjast með okkar manni. „Það var mjög ánægjulegt að á minni frumsýningu var Selma Guðmundsdóttir, formaður Wagnerfélagsins, mætt og Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra og svo slangur af minni fjölskyldu,“ segir stórsöngvarinn. „Ég er líka búinn að hlera að það ætli einhver hópur að mæta á frumsýningu Hringsins næsta sumar. Slíkt þarf að skipuleggja með árs fyrirvara en í Wagnerfélaginu er þekking og reynsla og þangað ætti fólk að snúa sér til að fá ráðleggingar, ef áhugi er á miðum.“ ■

# Klassískur gítarleikur

gun@frettabladid.is

Tónleikaröðin Á ljúfum nótum rennur af stað eftir hlé, á morgun, fimmtudaginn 26. ágúst. Þeir verða í Fríkirkjunni við Tjörnina.

Efnisskráin samanstendur af hressum og skemmtilegum gítarverkum sem Óskar Magnússon gítarleikari og flytjandi á tónleikunum hefur haldið mikið upp á í gegnum árin. Verkin eru frá Suður-Ameríku og Frakklandi.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og taka um hálfa klukkustund. Athugið að ekki er tekið við greiðslukortum við innganginn. ■



Óskar Magnússon ætlar að spila uppáhalds lög sín. MYND/AÐSEND



Kristín Jóhannesdóttir er höfundur handrits Ölmu og leikstjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Myndin Alma tilnefnd

gun@frettabladid.is

Kvikmyndin Alma eftir Kristínu Jóhannesdóttur er ein fimm mynda sem tilnefndar eru til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2021. Guðrún Edda Þórhannesdóttir, Friðrik Þór Friðriksson, Egil Ødegård eru framleiðendur hennar.

Verðlaunin verða veitt í 18. skipti við hátíðlega athöfn 2. nóvember. ■

> » Alma er ein fimm mynda sem tilnefndar eru til Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2021.




SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN
Fáðu blað dagsins sent rafrænt
FRÉTTABLAÐIÐ






# Miðvikudagur

## Hringbraut

**18.00 433.is (e)** 433.is er frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Fjallaskálar Íslands (e)** Fjallaskálar Íslands er heillandi heimildaþáttur um landnám Íslendinga upp til fjalla og inni í óbyggðum.
**19.30 Pólitík með Páli Magnússyni** Páll Magnússon fær til sín góða gesti og fer yfir það helsta sem er að gerast í íslenskum stjórnmálum.
**20.00 Herrahornið** Áhugaverðir þættir fyrir alla karlmenn sem vilja girða sig almennilega í brók og líta út fyrir að vera fágaðir, flottir á því og virkilega móðins. Umsjónarmaður þáttanna er Sigmundur Ernir Rúnarsson.
**20.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.

## RÚV Sjónvarp

**08.00 Sund** Bein útsending frá keppni í sundi á Ólympíumóti fatlaðra í Tókýó.
**09.30 Guðni á trukknum** Íslensk heimildarmynd um uppvöxt Guðna Ingimundarsonar. Myndin segir frá fjölbreyttum störfum Guðna við verklegar framkvæmdir á Suðurnesjum um 60 ára skeið.
**10.40 Sætt og gott**
**11.00 Heimaleikfimi**
**11.10 Kastljós**
**11.25 Menningin**
**11.35 Manstu gamla daga?**
**12.15 Spænska veikin** (2 af 2)
**12.55 Inndjúpið** (3 af 4)
**13.40 Sjónleikur í átta þáttum**
**14.20 Heilabrot**
**14.50 Söngvaskáld** Svavar Knútur
**15.30 Veiðikofinn** Sjóbleikja
**15.50 Á tali við Hemma Gunn** Raggi Bjarna
**16.35 Sítengd - veröld samfélagsmiðla**
**17.05 Maðurinn og umhverfið**
**17.35 Mamma mín**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Múmínálfarnir**
**18.23 Hæ Sámur**
**18.30 Klingjur**
**18.41 Eldhugar - Margaret Hamilton - ógnvekjandi leikkona**
**18.45 Bækur og staðir**
**18.54 Vikinglottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Ólympíukvöld fatlaðra**
**20.30 Með okkar augum**
**21.15 Neyðarvaktin Chicago Fire**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Þrælahald nútímans - Þernur í þrældómi**
**23.20 Saman að eilífu Din for altid**
**23.50 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**09.00 Countdown to the Ryder Cup** Hitað upp fyrir Ryder Cup sem fer fram 24 - 26 september
**09.20 European Tour** Útsending frá D+D Real Czech Masters
**14.20 European Tour** Útsending frá D+D Real Czech Masters
**18.50 European Tour 2021 - Highlights**
**19.20 European Tour** Útsending frá D+D Real Czech Masters
**23.50 The Hero Challenge 2021 - Behind the Scenes**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 The Block**
**15.50 90210**
**16.50 The King of Queens**
**17.10 Everybody Loves Raymond**
**17.35 Dr. Phil**
**18.20 The Late Late Show**
**19.05 The Block**
**20.10 Young Rock**
**20.35 Moonbase 8**
**21.00 Nurses**
**21.50 Good Trouble**
**22.35 Love Island**
**23.25 The Royals**
**00.10 The Late Late Show**
**00.55 New Amsterdam**
**01.40 Ást**
**02.10 9-1-1**
**02.55 Walker**
**03.40 Love Island**
**04.30 Síminn + Spotify**

## RÚV Rás eitt

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Sumarmál. Fyrri hluti**
**12.00 Fréttir**
**12.03 Hádegið Fyrri og seinni hluti**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.42 Hádegið**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.02 Sumarmál. Seinni hluti**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Þjóðlagahátíð á Siglufirði**
**15.00 Fréttir**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Tengivagninn**
**17.00 Fréttir**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Hlustaðu nú!** Í ljósi krakkasögunnar - Tilly Smith
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Sumartónleikar** Orchestra della Svizzera italiana
**20.30 Vökumaður á nýrri öld**
**21.20 Íslendingasögur** Unnur Guttormsdóttir
**21.40 Kvöldsagan. Dægradvöl** (18 af 31)
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Sumarmál. Fyrri hluti**
**23.05 Sumarmál. Seinni hluti**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## Stöð 2 Bíó

**09.55 Spider-Man. Into the Spider Verse**
**11.50 Finding Your Feet**
**13.40 Kindergarten Cop**
**15.25 Spider-Man. Into the Spider Verse**
**17.20 Finding Your Feet**
**19.10 Kindergarten Cop**
**21.00 Forgetting Sarah Marshall**
**22.45 Welcome Home** Par leggur upp í rómantíska ferð þar sem þau leigja hús í sveitaparadís á Ítalíu. Ferðin er hugsuð til að laga sambandið en þess í stað verða þau fórnalömb í sjúklegu ráðabruggi eiganda hússins.
**00.20 John Wick. Chapter 3 - Parabellum**
**02.30 Forgetting Sarah Marshall**

## Stöð 2

**07.55 Heimsókn**
**08.25 The Mentalist**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.25 The Good Doctor**
**10.05 Næturgestir**
**10.35 All Rise**
**11.20 MasterChef Junior**
**12.00 Sporðaköst 6**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Bomban**
**13.40 Hvar er best að búa?**
**14.15 Gulli byggir**
**14.40 Besti vinur mannsins**
**15.05 The Goldbergs**
**15.25 Á uppleið**
**15.55 Who Do You Think You Are?**
**16.55 Last Week Tonight**
**17.35 Bold and the Beautiful**
**18.00 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.05 Víkingalottó**
**19.10 Alls konar kynlíf**
**19.35 First Dates**
**20.20 10 Years Younger in 10 Days**
**21.10 Family Law**
**22.15 Pennyworth**
**23.15 Sex and the City**
**23.50 Hell's Kitchen** Í þessari þáttaröð etur Ramsey reynsluboltum á móti nýliðum í hörkuspennandi keppni. Átta fyrrverandi keppendur úr þáttunum mæta aftur til leiks til að keppa á móti átta kappsfullum nýliðum sem ætla ekki að gefa neitt eftir.
**00.35 NCIS. New Orleans**
**01.15 Tell Me Your Secrets**
**02.00 The Mentalist**
**02.40 The Good Doctor**
**03.25 All Rise** Frábærir þættir sem fjalla um líf og störf þeirra sem starfa innan veggja dómshúss í Los Angeles.

## Stöð 2 Sport

**08.45 Domino's körfuboltakvöld 2016/2017**
**10.45 Keflavík - Snæfell 2008**
**11.20 KR - Grindavík 2009**
**12.00 Stjarnan - Fylkir** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**13.40 Sunna Tsunami**
**14.10 Keflavík - KA** Útsending frá leik í Mjólkurbikar karla.
**15.50 Víkingur R. - Valur** Útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**17.35 Pepsi Max Upphitun**
**17.50 FH - Keflavík** Bein útsending frá leik í Pepsi Max deild karla.
**20.00 Pepsi Max Stúkan**
**20.40 Stjarnan - Fylkir**
**22.20 Keflavík - Breiðablik** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**00.00 FH - Keflavík**

## Stöð 2 Sport 2

**08.20 Huddersfield - Everton**
**10.00 Benfica - PSV Eindhoven**
**11.40 NFL Hard Knocks. Dallas Cowboys**
**12.35 Roma - Ajax**
**14.15 Sheffield United - Bristol City**
**15.50 Football League Show**
**16.25 Kristianstad - Häcken** Bein útsending frá leik í sænsku úrvalsdeildinni.
**18.40 West Brom - Arsenal** Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**20.45 Huddersfield - Everton**
**22.25 Kristianstad - Häcken**
**00.05 Villarreal - Dinamo**




# Höfum opnað á Selfossi

komdu og skoðaðu úrvalið í glæsilegum sýningarsal okkar

www.tengi.is

Kópavogur – Smiðjuvegur 76 | 414 1000
Akureyri – Baldursnes 6a | 414 1050
Selfoss – Austurvegur 69 | 414 1040

# Jarðtónarnir vinsælli með haustinu


Það er um að gera að hafa förðunina ekki of þunga, leika sér með ljósari liti í jarðtónum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**Augnskuggar í jarðtónalitum verða alltaf vinsælli þegar líður á haustið. Má þar sérstaklega nefna brúnan, vínrauðan, dökkgrænan og drapplitaðan.**

steingerdur@frettbladid.is

Brúnir augnskuggar eru vinsælir allan ársins hring enda þykja þeir ávallt klassískir. Þeir verða þó sérstaklega vinsælir þegar tekur að hausta.

Það á líka við um fleiri jarðliti. Vínrauðir varalitir verða vinsælli og dökkgrænir augnskuggar verða meira áberandi. Það er sniðugt að fara að huga að því að draga fram jarðtónana en það er þó ekkert sem stoppar mann frá því að farða sig í björtustu litunum, svona til að storka komandi skammdegi. ■


Koparlitaðir augnskuggar verða vinsælir með haustinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Gráir, brúnir, hlýir og kaldir. Um að gera að draga fram hauslitina.


Sanseraðir augnskuggar í brúnum, bronslituðum og vínrauðum koma oft sterkir inn á haustin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Upprunalega Naked palletan frá Urban Decay inniheldur alla klassísku litina. MYND/URBAN DECAY



Satin Taupe frá Mac er alltaf jafn vinsæll. MYND/MAC


Við tökum gamla bílinn uppí á 500.000

Notaður uppí nýlegan

Gamli bíllinn þinn gildir að lágmarki sem 500.000 króna innborgun* í nýlegan og öruggan bíl (sérmerktur á plani). Þinn gamli þarf aðeins að vera með gilda skoðun og í ökufæru ástandi. Ef þú ert ekki með bíl uppí má alltaf ræða aðra díla.

112958


**VW Golf gte Plug in hybrid** '20, sjálfskiptur, ekinn 15 þús.km. **Verð:** 4.590.000 kr.

445801 4x4


**SsangYong Korando Dlx** '18, beinskiptur, ekinn 42 þús.km. **Verð:** 3.390.000 kr.

446755

**Mazda Mx-5** '16, beinskiptur, ekinn 42 þús.km. **Verð:** 3.490.000 kr.

591644 4x4



| | |
|---|---|
| Verð | 2.350.000 kr. |
| Greitt m/notuðum | 500.000 kr. |
| Eftirstöðvar | 1.850.000 kr. |
| Afborgun á mánuði | 27.591 kr.** |

**SsangYong Tivoli Xlv Dlx** '17, sjálfskiptur, ekinn 84 þús.km. **Verð:** 2.350.000 kr.

**Meira úrval á** notadir.benni.is



**Bílabúð Benna** | Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl. * Tökum aðeins 1 bíl uppí hvern nýlegan notaðan bíl. **Forsendur: 7 ára lán hjá Lykli. Útborgun 500.000 kr.

# SPARIDAGAR

LOKADAGAR

Í **ORMSSON** & HJÁ UMBOÐSMÖNNUM **ORMSSON** UM LAND ALLT!

## AEG

**15% - 25% afsláttur** af þvottavélum, þurrkurum, ofnum, uppþvottavélum, kæliskápum, örbylgjuofnum, helluborðum & ryksugum!

## SAMSUNG

**15% - 20% afsláttur** af þvottavélum, þurrkurum, ofnum, uppþvottavélum, kæliskápum, frystiskápum, örbylgjuofnum & helluborðum!







Vrn. HT911 434 667

**AEG** uppþvottavél, hljóðlát með Airdry tækni




Vrn. HT944 188 354

**AEG** veggofn með kjöthitamæli, Steam Bake plus og sjálfvirku hitavali




Vrn. SARZ32M7525B1/EE

**SAMSUNG** frystiskápur 185 cm & 315 l. með klakavél, 3 hillum & 4 skúffum




Vrn. SARR39M7545B1/EE

**SAMSUNG** kæliskápur 185 cm & 385 l. með loftkælikerfi og er hljóðlátur




Vrn. SARZ32M7000WW/EE

**SAMSUNG** frystiskápur 185 cm & 315 l. með No Frost, 3 hillum & 4 skúffum




Vrn. SARR39M7010WW/EE

**SAMSUNG** kæliskápur 185 cm & 385 l. með loftkælikerfi og er hljóðlátur

ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Laugardagar kl. 11-15

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á ORMSSON.IS

*SENDUM UM LAND ALLT

| ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|




LARKINHURST

Fallegt sófasett í ekta amerískum stíl. Úr jarðarlitu, þykku efni sem minnir á vintage leður, bólstraðir armar og útskornir fætur. Hannaður til að láta þér líða vel. Fæst sem 1-3ja sæta sófar en einnig sem (3ja sæta) svefnsófi. Skrautpúðar fylgja.

2ja sæta sófi: 99 x 168 x 96 cm
159.990 kr. ~~179.990 kr.~~

3ja sæta sófi: 99 x 226 x 96 cm
179.990 kr. ~~199.990 kr.~~

Hægindastóll: 101 x 109 x 101 cm
79.990 kr. ~~99.990 kr.~~

3ja sæta svefnsófi: 99 x 226 x 96 cm
249.990 kr. ~~269.990 kr.~~

ALLIR LA-Z-BOY STÓLAR OG SÓFAR Á TILBOÐI



PINNANCLE

LZB hægindastóll. Svart eða brúnt leður. Stærð: 97 x 86 x 109 cm

161.492 kr. ~~189.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

www.husgagnahollin.is
Sími: 558 1100



LÍFIÐ ER Á FRETTABLADID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tísku, heilsu og margt fleira.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook




Anna fékk meðal annars stórleikkonuna Helen Hunt í hlaðvarpið til sín. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Alþjóðlegt samfélag fyrir listamenn til að tengjast

**Anna Rósa nýtti tímann í Covid til að hrinda af stað verkefni þar sem hún fær listafólk til að tengjast og miðla þekkingu sinni. Í kringum verkefnið stofnaði hún hlaðvarp en í það kom engin önnur en Óskarsverðlaunaleikkonan Helen Hunt.**

steingerdur@frettabladid.is

Leikkonan Anna Rósa Parker er búsett í New York ásamt dóttur sinni og eiginmanni. Hún starfar einnig sem frumkvöðull, höfundur og er mikill mannréttindasinni. Hún hefur hrundið af stað verkefni sem aðstoðar fólk innan listageirans við að tengjast sín á milli og koma sé á framfæri.

„Í dag vinn ég fyrir sjálfa mig með kúnnum víða úti um heim sem auglýsingatextahöfundur og vörumerkjaráðgjafi.“

*Hafðir þú alltaf haft áhuga á leiklist?*

„Já, það má segja það. Ég held að ég hafi verið 7 ára þegar ég lék í fyrsta skólaleikritinu. En ég hafði alltaf áhuga á að skrifa líka. Ég var heltekin af Guðrúnu Helgadóttur og ég reyndi sjálf að skrifa fyndnar sögur. Sem leikkonu voru mér stundum boðin verkefni sem ég hafði engan áhuga á, en fékk svo oft ekki þau verkefni sem mig langaði í. Þannig byrjaði ég að skrifa mitt eigið efni. Ég skrifaði einleik og nokkur leikrit sem öll hafa verið framleidd á einhvern hátt. Mér finnst þetta „game“ sem tilheyrir þessu starfi sérstaklega í Bandaríkjunum mjög erfitt og leiðinlegt. Hurðir læstar og þú verður að spila ákveðinn leik til að komast inn,“ útskýrir Anna Rósa.

## Mikilvægt að fá stuðning

Anna Rósa lærði leiklist í University of Washington í Seattle.

„Sem var einn af bestu leiklistarskólum innan háskóla í Bandaríkjunum þegar ég var þar. Mér þótti áhugavert að ná mér í háskólagráðu á sama tíma og ég var í leiklistarnámi.

Það er vitað að það er mjög samkeppnishæft og erfitt að lifa af leiklist,“ segir Anna Rósa.

> Allir sem ég hef tekið viðtöl við í hlaðvarpinu mínu, þar á meðal Helen Hunt, tala um mikilvægi þess að tengjast öðrum listamönnum.

„Ég hefði viljað tilheyra einhvers konar hópi eða samfélagi eins og Artist Inclusive er.

Artist Inclusive er alþjóðlegt öruggt samfélag fyrir listamenn til að tengjast, deila hugarfari listamannsins og vinna saman. Ég fann mig bara oft eina án stuðnings. Ég held að það hafi hjálpað mér með því að vera með alls kyns listamönnum og leikstjórum í samfélagi sem er að hluta til þess vegna sem ég er að búa þetta til fyrir aðra.“

## Viss endurspeglun

*Hvernig gengur þetta fyrir sig?*

„Þetta er net-rými fyrir listamenn til að koma saman. Það er viss endurspeglun og nálgun. Listamenn geta búið til verkefni saman, sem getur síðan orðið að raunverulegri vinnu. Allir sem ég hef tekið viðtöl við í hlaðvarpinu mínu, þar á meðal Helen Hunt, tala um mikilvægi þess að tengjast öðrum listamönnum.“

*Hver er kosturinn við að mynda sterkt tengslanet og fá aðstoð frá öðrum sem hafa verið í sömu stöðu?*

„Það er mjög mikilvægt að umkringja sjálfan sig olíku fólki með sama hugarfar. Samfélagið snýst líka um ábyrgð á hugsunum þínum og gjörðum þínum. Artist Inclusive er samfélag sem hjálpar listamönnum að bera ábyrgð, skýrleika og þannig skapa sér árangur.“

Hún segir það eitt og sér mjög gefandi að geta hjálpað öðrum listamönnum að tengjast og búa til sín eigin vörumerki.

„Í lok dagsins er það um það sama og það kemur niður á hugarfar listamannsins. Það snýst um hvernig þú finnur þig í faginu og hver þú ert án starfsgreinarinnar. Þetta snýst um hvernig þú lítur á sjálfan þig. Hvernig þér líður þegar þú ert ekki með vinnu,“ segir Anna Rósa.

Hún segist hafa mikinn áhuga á að fá íslenskt listafólk með í verkefnið.

„Ég myndi elska að hafa íslenska listamenn í samfélaginu og ég myndi taka viðtal við íslenska listamenn fyrir hlaðvarpið Artist Inclusive. Það eru margir New York-búar í samfélaginu og ég veit að það gæti verið mjög skemmtilegt að búa til samstarf yfir Atlantshafið.“

## Alltaf með eitthvað í gangi

*Segðu mér frá hlaðvarpinu ykkar.*

„Hlaðvarpið er annað form til að tengja við listamenn. Við ræðum við alls konar listamenn um lífshætti þeirra og hvernig þeir stunda listina.“

*Hefur verið auðvelt að fá stjörnur til að deila sinni reynslu af bransanum?*

„Hlaðvarpið snýst ekki aðeins um að fá stjörnur, þó að Helen Hunt hafi haft næga trú á samfélaginu okkar til þess að koma í viðtal. Við tölum við alls konar listamenn, höfunda, dansara, tónlistarfólk, sjónvarps- og kvikmyndaleikara. Það er gefandi að hlusta á söguna um feril þeirra og hvernig þeir þrífast í listinni,“ segir Anna Rósa.

Anna Rósa vinnur nú að því að endurreisa eigið fyrirtæki eftir að haf misst meginþorra viðskiptavina sinna vegna heimsfaraldursins.

„Ég var að vinna með viðskiptavinum að skrifa texta í hótel- og ferðageiranum. Núna er ég að vinna með alls kyns frumkvöðlum úti um allan heim í ýmsum atvinnugreinum. Mér finnst það mjög spennandi. Ég skrifaði einnig heimildamynd um Ellen Kristjánsdóttur í heimsfaraldrinum.,“ segir hún glaðlega að lokum. ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

LYFSALINN
APÓTEK

# Hraðprófin fyrir Covid-19 fást hjá Lyfsalanum




Einföld og hraðvirk strokupróf ef þú hefur minnsta grun.
Fást í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótekinu við Vesturlandsveg

## APÓTEK LYFSALANS

**GLÆSIBÆ**
Opið virka daga 8.30 - 18.00
Sími 517 5500
glaesibaer@lyfsalinn.is

**BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG**
Opið alla daga 9.00 - 22.00
Sími 516 5500
vesturlandsvegur@lyfsalinn.is

**URÐARHVARFI**
Opið virka daga 9.00 - 17.30
Sími 516 5505
urdarhvarf@lyfsalinn.is

www.lyfsalinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**550 5000**

**RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is

**AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is

**PRENTUN** Torg ehf.

**DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is



SKANNAÐU KÓÐANN

OG SKOÐAÐU ÓTAL FRÁBÆR TILBOÐ ÚR BÆKLINGNUM OKKAR!

RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ


**Bakþankar**



Ingunnar Láru Kristjánsdóttur

## Snemmbúið skammdegisstress

Ég er á fullu við að ná fram minni bestu Farrah Fawcett-greiðslu með hárblásaranum þegar reykskynjarinn fer í gang. Til allrar lukku er hárið ekki að brenna heldur stendur reykur upp úr espressokönnunni sem ég gleymdi á eldavélinni. Engar áhyggjur, þetta er ekki svo slæmt. Kaffið smá brennt og lítið mál að þrífa kaffisletturnar á hellunni. Ég trúi ekki að ég hafi bara gleymt kaffikönnunni á heitri hellunni. Það er greinilega eitthvert stress í mér.

Fæ mér fyrsta kaffisopann með hálfa Fawcett-greiðslu, opna fartölvuna og stimpla sjálkrafa inn: ugla.hi.is inn í vafrann þrátt fyrir að hafa tekið á móti prófskírteini mínu úr fimm ára meistaranáminu í júní síðastliðnum. Ég er ekki skráð í nám, þetta er bara eitthvað ég geri sjálfkrafa, eitthvað sem ég er vön að stimpla inn að loknu sumri.

Hálfa leiðina niður stigaganginn fálma ég eftir lyklunum ... sem ég gleymdi á eldhúsborðinu. Ekkert mál, ég er nýbúin að láta mömmu fá varalykil.

Ég er greinilega eitthvað úr takti í dag. Kannski er gosmóðan og gráa veðrið á höfuðborgarsvæðinu að rugla eitthvað í mér, einhvers konar snemmbúið skammdegisstress ofan á farsóttarþreytuna gömlu góðu. Ég reyndi alveg að njóta sumarsins en þessi fjórða bylgja er algjör orkusuga. Og ég er sko barnlaus og við góða heilsu. Ég hef bara haft það gott miðað við marga.

Þessar endalausu sveiflur í lífinu hafa óneitanlega áhrif á skapið. Við opnum og lokum og slökum og herðum en svo er engin almennileg losun. Svona kaþarsis eins og eftir geggjaða leikhússýningu. Andvarpið. Guð, hvað það er langt síðan ég andvarpaði almennilega og losaði um þessa eilífðarspennu.

Hér er enginn lokapunktur. Ég bara kvíði fyrir haustinu, það er allt og sumt. ■


Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hranna r Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is


